**HÁVAR SIGURJÓNSSON LEIKRITASKÁLD**

*Hleypur hátt í 100 kílómetra á viku*

Heilsa Ferming

allt Í MIÐJU BLAÐSINS






**TRUKKAR OG TÆKI**

*Áhuginn er í genunum*

Páll Sigurgeirsson

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG






**GUNNAR BJÖRN**

*300 manns mættu í áheyrnarprufurnar*

Biðu í tvo og hálfan tíma

FÓLK 34





# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

4. apríl 2006 — 92. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


### Dáðlausir karlmenn í íslenskum kvikmyndum

Sigríður Pétursdóttir kvikmyndafræðingur veltir fyrir sér karlmennskunni á Kynjadögum Listaháskólans. Hvar eru hetjurnar á hvíta tjaldinu?



MENNING 52

### Innanlandsflug

Það er heldur ekki lögmál að flugvöllurinn fari úr Vatnsmýrinni eins og margir halda fram, segir Inga Rósa Þórðardóttir og leggur áherslu á að allir landsmenn taki þátt í umræðunni um flugvöllinn.



Í DAG 18

### Talar fyrir mörgæsir

Hilmir Snær Guðnason talar inn á hina margverðlaunuðu Ferðalag mörgæsanna en mynddiskur með myndinni er væntanlegur í vikunni.



FÓLK 34

### Hvaða lið komast áfram?

Átta liða úrslit Meistaradeildar Evrópu halda áfram í kvöld þegar tvö lið tryggja sér farseðil í undanúrslit keppninnar. AC Milan tekur á móti Lyon og Villarreal mætir hinu Mílanóliðinu, Inter.



ÍÞRÓTTIR 30

### VEÐRIÐ Í DAG




**MILT OG VÆTUSAMT** - Í dag verður yfirleitt suðvestan 5-10 m/s en hægari og suðlægari norðaustan til. Rigning eða skúrir, síst þó fyrir austan. Hiti 2-8 stig í dag en kólnandi veður á ný í nótt og á morgun.

VEÐUR 4


Íslendingar 25-54 ára

**Meðallestur á viðskiptablöð**




*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í janúar 2006.


# Ákært aftur í 19 af 32 liðum Baugsmáls

**Ákveðið hefur verið að endurútgefa 19 af 32 ákæruliðum í Baugsmálinu. Jón Ásgeir Jóhannesson, Tryggvi Jónsson og Jón Gerald Sullenberger eru ákærðir. Jón Ásgeir og Tryggvi leita réttar síns fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu.**

**BAUGSMÁL** Sigurður Tómas Magnússon, sérstakur ríkissaksóknari, hefur endurútgefið 19 af þeim 32 ákæruliðum sem Hæstiréttur vísaði frá dómi 10. október. Ákærðan verður þingfest 27. apríl næstkomandi. Þetta kemur fram í yfirlýsingu sem Hreinn Loftsson, stjórnarformaður Baugs, sendi frá sér seint í gærkvöldi.

Þeir sem eru ákærðir að þessu sinni eru Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs, Tryggvi Jónsson, fyrrverandi forstjóri, og Jón Gerald Sullenberger.

Ekki náðist í Sigurð Tómas til að fá upplýsingar um málið. Í yfirlýsingu Baugs segir: “Allir ákæruliðirnir koma fyrir í eldri útgáfu hennar, en hefur verið raðað upp með öðrum hætti. Ákæran lítur meðal annars að meintu auðgunarbroti í tengslum við kaup Baugs á 10/11 verslunum á árunum 1998 til 1999, meintum ólögmætum lánveitingum til Gaums og skyldra aðila, meintum bókhaldsbrotum og meintum auðgunarbrotum í tengslum við rekstur skemmtibáts í Flórída. Baugur Group hf lýsir yfir vonbrigðum með að ákveðið hafi verið að halda málarekstri þessum áfram,” segir í yfirlýsingunni. “Félagið hefur mátt þola mikið tjón af völdum langdreginnar rannsóknar, sem leiddi til þess eins að 32 ákæruliðum af 40 var vísað frá dómi og allir sakborningar sýknaðir af þeim 8 ákæruliðum sem komu til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur 15. mars.”

Jón Ásgeir og Tryggvi hafa ákveðið að leita réttar síns fyrir Mannréttindardómstóli Evrópu. Jón Ásgeir sendi frá sér yfirlýsingu í gærkvöldi. Í yfirlýsingunni segir Jón Ásgeir: “Hinn sérstaki saksóknari hefur hefur augljóslega ákveðið að fylgja slóð forvera síns og virða allt að vettugi, sem frá mér hefur komið.

Orð dómsmálaráðherra um að dómstólar skyldu hafa síðasta orðið í málinu, hafa nú fengið merkingu í reynd enda ljóst að hinn sérstaki saksóknari hefur fengið skýr skilaboð til framkvæmda. Hinn sérstaki saksóknari tók greinilega ekki að sér það verkefni að kanna hvort gefa ætti út nýjar ákærur, heldur að ákæra, með aðstoð og fulltingi undirmanns Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra.” - th



**TILLITSLEYSI Í UMFERÐINNI** Eins og allir vita er betra að fara varlega í umferðinni og eins og þessar nunnur komust að í Miðtúni í Reykjavík í gær á það ekki síst við um gangandi vegfarendur. Það er ekki einu sinni trygging að ganga á guðs vegum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ráðherra segir frumvarp um Nýsköpunarmiðstöð ekki trufla byggðaáætlun:

# Ekki sprengt neitt í loft upp

**STJÓRNMÁL** Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra kveðst vongóð um að frumvarp um Nýsköpunarmiðstöð Íslands verði að lögum á yfirstandandi þingi, en þinghaldi lýkur eftir fjórar vikur.

Þingmenn Sjálfstæðisflokksins í iðnaðarnefnd Alþingis styðja ekki frumvarp Valgerðar um sameiningu Byggðastofnunar, Iðntæknistofnunar og Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins undir merkjum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.

Jóhann Ársælsson, Samfylkingunni, sagði á Alþingi í gær að byggðamálin væru í uppnámi af völdum iðnaðarráðherra. Hann spurði hvort hún hygðist enn ætla að láta reyna á þverpólitíska samstöðu um endurskoðun byggðaáætlunar.



**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR RÁÐHERRA BYGGÐAMÁLA** „Ég kannast ekki við að hafa verið að sprengja neitt í loft upp.“

Valgerður kvaðst ekki telja að vinna að byggðaáætlun þyrfti að truflast vegna frumvarpsins. „Ég kannast ekki við að hafa verið að sprengja í loft upp þótt svo að ég kæmi á framfæri við þjóðina þeim hugmyndum sem uppi eru í sambandi við breytingar á atvinnuþróunarumhverfinu,“ segir Valgerður, en hún ætlar að bjóða þingmönnum sérstaka kynningu á málinu.

Jóhann lýsti andstöðu við að blanda verkefnum Byggðstofnunar saman við verkefni þeirra stofnana sem sameina ætti henni.

Valgerður sagði í samtali við Fréttablaðið að ekkert væri í uppnámi. Margir fundir fulltrúa stjórnarflokkanna hefðu verið haldnir um málið og í frumvarpinu ætti ekki að vera neitt sem sjálfstæðismenn gætu ekki sætt sig við. - jh



**ALLT Á FLOTI** Tékkneskur maður bíður við strætisvagnastoppistöð í Sobeslav í Suður-Bæheimi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mikil flóð í Evrópu:

# Neyðarástand í Tékklandi

**TÉKKLAND, AP** Yfirvöld lýstu yfir neyðarástandi í sjö af fjórtán héruðum Tékklands í gær vegna gríðarlegra flóða í ám landsins og nágrannalandanna.

Flóðin, sem hófust í síðustu viku, eru til komin vegna mikilla leysinga í tékknesku fjöllunum, sem og miklum rigningum í Evrópu undanfarið. Flóðanna gætir í Tékklandi, Póllandi, Ungverjalandi, Austurríki og Slóvakíu. Hundruð manna hafa neyðst til að yfirgefa heimili sín, en flætt hefur inn í þúsundir húsa meðfram árbökkum á svæðinu. - smk

Norðurál flýtir stækkun.

# Flýtir fyrir álveri Helguvík

**ÁLVER** Tekin hefur verið ákvörðun um að flýta stækkun álversins í Grundartanga um ár og fer framleiðslugeta álversins úr 220 þúsund tonnum í 260 þúsund tonn á ári. Stækkuninni á að ljúka í lok ársins 2007.

Samið hefur verið við Landsvirkjun um að veita tímabundið umframorku eða þar til Orkuveita Reykjavíkur tekur við.

Að sögn forsvarsmanna Norðuráls var ákvörunin tekin að beiðni sveitarstjórnarmanna á Suðurnesjum til að greiða fyrir þeim mögu leika að flýta framkvæmdum við álver í Helguvík, auk hagkvæmnisástæðna. - óká


NEW HOLLAND KOBELCO

Minigröfur



STURLAUGUR & CO

Fiskislóð 14 • Sími: 551 4680



## SPURNING DAGSINS

*Jóhanna, eruð þið nokkuð farnar að finna fyrir fuglaflensunni?*

„Nei, hún leggst ekki á lögreglukonur.“

Jóhanna Heiða Gestsdóttir, lögreglukona á Akranesi, er formaður Kríanna, hagsmunafélags lögreglukvenna.

Utanríkisráðherrar Bretlands og Bandaríkjanna:

# Þrýsta á um stjórnarmyndun í Írak

**ÍRAK, AP** Utanríkisráðherrar Bretlands og Bandaríkjanna hvöttu Íraka í gær til að mynda starfhæfa ríkisstjórn sem fyrst, og sögðu nýjan forsætisráðherra landsins verða að sýna styrk.

Condolezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, og Jack Straw, utanríkisráðherra Bretlands, komu í óvænta tveggja daga heimsókn til Íraks á sunnudag í þeim tilgangi að þrýsta á Íraka að mynda starfhæfa ríkisstjórn, ná föstum tökum á uppreisnarmönnum og bæla niður ofbeldisölduna sem geisar í landinu. Þau Rice og Straw funduðu með Jalal Talabani forseta og Ibrahim al-Jaafari, forsætisráðherra Íraks. Rice sagði næsta forsætisráðherra landsins verða að vera sterkan leiðtoga sem gæti sameinað sundraða þjóð, og leiddu fréttaskýrendur getgátur að því að með þeim orðum ætti hún ekki við al-Jaafari, því mikil óeining hefur ríkt meðal Íraka um endurkjör hans.



**RICE OG STRAW** Bandaríski utanríkisráðherrann, Condoleezza Rice (t.v.), og breski starfsbróðir hennar, Jack Straw, í Írak í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þingkosningar fóru fram í landinu í desember en erfiðlega hefur gengið að mynda starfhæfa ríkisstjórn og hefur landið lengi rambað á barmi borgarastyrjaldar. **- smk**

Dæmdur fyrir ölvunarakstur:

# Mundi ekkert eftir akstrinum

**DÓMSMÁL** Karlmaður á þrítugsaldri var fyrir skömmu dæmdur í Héraðsdómi Vestfjarða til þess að greiða 270 þúsund króna sekt, auk þriggja ára sviptingar á ökuleyfi, fyrir að hafa keyrt á ofsahraða undir áhrifum áfengis.

Í júlí árið 2003 stöðvaði lögregla manninn á Patreksfirði en hann hafði skömmu áður mælst á 192 kílómetra hraða á klukkustund. Ökuferð mannsins lauk í Trostansfirði en lögreglan kom að manninum þar sofandi í aftursæti bílsins. Fyrir dómi bar maðurinn fyrir sig minnisleysi en sagðist ekkert muna hvort hann hefði keyrt bílinn eða ekki. **- mh**



**TOMMASO ONOFRI** Drengur sem fannst myrtur á Ítalíu, en honum var rænt heiman frá sér fyrir mánuði. NORDICPHOTOS/AFP

Ítalir harmi slegnir:

# Ræningjar myrtu dreng

**ÍTALÍA, AP** Hópur ítalskra stjórnmálamanna og óbreyttra borgara kallar eftir endurvakningu dauðarefsingar í landinu eftir að lík sautján mánaða gamals drengs, sem rænt var af heimili sínu í byrjun mars, fannst á laugardag. Ítalskir fjölmiðlar herma að ræningjarnir hafi myrt barnið með skóflu innan við klukkutíma eftir mannránið, því það hætti ekki að gráta.

Einn hinna grunuðu leiddi lögreglu að líki Tommaso Onofri á laugardag. Þrír karlmenn og ein kona hafa verið handtekin í tenglsum við málið, en mennirnir unnu að viðgerðum á heimili Onofri-fjölskyldunnar.

Málið hefur vakið gífurlega athygli á Ítalíu og hafa yfirvöld hótað að láta handtaka alla opinbera starfsmenn sem leka upplýsingum til fjölmiðla. **- smk**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Teppi í ljósum logum** Kveikt var í teppi á stigagangi í fjölbýlishúsi að Barðastíg í Reykjavík aðfaranótt mánudags. Íbúum tókst að slökkva eldinn áður en lögregla og slökkvilið komu á vettvang. Lögreglan rannsakar nú málið en ekki er vitað hver var að verki.

**Eldur í Grafarvogi** Kveikt var í sinu í Grafarvogi um eittleytið aðfaranótt mánudags. Lögregla og slökkvilið komu fljótt á vettvang og tókst að slökkva eldinn á skömmum tíma. Ekki var mikil hætta á ferðum en sinueldar hafa verið tíðir á höfuðborgarsvæðinu undanfarnar vikur.

# Lést þegar grafa valt við Desjarárstíflu

**Maður lést þegar grafa sem hann var að vinna á við Kárahnjúka valt á sunnudagskvöld. Þetta er þriðja banaslysið sem verður á svæðinu. Öryggismálin á svæðinu eru í sífelldri endurskoðun, segir forstjóri Vinnueftirlitsins.**

**BANASLYS** Starfsmaður verktakafyrirtækisins Suðurverks lést í vinnuslysi við Desjarárstíflu, á framkvæmdasvæðinu við Kárahnjúka, á sunnudagskvöld.

Maðurinn, sem var þrjátíu og þriggja ára gamall, var að vinna á gröfu í grjótnámu við stífluvegginn þegar grafan valt. Hús gröfunnar lenti á bjargi með þeim afleiðingum að tækjamaðurinn lést samstundis.

Sigurður Arnalds, upplýsingafulltrúi Kárahnjúkavirkjunar, segir slysið vera áfall fyrir alla þá sem vinna á Kárahnjúkasvæðinu en stutt er síðan 26 ára gamall starfsmaður Arnarfells lést við vinnu í aðgöngum fjögur. „Þetta er mikið áfall. Suðurverk hefur staðið sig afar vel í öryggismálum. Lögregla og vinnueftirlit ríkisins vinna nú í sameiningu að rannsókn málsins.“

Vinna lá niðri á svæðinu í gær á meðan rannsókn á vettvangi stóð yfir.

Óskar Bjartmarz, yfirlögregluþjónn á Egilsstöðum, stýrir rannsókn málsins fyrir hönd lögreglunnar á Egilsstöðum en rannsókn á vettvangi lauk í gær. „Ekkert bendir til þess að um glannaskap hafi verið að ræða, auk þess sem öryggi á svæðinu virðist hafa verið í eðlilegu horfi þegar slysið varð.“

Presturinn á Valþjófsstað, séra Lára Oddsdóttir, átti bænastund með samstarfsmönnum mannsins á svæðinu í gærmorgun en hún fór fram í Egilsstaðakirkju. Hjúkrunarfræðingar veittu þeim sem vildu áfallahjálp.

Eyjólfur Sæmundsson, forstjóri Vinnueftirlits ríkisins, segir þegar vera hafið ferli sem miði að því að endurskoða öryggismál á vinnusvæðinu öllu. Öryggismál hafa verið í sífelldri endurskoðun á svæðinu frá því framkvæmdirnar hófust. „Við munum fara ofan í hvert smáatriði sem tengist þessu slysi. Það hefur verið vilji allra sem að þessari framkvæmd koma að framfylgja öllum öryggisreglum mjög stranglega og helst betur en gert hefur verið í löndunum í kringum okkur.“

**magnush@frettabladid.is**



**FRÁ KÁRAHNJÚKASVÆÐINU** Aðstæður á vinnusvæðinu við Kárahnjúka geta oft verið erfiðar en tvö banaslys hafa orðið við Desjarárstíflu með skömmu millibili. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM






**ELDUR Í ÍBÚÐARHÚSI** Húsið var alelda þegar slökkvilið kom á vettvang.

Íbúðarhús brann í Fnjóskadal:

# Stóð fljótt í ljósum logum

**BRUNI** Íbúðarhús á Hallgilsstöðum í Fnjóskadal brann í gær en lögreglan á Húsavík fékk tilkynningu um brunann um klukkan fimmtán mínútur yfir fjögur.

Slökkvilið Þingeyjarsveitar og Akureyrar voru send á vettvang og voru þau komin að Hallgilsstöðum 26 mínútum eftir að tilkynning um eldinn barst.

Húsið var alelda þegar slökkviliðin komu á vettvang en slökkvistarf gekk vel.

Engin slys urðu á fólki en hjón á miðjum aldri sem bjuggu í húsinu voru ekki heima þegar eldurinn kviknaði. **- mh**

Árekstur á Laugarvatnsvegi:

# Bílstjóri með hálsáverka

**ÁREKSTUR** Vörubílstjóri var lagður inn á Landspítala - háskólasjúkrahús eftir árekstur við sendiferðabíl á Laugarvatnsvegi nálægt Apavatni. Hann er með hálsáverka og er líðan hans eftir atvikum góð að sögn vakthafandi læknis. Bílstjóri sendiferðabílsins er talinn hafa handleggsbrotnað.

Að sögn lögreglu eru tildrög slyssins ekki ljós en bílarnir rákust saman með þeim afleiðingum að þeir lentu báðir utan vegar. Vörubíllinn lagðist á hliðina og klippa þurfti stýrishús bílsins til að ná manninum út. Engir farþegar voru í bílunum tveimur. **- shá**


**BÍLL DAGSINS**
**HONDA ACCORD**
Nýskr 08.96 - Sjálfskiptur - Ekinn 135 þús km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00 og laugardaga kl. 12:00 -16:00.


Starfsmenn barna- og unglingageðdeildar lögðu sig í hættu og björguðu stúlku:

# Kveikti í og fékk reykeitrun

**LÖGREGLA** Þrír starfsmenn barna- og unglingageðdeildar Landspítalans lögðu sig í hættu og tveir þeirra fengu snert af reykeitrun þegar þeir björguðu unglingsstúlku sem kveikt hafði í rusli á salerni í kjallara deildarinnar í gærmorgun. Stúlkan var flutt á slysadeild með reykeitrun en er á batavegi.

Skemmdir í kjallaranum, þar sem meðferðarstarfið fer fram, urðu ekki miklar en reykurinn hamlaði því að hægt var að fara í kjallarann næstu tvær klukkustundir eftir að slökkviliðið slökkti eldinn.

Ólafur Ó. Guðmundsson, yfirlæknir á barna- og unglingageðdeildinni, segir að brunavarnarkerfi hafi farið í gang: „Síðan kom fljótlega í ljós að mikill reykur var í kjallaranum þannig að fólk dreif sig út. Tveir starfsmenn og læknanemi fóru niður til að athuga með viðkomandi og gátu bjargað honum út úr reyknum.“



**VIÐ SLÖKKVISTARFIÐ** Tilkynnt var um eldinn klukkan tíu í gærmorgun. Eldurinn var skjótt slökktur en reykur var mikill og fólk streymdi út úr húsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ólafur segir að skemmdir séu litlar utan reyks og sóts. „Eldsupptök voru strax ljós og málið fékk farsælan endi.“ Starfsemin gangi sinn vanagang strax í dag.

Lögreglan rannsakar málið. Um 25 börn gista á deildinni og 6.000 komur eru skráðar þar á ári. **- gag**


„ÆTLI ÉG EIGI FYRIR
ÞESSUM GRÆNU?“
NÆSTA SKÓBÚÐ 51 M
KASSI 2 M
GLITNIR 43 CM
STYSTA LEIÐIN Í BANKANN
Fjárhagsleg velgengni byggist á að vita alltaf hver staðan er
Með Glitni í símanum þínum tryggir þú þér stystu leiðina í bankann.
Glitnir í símanum veitir þér aðgang að öllum helstu fjármálaupplýsingum sem þú þarft. Þar sérð þú stöðuna á reikningunum þínum, helstu kauphallarupplýsingar og gengi gjaldmiðla.
Og þú getur líka millifært, greitt reikninga eða fyllt á GSM frelsi.
Farðu á glitnir.is og kynntu þér hvernig þú færð Glitni í símann.
GLITNIR
m.glitnir.is
NETBANKI GLITNIS
Í SÍMANUM ÞÍNUM
nánari upplýsingar á glitnir.is
GLITNIR
Reikningsyfirlit Yfirlit skuldabréfa Millifærslur Greiðsla reikninga
Áfylling á GSM frelsi Upplýsingar um gengi Kauphallarupplýsingar o.fl.
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 3.4.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 72,75 | 73,09 |
| Sterlingspund | 125,75 | 126,37 |
| Evra | 87,72 | 88,22 |
| Dönsk króna | 11,754 | 11,822 |
| Norsk króna | 11,062 | 11,128 |
| Sænsk króna | 9,3 | 9,354 |
| Japanskt jen | 0,6144 | 0,618 |
| SDR | 104,56 | 105,18 |

*Gengisvísitala krónunnar*

122,6043

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Taílenski forsætisráðherrann lýsir yfir kosningasigri en býður sáttaleið:

# Thaksin leitar sátta

**TAÍLAND, AP** Thaksin Shinawatra, forsætisráðherra Taílands, tilkynnti í gær að flokkur hans hefði fengið yfir helming atkvæða í þingkosningum sem fram fóru um helgina. Stjórnarandstæðingar, sem saka Thaksin um spillingu og misbeitingu valds, höfðu hvatt kjósendur til að sniðganga kosningarnar. Yfirkjörstjórn hafði ekki birt opinber úrslit talningar þegar Thaksin lýsti yfir sigri, en um þrjár milljónir greiddra atkvæða voru ógildar þar sem á kjörseðlana voru rituð slagorð gegn forsætisráðherranum.



**THAKSIN SHINAWATRA** Stuðningsmenn forsætisráðherrans hlaða á hann blómum er hann mætir í sjónvarpsspjall. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Thaksin boðaði kosningarnar þótt þrjú ár væru eftir af kjörtímabilinu í því yfirlýsta augnamiði að fá endurnýjað umboð kjósenda til að vera áfram við stjórnvölinn. Hann taldi því marki náð með niðurstöðunni, en bauðst jafnframt til að segja af sér ef hlutlaus sáttanefnd bæði hann um það. Sáttanefndina bauðst hann til að skipa til að binda enda á margra vikna togstreitu sem lamað hefur stjórnmál landsins að miklu leyti.

Samkvæmt tillögu Thaksins myndu þrír fyrrverandi forsætisráðherrar, þrír fyrrverandi forsetar hæstaréttar landsins og þrír fyrrverandi þingforsetar sitja í sáttanefndinni.

365 Media Scandinavia A/S:

# Sven Dam ráðinn forstjóri

**FJÖLMIÐLAR** Sven Dam var skipaður forstjóri og varastjórnarformaður 365 Media Scandinavia A/S á sunnudaginn. Félagið er í eigu Dagsbrúnar hf. og mun Dam bera ábyrgð á uppbyggingu fjölmiðlastarfsemi 365 Media Scandinavia A/S í Danmörku samhliða því að kanna ný viðskiptatækifæri á sviði fjölmiðlunar á Norðurlöndunum.

Dam hefur mikla reynslu af starfi á fjölmiðlum og stjórnun fyrirtækja á dönskum og alþjóðlegum mörkuðum, svo sem Jyllands-Posten og Metro International. Fyrsta verkefni hans verður að koma á fót daglegu fríblaði í Danmörku svipuðu Fréttablaðinu. - sdg

Kosningar á Ítalíu:

# Síðustu kappræðurnar

**ÍTALÍA, AP** Ítalski forsætisráðherrann, Silvio Berlusconi, barðist fyrir pólitísku lífi sínu í ítölsku sjónvarpi í gær í lokakappræðum fyrir þingkosningarnar á sunnudag og mánudag.

Helsti mótframbjóðandi hans, Romano Prodi, sem leiðir Miðvinstriflokkinn, hvatti til samheldni meðal Ítala í kappræðunum og lofaði að endurvekja alvöru í ítölskum stjórnmálum, á meðan Berlusconi útlistaði muninn á sínum kosningaloforðum og loforðum Prodis. Berlusconi hefur setið í forsætisráðherrastóli síðan árið 2001 og sýna nýjustu skoðanakannanir að Prodi hafi örlítið meira fylgi en Berlusconi. - smk



**HLUTI ÍSLENSKU NEFNDARINNAR** Fjórir úr íslensku sendinefndinni funduðu með þeim helstu úr bandarísku nefndinni á fimmtudag.

Viðræður við Bandaríkin:

# Óskir og kröfur óuppgefnar

**VARNARMÁL** Utanríkismálanefnd hefur ekki verið kölluð saman vegna varnarviðræðnanna við Bandaríkjamenn. Samninganefndinar hittust fyrir helgi

Ragnheiður Elín Árnadóttir, aðstoðarmaður utanríkisráðherra og nefndarmaður, segir óskir og kröfur íslensku samninganfendarinnar ekki verða gefnar upp að svo stöddu. Hún segir utanríkisráðherra, Geir H. Haarde, upplýsa þingheim um stöðu viðræðnanna í skýrslu sinni á fimmtudag. - gag



**HRAFNISTA Í REYKJAVÍK** Tveggja daga setuverkfall er framundan og fyrirsjáanlegt er að fjöldi starfsfólks mun segja upp ef aðgerðirnar skila ekki árangri. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Starfsmenn ætla í setuverkfall og hóta uppsögnum

**Fjöldi starfsmanna á dvalarheimilum ætlar að segja upp ef aðgerðir nú skila ekki árangri. Ráðherrar vísa hver á annan og segja ekkert hægt að gera. Starfsgreinasambandið vill fund með heilbrigðisráðherra.**

**KJARAMÁL** Hópuppsagnir hjá ófaglærðu starfsfólki á dvalarheimilum eru fyrirsjáanlegar ef launamunur þeirra og starfsfólks sem vinnur sömu störf á vegum Reykjavíkurborgar verður ekki jafnaður hið fyrsta. Starfsfólkið fór í setuverkfall í síðustu viku til að vekja athygli á kjarabaráttu sinni og ætlar nú í tveggja sólarhringa setuverkfall næstkomandi fimmtudag og föstudag.



**ÁLFHEIÐUR BJARNADÓTTIR**

Verkföllin ná til 900 starfsmanna hjá Hrafnistu í Reykjavík og Hafnarfirði, Vífilstöðum, Víðinesi og á Dvalarheimilum á Grund, Ási í Hveragerði, Sunnuhlíð og Skógarbæ. Byrjunarlaun á dvalarheimilum eru rúmar 100.000 krónur.

Álfheiður Bjarnadóttir, talsmaður starfsfólks á Hrafnistu í Reykjavík, segir að stjórnvöld hafi ekki sýnt málinu neinn áhuga og ekkert hafi verið rætt við starfsfólkið. „Okkur finnst stjórnvöld sýna mikla lítilsvirðingu og tómlæti því það er látið eins og við séum ekki til.“ Stjórnendur heimilanna eru ósáttir við fyrirhuguð verkföll, segir Álfhildur, og reynt verður að fá aðstandendur vistmanna til starfa dagana sem verkföllin standa. „Við erum ekki ósátt við þá ákvörðun og vonum að fólk öðlist betri skilning á störfum okkar. Þau eru bæði líkamlega og andlega erfið.“

Álfheiður telur að ef aðgerðirnir hafi ekki tilætluð áhrif sé ljóst að fjöldauppsagnir verði á næstu vikum. Starfsgreinasamband Íslands hefur beðið um fund með heilbrigðisráðherra vegna flótta fólks úr umönnunarstörfum og hafa nú þegar fundað með fjármálaráðherra.

Sveinn H. Skúlason, forstjóri Hrafnistuheimilanna, segir daggjöld til stofnunarinnar ákvörðuð einhliða af fjármálaráðherra og laun starfsfólks ákvarðist af þeim. Það sé því rangt hjá fjármálaráðherra að um launadeilu milli atvinnurekenda og launafólks sé að ræða. „Við höfum margbent á að gjöldin séu of lág og við höfum aldrei fengið að vita hvernig daggjöldin eru ákvörðuð.“



**ÍBÚAR HRAFNISTU** Reynt verður að fá aðstandendur til starfa í verkfallinu.

Aðeins eitt dvalarheimili fyrir aldraða, Sóltún, hefur nákvæman þjónustusamning við ríkið um öldrunarþjónustu. Sveinn hefur óskað eftir að fá eins samning því litið sé til hans á allan hátt sem fyrirmyndar. „Ríkið hefur aftur á móti ekki viljað semja við okkur á þeim forsendum.“ svavar@frettabladid.is

Félag hjúkrunarfræðinga:

## Virða skal fagleg sjónarmið

Hjúkrunarforstjórar Hrafnistuheimilanna og St. Jósefsspítala hafa sagt upp störfum sínum og Félag hjúkrunarfræðinga harmar uppsagnirnar og hefur sent heilbrigðisráðherra bréf vegna málsins.



**ELSA B. FRIÐFINNSDÓTTIR**

Félagið gagnrýnir að víða séu mun færri hjúkrunarfræðingar á vakt á hverjum tíma en landlæknisembættið telji eðlilegt. Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður Félags hjúkrunarfræðinga, segir að hjúkrun sé þungamiðja þjónustu við aldraða og því mikilvægt að til þeirra starfa ráðist hæft og vel menntað fólk og tekið sé tillit til faglegra sjónarmiða þess.


# Fróðleiksmolar í Pakkhúsinu

**Sjálfbær þróun**

Lykill að betri framtíð samfélaga?

Miðvikudaginn 5. apríl mun Guðjón Ingi Eggertsson, verkefnisstjóri Staðardagskrár 21 hjá Hafnarfjarðarbæ, halda fyrirlestur um sjálfbæra þróun og hvaða þættir eru taldir einkenna samfélög sem vinna að sjálfbærri þróun. Fyrirlesturinn er liður í fyrirlestrarröðinni “Fróðleiksmolar úr Pakkhúsinu” sem er á vegum Byggðasafns Hafnarfjarðar.

Fyrirlesturinn verður haldinn í Byggðasafni Hafnarfjarðar, Vesturgötu 8, og hefst klukkan 17:15.

HAFNARFJÖRÐUR


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**STUTT GAMAN** Mildur dagur í veðrinu í dag. En þetta verður stutt gaman að þessu sinni því strax í nótt og á morgun frystir á ný víða um land, síst þó allra syðst. Það ljóta við þetta allt saman er að norðan hvassviðri eða stormur er í kortunum fyrir fimmtudaginn með töluverðri ofankomu nyrðra og skafrenningi. Vart á mikil snjóalög bætandi!!!

**HÖFUÐBORGIN Í DAG** Suðvestan 5-8 m/s. Rigning með köflum. Hiti 3-6 stig í dag en kólnar nokkuð í nótt.




10-15 m/s norðan og austan til, annars hægari.

Hvassviðri eða stormur norðan til, annars eitthvað hægari.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 5°C skýjað/skúrir | París | 12°C léttskýjað | Torrevieja | 23°C heiðskírt |
| Osló | 4°C léttskýjað | Berlín | 9°C léttskýjað | Mílano | 18°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 4°C léttskýjað | Frankfurt | 9°C léttskýjað | New York | 7°C skýjað/skúr |
| Helsinki | 1°C léttskýjað | Madríd | 23°C heiðskírt | San Francisco | 15°C skýjað |
| London | 10°C léttskýjað | Barcelona | 18°C léttskýjað | Orlando/Flórída | 28°C léttskýjað |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# VELFERÐ UMHVERFI NÝSKÖPUN

**ÞAU SKIPA SEX EFSTU SÆTIN Á F-LISTA FRJÁLSLYNDRA OG ÓHÁÐRA TIL BORGARSTJÓRNARKOSNINGA Í VOR**




1. Ólafur F. Magnússon, læknir og borgarfulltrúi
2. Margrét K. Sverrisdóttir, framkvæmdastjóri og varaborgarfulltrúi
3. Guðrún Ásmundsdóttir, leikkona, leikstjóri og leikritahöfundur
4. Ásta Þorleifsdóttir, verkefnastjóri og ráðgjafi
5. Anna Sigríður Ólafsdóttir, doktor í næringarfræði
6. Kjartan Eggertsson, skólastjóri Tónskóla Hörpunnar

**Fjölgun hjúkrunarrýma og efling heimaþjónustu fyrir aldraða**

**Flugvöllinn áfram í Vatnsmýrinni**

**19. aldar götumynd Laugavegarins verði varðveitt**

**Orkuveitan og Landsvirkjun verði áfram í eigu almennings**

**Heilsdagsskóli með máltíðum, íþróttum, list og verknámi frá upphafi skólagöngu**

**Efling atvinnulífs og þekkingariðnaðar í borginni**

**Frítt í strætó fyrir börn, unglinga, aldraða og öryrkja**

**Styrking stofnbrauta og Sundabraut í sátt við íbúana**

**Átak í ferli- og aðgengismálum fatlaðra**

**Sýnilegri löggæsla í hverfum borgarinnar**

**Verndun óspilltrar náttúru í borginni**

**Aukin þátttaka íbúa í stjórnun borgarinnar**

**Fjölgun lóða án útboðs**

ODDI VOA 6216

Kosningaskrifstofa Aðalstræti 9, s. 552 2600 • flistinn@xf.is • www.f-listinn.is

FRJÁLSLYNDIR OG ÓHÁÐIR



## KJÖRKASSINN

*Hefur þú skipt um símafyrirtæki síðasta árið?*

| | |
|---|---|
| Já | 26% |
| Nei | 74% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Finnst þér rétt að leggja Kvikmyndaskoðun niður?*

Segðu þína skoðun á vísir.is

vísir

Kínverjar semja um úrankaup af Áströlum:

# Samningar tryggi friðsamleg not

**ÁSTRALÍA, AP** Utanríkisráðherrar Ástralíu og Kína undirrituðu í gær samninga sem ryðja brautina fyrir því að Ástralar selji Kínverjum úran, eingöngu þó til friðsamlegrar raforkuframleiðslu.

Ráðherrarnir, Alexander Downer og Li Zhaoxing, skrifuðu undir tvenna samninga við athöfn í Canberra, en þeim er ætlað að tryggja að ráðamenn í Kína noti ástralskt úran ekki til kjarnorkuvopnaframleiðslu.

Kínverjar höfðu lengi sótt það fast að ná samningum um úrankaup við Ástrala, en í Ástralíu er um fjörutíu prósent allra þekktra úranbirgða heims að finna.



**HOWARD OG WEN** Forsætisráðherrar Ástralíu og Kína, John Howard og Wen Jiabao, á blaðamannafundi í Canberra. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ástralar neita að selja löndum úran sem ekki eru aðilar að alþjóðasamningnum gegn útbreiðslu kjarnorkuvopna. Hátt í tveggja ára bið kvað þó vera á því að ástralskt úran taki að berast til Kína. Samningarnir voru innsiglaðir í opinberri heimsókn kínverska forsætisráðherrans Wen Jiabao. Átján ár eru síðan forsætisráðherra Kína heimsótti Ástralíu síðast. - aa

Smyglari í gæsluvarðhaldi:

# Í gæsluvarðhaldi til 3. maí

**FÍKNIEFNAMÁL** Mikael Már Pálsson var í gær úrskurðaður í áframhaldandi gæsluvarðhald til 3. maí. Hann var handtekinn ásamt kærustu sinni á Keflavíkurflugvelli við komu frá París í byrjun febrúar eftir að rúmlega þrjú kíló af amfetamíni fundust í fórum hans. Fíkniefnin voru falin í fölskum botni í ferðatösku.

Mikael og kærasta hans, sem nú hefur verið sleppt þar sem sannað þykir að hún hafi ekki átt aðild að smyglinu, höfðu dvalið í París í nokkra daga en talið er að amfetamínið hafi verið keypt í Amsterdam. - mh

Úrskurður Kjaradóms:

# Mál dómara gegn ríkinu

**DÓMSMÁL** Mál Guðjóns St. Marteinssonar, héraðsdómara við Héraðsdóm Reykjavíkur, gegn íslenska ríkinu verður þingfest síðar í vikunni. Guðjón ákvað að höfða mál þegar úrskurður Kjaradóms um laun stjórnmála- og embættismanna var numinn úr gildi með lögum.

Guðjón krefst þess að fá laun greidd samkvæmt úrskurði Kjaradóms eins og hann var áður en hann var numinn úr gildi með lögum. Enn er óvíst hver viðbrögð Dómarafélags Íslands verða við dóminum. - sdg



**VÉLIN EFTIR NAUÐLENDINGUNA** Lögreglan kom fljótt á vettvang eftir að flugvélin nauðlenti en þeir þrír sem í vélinni voru slösuðust ekki. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Rannsóknarnefnd flugslysa:

# Skoða orsakir nauðlendingar

**NAUÐLENDING** Rannsóknarnefnd flugslysa rannsakar nú hvers vegna eins hreyfils flugvél af gerðinni Cherokee þurfti að nauðlenda á túni við bæinn Víði í Mosfellsdal um hálfníuleytið á sunnudagskvöld.

Flugvélin varð vélarvana í um þúsund metra hæð frá jörðu og þurfti flugmaðurinn að svífa vélinni til jarðar. Lendingin heppnaðist ágætlega miðað við aðstæður og sluppu flugmaður og tveir farþegar ómeiddir.

Þrátt fyrir mikinn viðbúnað björgunarliðs reyndist nauðlendingin ekki vera alvarlegt flugslys, eins og talið var í fyrstu. - mh



**BARIST VIÐ ELDANA** Slökkvilið og bændur börðust við eldana við mjög erfiðar aðstæður og margir unnu hvíldarlítið sólarhringum saman. Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur sent frá sér tilkynningu til að koma þökkum sínum á framfæri. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Slökkvistarfið á Mýrum gagnrýnt

**Aldrei í Íslandssögunni hefur brunnið jafnmikið land í sinueldum. Einstakir þættir slökkvistarfsins eru gagnrýndir og því haldið fram að vöktun og heildarstjórnun hafi brugðist. Slökkviliðsstjóri segir gagnrýnina ekki svaraverða.**

**SINUELDAR** Unnsteinn Jóhannsson, bóndi í Laxárholti á Mýrum, gagnrýnir slökkvistarfið þegar sinueldarnir geisuðu í Borgarfirði. „Það var ekki hægt að gera meira en gert var á fimmtudeginum en viðbrögð voru of sein eftir það. Að það skyldi til dæmis kvikna í aftur á laugardeginum er mjög gagnrýnivert. Það var engin vöktun þá í gangi og slökkviliðið kom ekki fyrr en tveimur klukkustundum eftir að eldurinn náði sér upp aftur. Það má því segja að heildarstjórnunin hafi engin verið.“

Bjarni Þorsteinsson, slökkviliðsstjóri í Borgarnesi, segir gagnrýnina ekki svaraverða en vildi koma á framfæri miklu þakklæti til allra sem tóku þátt í slökkvistarfinu. Ekki er búið að meta kostnaðinn við aðgerðirnar en Bjarni segir hann hlaupa á milljónum. Honum finnst það þó ekki skipta máli heldur horfir eingöngu til þeirrar staðreyndar að allir hafi sloppið heilir og tekist hafi að verja öll þau mannvirki sem í hættu voru nema girðingar. Mýrarnar voru vaktaðar allt þar til tók að snjóa í gær og Bjarni lítur svo á að slökkvistörfum sé lokið og málinu hefur verið vísað til lögreglu.

Fundur verður haldinn á næstunni með öllum sem komu að málinu og slökkvistarfið metið. Þá verður krufið hvað læra megi af atburði sem þessum komi sama staða upp aftur.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur staðfest að 67 ferkílómetrar brunnu í sinueldunum. Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra hefur falið stofnuninni að annast úttekt á þeim gróður- og dýralífsskaða sem sinueldarnir ollu. Hún segir að út frá umhverfissjónarmiðum sé tjónið mikið. Starfsmenn Náttúrufræðistofnunar voru við rannsóknir á Mýrum í gær og í framhaldi af þeirri vinnu verður gerð rannsóknaráætlun. Sigurður Magnússon gróðurvistfræðingur segir að rannsóknirnar muni taka nokkur ár ef að líkum lætur.

Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra fór upp á Mýrar í gær til að skoða afleiðingar sinubrunans. Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra sagði á Alþingi í gær að um væri að ræða atburð sem menn hefðu almennt ekki gert ráð fyrir að gæti gerst hér og eðlilegt og nauðsynlegt væri að fara yfir málið í ljósi nýfenginnar reynslu.

svavar@frettabladid.is

Lögreglurannsókn á lokastigi:

# Ákærðir fyrir peningafölsun

**LÖGREGLA** Rannsókn á peningasvindli tveggja Nígeríumanna og Íslendinga er á lokastigi. Eyjólfur Kristjánsson, fulltrúi Sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli, væntir þess að ákæra verði gefin út í vikunni.

Nígeríumennirnir voru teknir í Leifsstöð með 100.000 evrur, jafngildi 8,4 milljóna króna, á leið úr landi 17. mars, en þeir komu til landsins deginum áður og höfðu þá verið tekin af þeim efni og tól til peningafölsunar. Mennirnir voru úrskurðaðir í viku gæsluvarðhald og það svo framlengt. Annar mannanna áfrýjaði úrskurðinum til Hæstaréttar, sem staðfesti úrskurðinn. Hinn 23. mars voru tveir Íslendingar handteknir í tengslum við málið. Nígeríumennirnir eru taldir hafa platað þá í fjármálum, auk þess sem Íslendingarnir eru grunaðir um ólögmæt viðskipti. - gag



**ALEXANDER LÚKASJENKÓ** Forsetinn hefur ekki sést opinberlega í viku. NORDICPHOTOS/AFP

Lúkasjenkó sagður veikur:

# Reyna að eyða orðrómi

**HVÍTA-RÚSSLAND, AP** Talsmaður Alexanders Lúkasjenkó, forseta Hvíta-Rússlands, vísaði í gær á bug orðrómi þess efnis að forsetinn væri alvarlega veikur.

Orðrómurinn komst á kreik eftir að ríkissjónvarpsstöðin, sem vanalega helgar stóran hluta dagskrár sinnar í að fjalla um störf forsetans, hefur ekki birt neinar nýjar myndir af leiðtoganum í viku.

„Alexander Lúkasjenkó er á lífi og er við bestu heilsu,“ sagði talsmaðurinn, Pavel Lyogky.

Sergei Kaljakín, kosningastjóri Alexanders Milinkevítsj sem bauð sig fram gegn Lúkasjenkó í forsetakosningunum á dögunum, sagði hins vegar að forsetinn væri bæði veill á taugum og þjáðist af hjartveiki, en aðstoðarmenn hans reyndu að halda því leyndu. - aa


T.E.C. HJÓLHÝSIN hafa slegið í gegn!



*Við bjóðum upp á landsins mesta úrval af ferðavögnum. Hjá okkur finnur þú örugglega vagn við þitt hæfi!*

Tjalduagnaland
SEGLAGERÐIN ÆGIR

www.seglagerdin.is EYJARSLÓÐ 5 • SÍMI 511 2203


Verðum að læra af reynslunni segir forsætisráðherra:

# Viðbúnaður vegna sinubruna aukinn

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra sagði á Alþingi í gær að farið yrði yfir viðbúnaðaraðgerðir gagnvart sinu-, kjarr- eða skógareldum í landinu.



**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON**

Jón Bjarnason, þingmaður Vinstri grænna, spurði forsætisráherra um viðbúnað gegn vá af þessum toga og spurði hvort hann ætlaði að beita sér fyrir vörnum. Lýsti Jón sérstökum áhyggjum af öryggi sístækkandi sumarhúsabyggðar í landinu. Hann gagnrýndi að almannavarnir hefðu ekki verið hafðar í viðbragðsstöðu.

Halldór sagði að um alvarlega atburði væri að ræða. Umhverfisráðherra hefði þegar hafið starf í þessum efnum og landbúnaðarráðherra færi í vettvangsskoðun. Fram kom í máli Halldórs að sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hefði fylgst með framvindu sinubrunans á Mýrum og setið fundi um málið. „Um það má alltaf deila hvort nægjanlega vel sé brugðist við... ekki varð tjón á mannvirkjum. Hér hefur fyrst og fremst orðið tjón á náttúrunni. Við ættum að geta orðið sammála um að við verðum að læra af þessari reynslu,“ sagði Halldór.

Jón Bjarnason undirstrikaði að stjórnsýslan ætti að bregðast formlega við og koma saman viðbragðsáætlun. - jh

## BANDARÍKIN

**Flugvél brotlenti** Bandarísk flutningaflugvél með sautján manns innanborðs brotlenti skömmu eftir flugtak frá herflugvelli í Delaware í Bandaríkjunum í gær. Allir innanborðs lifðu slysið af, en um tíu þeirra voru fluttir á nálægt sjúkrahús. Vélin, sem er ein hin stærsta í heimi, brotnaði í þrennt en verið er að rannsaka tildrög slyssins.



SILVIA 明星 NIGHT
SUPERSTAR
ATLAS
Er í boði
ATLAS
Nú getur þú fengið ATLAS kreditkort hjá öllum bönkum og sparisjóðum
5.000 kr. MasterCard ferðaávísun við stofnun korts. SMS með upplýsingum um stöðu og notkun kortsins. ATLAS fríðindahópur á atlaskort.is. Víðtækar ferðatryggingar og neyðarþjónusta á ferðalögum erlendis. Nánari upplýsingar á atlaskort.is og í síma 550 1500.
FARÐU ALLA LEIÐ
KB BANKI
GLITNIR
Landsbankinn
spron
SPARISJÓÐURINN
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA



## VEISTU SVARIÐ

1 Hver er formaður Kadima-flokksins í Ísrael?

2 Hvað kallast hagsmunafélag lögreglukvenna?

3 Hvaða skóli bar sigur úr býtum í Skólahreysti 2006?

SVÖR Á BLS. 34

Leikskólastjórar ekki sáttir innan Félags íslenskra leikskólakennara:

# Vilja stofna eigið stéttarfélag

**KJARAMÁL** Vilji leikskólastjóra til að stofna eigið stéttarfélag kemur í ljós í afgerandi niðurstöðum könnunar um viðhorf leikskólastjóra, leikskólaráðgjafa og leikskólafulltrúa til stofnunar sérstaks stéttarfélags innan Kennarasambands Íslands þar sem 76,6 prósent sögðu já og 20,3 prósent nei.

Niðurstöðurnar voru kynntar á aðalfundi faghóps leikskólastjóra á föstudag og ákveðið var að stofna vinnuhóp með fulltrúum leikskólastjóra og fulltrúum úr stjórn Félags leikskólakennara til að skoða næstu skref.

Nýr formaður faghópsins, Petrína Baldursdóttir leikskólastjóri, segir að kurr hafi verið seinasta árið í leikskólastjórum, sem finnist að í síðustu tveimur kjarasamningum hafi leikskólastjórar ekki borið það úr býtum sem þeir eigi skilið fyrir stjórnunarstarf og vangaveltur vaknað í kjölfarið um hvort stjórnendur eigi samleið með öðrum í félaginu. „Leikskólastjórar eru um 300 í dag og við erum alltaf að verða fjölmennari," segir Petrína, sem ítrekar að þetta sé gert í sátt og samlyndi við Félag íslenskra leikskólakennara. Petrína bendir jafnframt á að þetta viðgangist í grunn- og framhaldsskólageiranum þar sem skólastjórar eru með eigið félag.

- sdg



**LEIKSKÓLAKENNARAR MÓTMÆLA LAUNAMISRÉTTI** Í dag eru allir starfsmenn leikskólanna meðlimir í Félagi íslenskra leikskólakennara sem er aðili að Kennarasambandi Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ný fraktvél hjá Icelandair:

# Leigja fjórðu Boeing 757-200

**VIÐSKIPTI** Flugvél bættist í flota Icelandair Cargo, dótturfélags Icelandair Group, um helgina með komu fjórðu Boeing 757-200 fraktvélar fyrirtækisins.

Flugvélinni var breytt úr farþegaflugvél í Bandaríkjunum og er leigusamningurinn til sex ára. Burðargeta flugvélarinnar er 32 tonn.

Upplýsingafulltrúi Icelandair, Guðjón Arngrímsson, segir flugvélina aðallega verða notaða í alþjóðlegt leiguflug með frakt en hún muni einnig styðjast við áætlunarflug Icelandair Cargo til og frá Íslandi og yfir Atlantshafið.

- gag






**ALLT Í RÚST** Lítið er eftir af heimili þessa unga manns í Dyer í Tennessee, en óveður mikið lagði heimili fjölmargra í rúst. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mannskætt ofsaveður í Bandaríkjunum:

# Minnst 27 manns týna lífi í óveðri

**BANDARÍKIN, AP** Minnst 27 manns fórust í þrumuveðri sem gekk yfir átta af miðvesturríkjum Bandaríkjanna á sunnudag og í gær með skýstrókum og haglléli með hnefastórum höglum. Tugir slösuðust í óveðrinu og hundruð heimila eyðilögðust. Högl sem mældust um tíu sentimetrar í þvermál fóru í gegnum þök húsa og lést fólk þegar byggingar hrundu eða splundruðust undan veðurofsanum, sem og þegar stór tré féllu.

Tennessee varð einna verst úti en þar fóru hvirfilbylir um og urðu minnst 23 manns að bana á fjórtíu kílómetra löngu belti, að sögn bandarísku veðurstofunnar. Þrumuveður gekk einnig yfir Iowa, Kentucky, Arkansas, Missouri, Ohio, Illinois og Indiana, en í gær höfðu borist um lát þriggja manna í Missouri og eins í Illinois.

Veðurstofunni í Oklahoma höfðu borist tilkynningar um 63 skýstróka, en flestir þeirra fundust í Tennessee, þar sem yfir 1.200 byggingar skemmdust eða eyðilögðust í veðrinu.

- smk








# Verðlaun fyrir meistaratakta

## *– fagmenn SS sigursælir*

Í tengslum við sýninguna Matur 2006 var haldin Fagkeppni Meistarafélags kjötiðnaðarmanna. Kjötmeistarar SS sýndu þar snilldartakta og rökuðu saman verðlaunum.

Af 39 vörum sem kjötmeistarar SS sendu í keppnina hrepptu 29 þeirra verðlaun, þar af 5 gull. Auk þess hlaut SS-fólk þrenn búgreina- og sérverðlaun: fyrir nautakæfu – besta áleggið úr nautakjöti, Eldhúspylsu – bestu vöruna unna úr hrossa- eða folaldakjöti og einnig fyrir Bakaða lifrarkæfu – bestu kæfu eða paté keppninnar.

Sláturfélag Suðurlands óskar fagmönnum sínum innilega til hamingju með árangurinn og sendir þeim auðvitað kjötkveðjur.

SS fremstir fyrir bragðið

Fíton/SÍA

Lággjaldasímafyrirtækið Sko tekur til starfa:

# Eitt mínútuverð innanlands

**FJARSKIPTI** Nýtt lággjaldafarsímafyrirtæki, Sko, ætlar að bjóða lægra verð á farsímaþjónustu en áður hefur þekkst hér á landi.

Viðskiptavinir greiða til dæmis ekki mánaðargjald. Eitt mínútuverð, 14,90 krónur, gildir innanlands hvort sem hringt er innan kerfis eða utan. Smá- og myndskilaboð eru helmingi ódýrari en hjá öðrum símafyrirtækjum að sögn forsvarsmanna Sko.

Liv Bergþórsdóttir framkvæmdastjóri segir fyrirtækið vera eftir erlendri fyrirmynd. „Álíka fyrirtæki þekkjast vel í Evrópu og eru þau mörg hver fyrirmynd lággjaldaflugfélaga,“ segir Liv og vísar til þess að umgjörð fyrirtækisins sé berstrípuð og það skili sér í vasa neytenda. „Þjónustan er rekin á netinu í stað verslana. Önnur slík fyrirtæki erlendis hafa stóreflt samkeppni á farsímamarkaði.“

Sko hefur samning við Og Vodafone um aðgang að farsímakerfi þess og nýtir dreifikerfi Og Vodafone innanlands og erlendis. Auk þess nýtir Sko dreifikerfi Símans á völdum svæðum innanlands.

Sko er vörumerki Ódýra símafélagsins ehf. sem er í eigu Dagsbrúnar hf. - jóa




**SKO HEFUR STARFSEMI** Liv Bergþórsdóttir framkvæmdastjóri með Valgerði Matthíasdóttur, fyrsta viðskiptavini lággjaldasímafyrirtækisins Sko, sem opnaði heimasíðu þess. Starfsemi fyrirtækisins hófst í gær.

# Búist við yfir milljón mótmælendum

## Skipuleggjendur fjöldamótmæla gegn nýjum lögum um atvinnumál franskra ungmenna vonast til að vel yfir milljón Frakka mæti í kröfugöngur í dag.

**FRAKKLAND, AP** Andstæðingar umdeildra nýrra laga um atvinnumál ungmenna gera sér vonir um að minnst ein milljón Frakka muni taka þátt í verkföllum og kröfugöngu gegn frumvarpinu sem boðuð hefur verið í dag, þriðjudag.

Mótmælaaðgerðirnar í dag koma í kjölfar þess að leiðtogar verkalýðsfélaga og námsmannasamtaka höfnuðu sáttatilraun Jacques Chirac Frakklandsforseta, en hann setti sem skilyrði fyrir staðfestingu sinni á lögunum að komið yrði til móts við kröfur gagnrýnenda frumvarpsins, sem annars var ætlað að hvetja atvinnurekendur til að ráða ungt fólk til vinnu. Atvinnuleysi ungmenna er gríðarlega mikið í Frakklandi um þessar mundir.

Andstæðingar laganna vilja hins vegar ekki sjá neina málamiðlun heldur krefjast þess að þau verði afturkölluð í heild sinni. „Við erum á barmi sigurs,“ sagði Bruno Julliard, forseti fjölmennustu stúdentasamtakanna, í útvarpsviðtali.

Dominique de Villepin forsætisráðherra kallaði ríkisstjórnina saman til fundar í gær til að ræða vinnumarkaðsmál, einkum og sér í lagi aðgerðir til að draga úr atvinnuleysi ungmenna. De Villepin átti frumkvæðið að hinum umdeildu lögum og gagnrýnin hefur því mest mætt á honum. Með ríkisstjórnarfundinum í gær reyndi hann að sýna að hann hefði fulla stjórn á sínu liði, en fjölmiðlar hafa þóst greina bresti í einingu stjórnarinnar í deilunni. Hann viðurkenndi að stjórnin yrði að útskýra aðgerðir sínar betur fyrir almenningi. Innanríkisráðherrann Nicolas Sarkozy, höfuðkeppinautur de Villepins innan stjórnarinnar, hefur boðist til að leita sátta með viðræðum við verkalýðsfélögin og fulltrúa námsmanna áður en lögin taka gildi. - aa



**RÍKISSTJÓRNARFUNDUR** Frá ríkisstjórnarfundinum í gær; Sarkozy fremstur, de Villepin handan borðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


**Kvöldsprengja**

*Í kvöld frá 19-21 bjóðum við þessa áltröppu með 50% afslætti*

*Gildir aðeins í verslun okkar Ögurhvarfi meðan birgðir endast.*

19-21 50% afsláttur



2.449
~~4.895~~

**Áltrappa**
5 þrepa
5079091




**Ný verslun Ögurhvarfi**

*Átta til níu....*
*mánudaga - föstudaga 8-21*
*laugardaga 9-18*
*sunnudaga 10-18*

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál



HIGH PEAK



**Flott hugmynd að fermingargjöf**

**High Peak Sherpa 55+10**
Góður göngupoki, stillanlegt bak og stækkanlegt aðalhólf.

**Fermingartilboð**
**8.990 kr.**
Verð áður 10.990 kr.

Einnig til 65+10
Fermingartilboð 9.990 kr.

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 ○ GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 ○ KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

ÚTILÍF

Listi Samfylkingar og óháðra:

# Þrjár konur í efstu sætum

**STJÓRNMÁL** Framboðslisti Samfylkingarinnar og óháðra á Akranesi fyrir komandi bæjarstjórnarkosningar var samþykktur á félagsfundi á föstudag. Fyrsta sæti listans skipar Sveinn Kristinsson, bæjarfulltrúi og formaður bæjarráðs, en næstu þrjú sæti eru skipuð konum. Annað sætið skipar Hrönn Ríkharðsdóttir aðstoðarskólastjóri, þriðja sætið skipar Anna Lára Steindal siðfræðingur og það fjórða skipar Sigrún Ósk Kristjánsdóttir háskólanemi.

Samfylkingin og óháðir eru nú í meirihlutasamstarfi í bæjarstjórn Akraness ásamt Framsóknarflokki. **- sha**

Samkomulag milli íþróttafélagsins Vals og Reykjavíkurborgar:

# Nýtt skipulag á Hlíðarendasvæðinu

**SKIPULAGSMÁL** Samkomulag hefur náðst milli Reykjavíkurborgar og Vals um endurskoðun deiliskipulags við Hlíðarenda í Vatnsmýri.



**DAGUR B. EGGERTSSON**

„Uppbyggingin mun miðast við að þetta verði fyrsta svæðið í Vatnsmýrinni að byggjast upp í samræmi við þær tillögur sem munu bera sigur úr býtum í hugmyndasamkeppninni sem hefst í byrjun apríl," segir Dagur B. Eggertsson, formaður skipulagsráðs Reykjavíkur. Valsmenn eru með byggingarrétt á atvinnuhúsnæði og íbúðum sem ramma svæðið inn og að sögn Péturs Stefánssonar, framkvæmdastjóra Vals, var innihaldið í samkomulaginu að framkvæmdum á svæðinu yrði frestað.



**HLÍÐARENDASVÆÐIÐ** Teikningin sýnir skipulag svæðisins miðað við eldri tillögu. Svæðið mun taka einhverjum breytingum samfara nýjum tillögum.

Gert er ráð fyrir að nýtt deiliskipulag fyrir Hlíðarendasvæðið liggi fyrir 1. júlí 2007.

Þetta svæði er sá hluti skipulagsins sem einkum hefur hlotið gagnrýni að sögn Dags og hafa ýmsir hvatt til að skipulag svæðisins taki mið af einhverjum línum sem lagðar eru fyrir Vatnsmýrarsvæðið í heild. Vonast Dagur til að ná því með þessari niðurstöðu, að bíða eftir hugmyndasamkeppninni. „Ótti við að þessi hluti svæðisins byggist upp í algjöru ósamræmi við það heildarskipulag sem fæðist út úr hugmyndasamkeppni ætti nú að vera úr sögunni," segir Dagur. **- sdg**



**FRÁ VARSJÁ** Fólk skoðar mynd af Jóhannesi Páli páfa II sem búin er til úr litlum myndum af páfanum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ár frá andláti Jóhannesar Páls II:

# Pílagrímar minnast páfa

**PÁFAGARÐUR, AP** Kaþólskir pílagrímar streymdu til Rómar um helgina til að minnast þess að á sunnudagskvöld var rétt ár liðið frá andláti Jóhannesar Páls II páfa. Hátíðarmessa var haldin af þessu tilefni í Péturskirkjunni í gær.

Um 10.000 Pólverjar komu til að taka þátt í minningarathöfnunum um þennan frægasta landa þeirra. Hundruð þúsunda Pólverja sóttu minningarmessur sem haldnar voru víða um Pólland á sunnudagskvöld.

Eftir alllanga banalegu lést Jóhannes Páll II páfi hinn 2. apríl 2005 klukkan 21.37 vegna blóðeitrunar og bilunar í nýrum og hjarta. ■



**STÖÐUMAT Á EES-SAMNINGI** Framsögumenn í pallborði í Hátíðarsal HÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Ráðstefna um EES-samning:

# EES hefur nýst Íslandi vel

**EVRÓPUMÁL** Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið hefur gert Íslandi kleift að njóta kosta innri markaðar Evrópu án þess að þurfa að selja sig undir þá þætti samstarfsins í Evrópusambandinu sem verr fara saman við íslenska hagsmuni.

Samningurinn hefur séð Íslandi fyrir þeim „sveigjanleika og viðbragðsgetu sem lítið og opið hagkerfi þarf á að halda". Þetta sagði Geir H. Haarde utanríkisráðherra í opnunarræðu á ráðstefnu um EES-samninginn, sem haldin var í Háskóla Íslands fyrir helgi. **- aa**




## „ORÐRÉTT“

### Kaldir karlar

**„Snjósleðamenn hafa oft verið með ólæti á dansleikjum í gegnum tíðina. Við höfum því alltaf töluverðan viðbúnað þegar þessi mót fara fram.“**

JÓN ÞÓRARINSSON, VARÐSTJÓRI HJÁ LÖGREGLUNNI Á EGILSSTÖÐUM, VEGNA HÓPSLAGSMÁLA SEM BRUTUST ÚT Á DANSLEIK Á IÐAVÖLLUM SEM HALDINN VAR Í TENGSLUM VIÐ SNJÓSLEÐAMÓT SEM FRAM FÓR Á HÉRAÐI UM HELGINA. FRÉTTABLAÐIÐ.

### Með allt á hreinu

**„Við viljum styttri, einfaldari, þægilegri, snjólausari, beinni og betri veg.“**

GEIR GESTSSON, BÆJARSTJÓRNARMAÐUR Í VESTURBYGGÐ. BÆJARSTJÓRNIN HEFUR KÆRT ÚRSKURÐ SKIPULAGSSTOFNUNAR EN ÞAR ER EKKI FALLIST Á ÞVERUN DJÚPAFJARÐAR OG GUFUFJARÐAR ÞVÍ ÞÁ YRÐI AÐ FARA YFIR TEIGSSKÓG, SEM ER Á NÁTTÚRUMINJASKRÁ. FRÉTTABLAÐIÐ.

*nær og fjær*
# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** NÝTT FRÍBLAÐ DAGSBRÚNAR Í DANMÖRKU

## *Leitað að stjórnendum í uppbygginguna*

„Við erum að byrja að leita að rétta fólkinu til að byggja upp starfsemi sem á að vera hliðstæða Fréttablaðsins í Danmörku, við byrjuðum á því í gær eða fyrradag og svo förum við að leita að samstarfsaðilum á ýmsum sviðum, til dæmis í dreifingu,“ segir Svenn Dam, nýráðinn forstjóri og varastjórnarformaður 365 Media Scandinavia A/S, en hann er þegar tekinn til starfa við að leggja undirstöðurnar að nýju fríblaði 365 í Danmörku. Svenn á einnig að bera ábyrgð á því að byggja upp fjölmiðlastarfsemi í Danmörku og kanna sóknarfæri á hinum Norðurlöndunum þannig að það verður nóg að gera. Svenn Dam vill ekkert segja um það hvenær nýja fríblaðið hefji göngu sína. „Það eina sem ég get sagt er að það verður eins fljótt og hægt er. Markmiðið er að gera það að mest lesna dagblaði Danmerkur,“ segir hann og vill ekkert gefa upp um það hvenær áætlað er að ráðningum ljúki. Hann segist nú þegar hafa hugmyndir um það hverjir komi til greina sem stjórnendur í uppbyggingarstarfinu og telur auðvelt að ráða fólk en var ekki búinn að ganga frá neinum ráðningum í gær þegar blaðamaður Fréttablaðsins ræddi við hann.



„Ég hef gert þetta einu sinni áður. Ég var sá sem byrjaði með MetroXpress í Danmörku og réð inn stjórnendur í fyrirtækið. Margir fjölmiðlamenn vilja gjarnan vera með í nýrri starfsemi því að það er spennandi að vinna að og með nýjungar. Ég er sannfærður um að síminn minn mun ekki stoppa með tilliti til þess að finna fólk. Samhliða þessu er ég að líta á önnur fjölmiðlasvið og huga að tækifærum þar,“ segir hann.

Svenn Dam hefur á sér gott orð sem brautryðjandi og fjölmiðlagúrú í Danmörku enda var hann sá sem byggði upp Metro í Danmörku. Hann hefur verið forstjóri Metro International með höfuðstöðvar í London síðustu fimm árin jafnframt því að vera stjórnarformaður í ýmsum sprotafyrirtækjum. Svenn Dam er 45 ára og hefur starfað lengi við fjölmiðlun, meðal annars verið forstjóri Jyllandsposten sem er eitt stærsta og útbreiddasta blað Danmerkur. Hann er með skrifstofu hjá Atlas Ejendomme í Kaupmannahöfn en býr sjálfur í Árósum.



**ÞESSI HLIÐ UPP** Þessum sautján ungbörnum, íklæddum samfellum sem á stendur „Þessi hlið upp“, var stillt upp á blaðamannafundi í Bandaríkjunum. Börnin tóku þátt í áróðursherferð þar í landi gegn vöggudauða, en talið er að betra sé að láta ungbörn sofa á bakinu til að forðast vöggudauða. FRÉTTABLAÐIÐ/AP






# Skeggræður og skrautlegir farþegar

**Gamli Baldur, eins og hann er nú nefndur í Stykkishólmi, fór í sína síðustu siglingu á föstudag en ný ferja leysir hann af hólmi 12. apríl. Blaðamaður fór með og spjallaði við áhöfnina, farþega og nýja eigendur ferjunnar, sem nú er á leið til Finnlands þar sem hún mun ferja fólk frá Turku til nálægra eyja.**

Það var mikil breyting fyrir ferðalanga um Breiðafjörð þegar nýr Baldur hóf siglingar þar árið 1990. Þá fyrst var hægt að aka bílnum beina leið um borð en áður hafði þurft að hífa þá þangað. Sturla Böðvarsson samgönguráðherra, sem þá var bæjarstjóri í Stykkishólmi, segir að margir bíleigendur hafi verið órólegir við það að sjá bíl sinn hanga í lofti og oft virðast nálægt því að rekast í hér og þar.

### Eftirminnilegir farþegar

Heiðar Baldursson hefur verið bátsmaður á Baldri í meira en áratug en hann leggur það í vana að spjalla við farþega þegar færi gefst frá önnum. „Farþegarnir eru upp til hópa afar gott fólk en þó leynist þar misjafn sauðurinn,“ segir hann. „Einn eftirminnilegasti farþeginn var einn mesti lygalaupur landsins en hann hafði farið víða um og villt á sér heimildir og þannig komist stundum í feitt um stundarsakir. Viðhafði hann svipaðan leik hér um borð og laug því að skipstjóranum að þeir hefðu verið skólafélagar. Var hann svo lunkinn við þetta að skipstjórinn var farinn að trúa honum þó hann mundi nú ekki alveg eftir honum. En þó varð lygalaupnum ekki kápan úr því klæðinu. Svo er mér einnig minnisstætt þegar ég hafði afskipti af tveimur farþegum en þeir höfðu gleymt að setja bílinn í handbremsu og það var ekki gott í sjó svo ég varð að ítreka við þá að bæta úr því. Upphófst þá mikið handapat og hamagangur svo ég endurtók ítrekun mína og var farið að hitna nokkuð í hamsi. Þá kom í ljós að annar var heyrnarlaus en hinn mállaus en þeir voru á söluferðalagi til styrktar mál- og heyrnarlausum.“

Ekki eru allar endurminningarnar þó jafn spaugilegar því fyrir allnokkrum árum strandaði Baldur og urðu nokkrir farþegar og starfsmenn fyrir meiðslum en Heiðar segir að vel hafi verið tekið á því. Eins fannst Heiðari óþægilegt þegar Baldur leysti Herjólf af og ferjaði fólk mill lands og eyjar hversu algengt var að farþegar höfðu þá Bakkus með í för. „Við erum blessunarlega laus við það hérna í Breiðafirðinum,“ bætir hann við.



**HEIÐAR BALDURSSON OG ESA NORRVIK** Þegar lagt var af stað frá Stykkishólmi var Norrvik gestur hjá Heiðari og félögum í Baldri en hlutirnir snerust við þegar komið var að höfn á Brjánslæk. Þá var Baldur orðinn að Eivöru og Heiðar ekki í raun á heimavelli heldur á finnskri ferju. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



**NÝR BALDUR** Hér má sjá nýju ferjuna koma úr slipp í Hollandi.

### Gufubað í hverri ferju

Fyrirtækið Rosita í Finnlandi hefur nú keypt ferjuna og voru nokkrir starfsmenn fyrirtækisins með í för í síðustu ferðinni. Reyndar var ferjan formlega komin í eigu Rosita klukkan fjögur á föstudag en þá var hún á Brjánslæk. Það var því finnsk ferja sem flutti farþega yfir Breiðafjörðinn í þessari hinstu ferð. Esa Norrvik verður skipstjóri á Eivöru, en það er hið nýja nafn ferjunnar finnsku. „Það þarf að gera nokkrar breytingar á skipinu,“ segir hann. „Til dæmis kveða finnsk lög á um að það verði að vera gufuböð í svona ferjum svo við verðum að setja upp eina slíka.“

Ísafjörður:

# Vestfirskur kynþokki

Vikublaðið Bæjarins besta á Ísafirði hefur efnt til keppni um kynþokkafyllstu Vestfirðingana. Nú þegar hafa tilnefningar streymt inn og fimm hlutskörpustu af sitthvoru kyninu verið tilnefnd. Nú gefst fólki kostur á að kjósa á milli þeirra en hinn 12. apríl verður ljóst hver eru kynþokkafyllstu Vestfirðingarnir.

„Þessi tíu sem tilnefnd hafa verið eru tiltölulega jöfn að stigum og tilnefningarnar gefa til kynna víðan smekk Vestfirðinga hvað kynþokka varðar," segir Thelma Hjaltadóttir, blaðamaður og umsjónarmaður keppninnar.

- jse

Hollvinasamtök Grensásdeildar:

# Vekja athygli á arðsemi deildarinnar

Hópur fólks hefur undanfarið unnið að stofnun Hollvinasamtaka Grensásdeildar. Stofnfundurinn verður haldinn á morgun og vonast aðstandendur til þess að úr verði afl sem takist að styðja við bakið á starfsemi deildarinnar.

„Síðan Grensásdeildin var stofnuð árið 1973 hefur þjóðinni fjölgað um fjörutíu prósent og þeim sem þurfa endurhæfingar við hefur fjölgað ennþá meira. Á sama tíma hefur engu verið bætt við á Grensási, hvorki í legurýmum né aðstöðu, fyrir utan sundlaugina á níunda áratugnum," segir Gunnar Finnsson rekstrarhagfræðingur, sem tekið hefur þátt í undirbúningi fyrir stofnfundinn. „Miklar úrbætur þurfa þó að koma til og ný álma er nauðsynlegt til að bæta brýnustu þörfina," bætir hann við. Gunnar segir að félagið vilji vekja sérstaka athygli á að allir hagnist á bættum hag Grensásdeildar. Reksturinn sé mjög hagkvæmur fyrir þjóðarbúið því endurhæfingin gegni lykilhlutverki í því að fá fólk út á vinnumarkaðinn eftir slys, aðgerðir og heilaskaða. Aðspurður um fyrstu verkefni Hollvinasamtakanna segir Gunnar að þau ætli fyrst og fremst að vera rödd sem leiti leiða til að bæta hag deildarinnar. „Við ætlum að þrýsta á ráðamenn til að gera eitthvað í málunum því sem hópur getum við komið fram og sagt hluti sem yfirstjórn Grensás getur ekki sagt. Einnig viljum við horfa til einkageirans og þeirra sem hafa beinan ávinning af endurhæfingu eins og lyfjafyrirtækja, stoðtækjaframleiðenda og tryggingafélaga. Árgjaldið á ekki að vera aðaltekjustofn samtakanna enda má búast við því að tekjulágt fólk hafi einnig áhuga á að leggja starfinu lið."

Stofnfundur samtakanna verður í safnaðarheimili Grensáskirkju á morgun klukkan 20. ■



**ÚR SUNDLAUGINNI Á GRENSÁSDEILDINNI** Fyrir utan sundlaugina hefur engu verið bætt við deildina frá stofnun hennar árið 1973. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**BALDUR Í FLATEYJARHÖFN** Gamli Baldur kom til hafnar í Flatey í hinsta sinn síðdegis á föstudaginn.



**SVERRIR GARÐARSSON** Það væsir ekki um Sverri þegar hann tekur ferjuna enda vel kunnugur starfsfólkinu og heldur því uppi á skrafi fái hann því við komið. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

**Nýr Baldur**

Um tuttugu bílar komast fyrir í gömlu ferjunni en sú nýja tekur um 45. Einnig verður nýja ferjan snarari í snúningum þannig að ferðalangar munu vera fimmtíu mínútum sneggri yfir fjörðinn en áður, um tvær klukkustundir. Áhöfnin er nú á leið til Hollands en þaðan verður ferjunni siglt að Íslandsströndum og vonast menn til að vera komnir til hafnar fyrir 12. apríl en þá er fyrirhugað að hefja siglingar á ný. Eyjarskeggjar í Flatey eru þó ekki alveg sambandslausir þó engin Breiðafjarðarferja sé til taks um þessar mundir en fólki og varningi er nú komið þangað með minni bátum.

**Skeggrætt um borð**

Sverrir Garðarsson, útgerðarmaður frá Bíldudal, var á meðal farþega. „Þetta er meiriháttar fínt," segir hann þegar blaðamaður tekur hann tali í matsalnum. „Þó ég sé svipað lengi að keyra er það mjög freistandi að taka bátinn og ræða við bátsmanninn og aðra úr áhöfninni. Það gerir ferðina eftirminnilega enda skemmtilegt fólk. Svo getur maður fengið sér í gogginn á þess að tapa tíma," segir hann og sýpur á kaffi.

jse@frettabladid.is







Gildir 4. apríl á meðan birgðir endast.


99 kr/pk.
Aviko franskar 750 g
99 kr/pk.
Skólaskinka
99 kr/stk.
Risabrauð 1 kg
99 kr/pk.
Jarðaber 250g
99 kr/pk.
Pagen bruður
99 kr/stk.
BKI kaffi
99 kr/stk.
Brazzi 1 ltr.
99 kr/pk.
Svínabuff
99 kr/stk.
Lays kartöfluflögur 200g
99 kr/pk.
Svali 3 stk. í pakka
99 kr/stk.
Baðbombur
99 kr/kg.
Appelsínur
99 kr/pk.
Pagen kanelsnúðar
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## Svona erum við

> Gestir á uppfærslum atvinnuleikhópa 2000-2004




Heimild: Hagstofa Íslands

# baksvið
*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** GRÓÐURELDAR

# *Sinueldar stærstu gróðureldarnir*

Stærstu gróðureldar hér á landi eru sinueldar en einnig hafa orðið eldar í mosa eða kjarri. Eftir að gróðureldur hefst er hann oftast hraður og stöðugur. Margir þættir hafa þar áhrif á en þó eru þrír þættir sérstaklega áhrifamiklir: eldsneyti, veður og landslag. Einn af þáttunum þremur getur verið allsráðandi en yfirleitt hafa þeir allir áhrif.

**Hvað brennur?**
Það sem flokkast sem eldsneyti fyrir gróðurelda er rætur, mór eða annað hálfniðurbrotið efni neðanjarðar. Barrnálar, greinar, gras, fóðurkál eða korn og kjarr í tveggja metra hæð eða laufkrónur, barrtré eða allt það sem er umlukið lofti frá jörðu.

**Hvaða áhrif hefur veðrið?**
Veðurbreytingar við slökkvistarf verða slökkviliðsmönnum helst að fjörtjóni. Erlendis hafa heilu hópar slökkviliðsmanna lokast inni á svæðum sem síðan hafa brunnið. Á Íslandi eru slík slys ekki þekkt. Sé þurrt í veðri er vindurinn vandasamastur því hann blæs í glæðurnar og hraðar brunaferlinu.

**Skiptir landslag máli?**
Landslagið hefur áhrif á brunaferlið og útbreiðslu. Halli og stefna landslagsins hefur áhrif á hvert eldurinn fer. Hann fer hraðar upp brekkur en niður. Máli skiptir hvernig sólin skín á það því hún þurrkar gróðurinn. Dalir og ásar



milli hærri svæða hafa einnig áhrif á vindstreymið og því hraða eldsins.

**Hvernig er slökkvistarfi hagað?**
Bein og óbein árás notast til að slökkva gróðurelda. Við beina árás er vatni sprautað á logana eða til hliðar við þá. Óbein árás er gerð nokkru frá eldinum til að stöðva framrás hans. Vegna þess hve gróðureldar breytast skjótt er oft byrjað á annarri aðferðinni og svo skipt yfir í hina eftir hentugleika.

Heimild: Brunamálaskólinn. Kafli 15 um slökkvitækni og slökkvistarf frá febrúar 2004.

## SPURT & SVARAÐ
LÉTTVÍN Á ÍSLANDI

### *Óþroskuð vínmenning*

Stéphane Aubergy, víninnflytjandi og framkvæmdastjóri Vínekrunnar, telur tímabært að koma upp sérverslunum með léttvín.



STÉPHANE AUBERGY

**Hvað finnst þér um vínmenninguna hér á landi?**
Hún er óþroskuð en mér finnst að seljendur mættu auglýsa minna en kynna meira. Það er nefnilega lítið gert af því að fræða fólk um léttvínin. Þess vegna finnst mér alveg nauðsynlegt að koma upp öðruvísi vínbúðum, eins konar sérverslunum. Þangað gæti fólk komið og smakkað og fræðst um þau. Þess vegna er ég ekki viss um að tímabært sé að selja léttvín í matvöruverslunum því ég sé ekki fyrir mér að stórmarkaðirnir sem venjulega spara til í starfsmannamálum sínum með því að ráða unglinga til starfa fáist til að ráða sérfræðinga til að kynna léttvín fyrir kúnnum sínum.
**Hvað finnst þér um vínúrvalið hér?**
Það er bara nokkuð gott en fólk mætti huga frekar að gæðum en verði þegar það kaupir vín. Til dæmis er vínflaska sem kostar 800 krónur í Vínbúðum seld á 1,3 evrur í Frakklandi en flaska sem kostar 1.500 krónur í Vínbúðum kostar um fimm evrur í Frakklandi.








**Í AÐGERÐ** Öryrkjar og ellilífeyrisþegar sem þurfa að komast til hjartasérfræðings verða að velja milli þess að fá fyrst tilvísun hjá heimilislækni og fá þá hlut ríkisins greiddan eða fara beint til sérfræðings og borga allt gjaldið, tæpega 6.000 krónur, sjálfir.
FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Tilvísanakerfið er fjárhagslegt stýrikerfi

**Tilvísanakerfið, sem heilbrigðisráðherra hefur ákveðið að taka upp fyrir hjartveika, er fjárhagslegt stýrikerfi fyrir hið opinbera, að mati formanns hjartalækna. Hann telur breytinguna koma verst við öryrkja og ellilífeyrisþega.**

Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra hefur ákveðið að taka upp tilvísanakerfi fyrir hjartveika og geta þeir þá valið milli þess að fara til heimilislæknis og fá tilvísun þannig að þeir njóti niðurgreiðslu Tryggingastofnunar eða fara beint og án greiðsluþátttöku ríkisins.

„Hjartalæknar sinna áfram öllum hvort sem fólk er með tilvísun eða ekki, það er alveg á hreinu. Þetta tilvísanakerfi er alls ekki sett á í samvinnu við okkur né hjartasjúklinga heldur," segir Þórarinn Guðnason, formaður Félags sjálfstætt starfandi hjartalækna.

**Fyrir daufum eyrum**
Þórarinn gagnrýnir að það séu eingungis heimilislæknar og ekki aðrir læknar sem megi vísa hjartasjúklingum til hjartalæknis. „Það bendir eindregið til þess að þetta sé fjárhagslegt stýrikerfi fyrir ríkið og byggist ekki á læknisfræðilegu mati. Það er augljóst að efnaminni hjartasjúklingar munu ekki hafa sama aðgengi að sérfræðiþjónustu sinna sérfræðinga og efnameiri hjartasjúklingar," segir hann.

Hjartalæknar neyddust til að segja sig af samningi Læknafélags Reykjavíkur við Tryggingastofnun ríkisins síðasta haust og tók uppsögnin gildi nú í byrjun apríl.

„Við neyddumst til að segja okkur af þessum samningi eftir að hafa unnið á honum í tvo mánuði á síðasta ári án greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar ríkisins," segir Þórarinn og bendir á að í ár hafi stefnt í að þetta yrðu þrír til fjórir mánuðir.

„Þörfin fyrir hjartalækna hefur farið vaxandi, meðalaldur hækkar og hjartasjúklingum fjölgar. Þetta skýrðum við allt með ítrekuðum bréfum og greinargerðum fyrir fulltrúum heilbrigðis- og fjármálaráðuneytis í langdregnum samningaviðræðum allan síðari hluta síðasta árs. Við töluðum fyrir daufum eyrum þó að upphæðin sem út af stóð hefði aðeins numið fjórtán milljónum króna. Það var augljóst að við gátum ekki rekið stofur okkar á þessu ári ef greiðsla kæmi ekki frá ríkinu í þrjá til fjóra mánuði," segir hann.

Hjartasjúklingar hafa borgað þriðjung og Tryggingastofnun tvo þriðju hluta af þjónustu hjartalækna. Samkvæmt samningum eru hjartalæknar skyldugir til að veita þá þjónustu sem þörf er á en Tryggingastofnun ríkisins er eingungis skylt að greiða ákveðna upphæð.

Fyrir viðtal, skoðun og hjartalínurit greiddi hjartasjúklingurinn tæplega 4.000 krónur samkvæmt gamla kerfinu en heildarupphæðin fyrir komuna var um 5.800 krónur. Öryrkjar og ellilífeyrisþegar með afsláttarkort greiddu hinsvegar aðeins 450 krónur á mann samkvæmt gamla kerfinu. Samkvæmt nýja kerfinu verður sá sem kýs að fara beint til hjartalæknis án milligöngu heimilislæknis að greiða fullt gjald, um 5.800 krónur.

**Afturför eða framför?**
„Það er gríðarlegt stökk þegar ellilífeyrisþegar verða allt í einu að greiða fullt gjald, 5.800 krónur. Það er þessi hópur sem mun fyrst og fremst verða að fara í gegnum heilsugæslulæknana því að þeir efnameiri geta frekar borgað tæplega 2.000 krónur í viðbót og því snertir þessi breyting þá minna," segir Þórarinn.

Þórarinn vill ekki taka afstöðu til þess hvort verið sé að taka upp gamla tilvísanakerfið eða hvort breytingin nú sé skref aftur á bak eða ekki. „Ég ætla ekki að dæma um það hvort þetta er afturför eða framför," segir hann og telur nýja kerfið geta orðið einhverjum sjúklingum erfitt því að þeir þurfi nú að fara á þrjá staði, til heimilislæknis, hjartalæknis og svo til Tryggingastofnunar til að fá endurgreitt.

Þórarinn tekur dæmi um sjúkling sem fer til lungnalæknis út af mæði. Lungnalæknirinn greinir ekki lungnasjúkdóm en grunar hjartabilun. Venjan hefur hingað til verið sú að lungnalæknirinn vísi sjúklingnum til hjartalæknis eða í hjartaómskoðun vegna gruns um hjartabilun.

„Þessi sjúklingur getur farið þesa leið í dag ef hann greiðir þjónustuna að fullu en það er ljóst að þeir efnaminni yrðu að koma við á heilsugæslustöð fyrst en þar er ekki hægt að gera ómskoðun eða aðrar sérhæfðar rannsóknir sem augljóslega er þörf fyrir," segir Þórarinn og vitnar í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands frá 2004 þar sem segir að koma á heilsugæslustöð kosti þjóðfélagið álíka mikið og koma til sérfræðings. Því sé hætt við að kostnaðurinn í heilbrigðiskerfinu aukist talsvert með nýja kerfinu.

**Svipar til tannlæknakerfisins**
Elínborg Bárðardóttir, formaður Félags íslenskra heimilislækna, segir að heimilislæknar hafi með ákvörðun heilbrigðisráðherra lent í hringiðunni og verði bara að bíða og sjá hvað gerist. Hún segir heimilislækna munu leysa úr vanda þeirra sem til þeirra koma og vísa til hjartalæknanna ef þeir geti ekki leyst sjálfir úr málum.

Tilvísanakerfið sé nýtt, ekki gamalt. Því svipi að mörgu leyti til þess tannlæknakerfisins þar sem ríkið greiðir ákveðinn hluta vegna tannlækninga barna. Óljóst sé hvaða áhrif þetta nýja kerfi hafi. „Við vitum ekki hvað þetta þýðir fyrir okkur ennþá. Við komum ekkert að þessu og eigum eftir að hitta þessa sjúklinga," segir hún.



FRÉTTASKÝRING
GUÐRÚN HELGA SIGURÐARDÓTTIR
ghs@frettabladid.is

**Ford**Focus

*Nýtt tákn um gæði*

# Kauptu nýja bílinn á gamla genginu

Nú er rétta tækifærið til að fá nýjan bíl á góðu verði.
Hver veit hvað það endist lengi? Sumarbíllinn er í Brimborg.

**Komdu núna**




## Veldu nýjan **Ford**

# Nýtt tákn um gæði

Íslendingar velja Ford umfram önnur vestræn bílamerki. Spennandi hönnun, aukin gæði og örugg þjónusta Brimborgar er trúleg ástæða þess að Ford sækir á Toyota sem vinsælasta bílamerkið á Íslandi. Upplifðu nýtt tákn um gæði - veldu Ford.

### Focus er betur búinn en Corolla

Gömul tákn eru fallin. Og ný tekin við. Nýr, endurhannaður Ford Focus er betur búinn en Toyota Corolla. Ford hefur tekist það sem aðrir framleiðendur hafa áður reynt; að hanna meðal stóran bíl eftir gæðastöðlum lúxusbíla á lægra verði. Berðu fordómalaust Corolla saman við Focus. Og þú finnur að margur búnaður lúxusbíla er staðalbúnaður í Focus: **ESP stöðugleikastýrikerfi,** TRACS spólvörn, öryggispúðagardínur, fjölliðafjöðrun, loftkæling og hiti í sætum eru þar á meðal. Spurðu um þjónustu Ford.

### Hæsta einkunn fyrir öryggi frá upphafi

Árekstraröryggisstofnunin EuroNCAP gefur Ford Focus hæstu einkunn allra bíla í sínum flokki. Árekstraröryggi Focus er metið með 5 stjörnum eða 35 stig. Frá upphafi hefur Focus hreppt 1. sætið á 65 alþjóða verðlaunahátíðum. Í 13 skipti bíll ársins. Vertu í hópi þeirra bestu, í dag og um alla framtíð. Veldu Focus.

Þegar allt er tekið með og verð er borið saman við gæði þá er Focus talinn betri kostur en bæði Toyota Corolla og VW Golf, samkvæmt fjölmörgum evrópskum bílablöðum. Berðu saman bíla. Komdu í Brimborg. Veldu nýjan Ford - nýtt tákn um gæði.

### Ford Focus. Ný gæði á lægra verði en áður.*

| Kaupverð | 5 gíra | Sjálfskiptur |
|---|---|---|
| Ford Focus 3 dyra Trend 1,6i | **1.790.000 kr.** | **1.884.000 kr.** |
| Ford Focus 5 dyra Trend 1,6i | **1.890.000 kr.** | **1.984.000 kr.** |
| Ford Focus 4 dyra Trend 1,6i | **1.940.000 kr.** | **2.034.000 kr.** |
| Ford Focus Wagon Trend 1,6i | **1.990.000 kr.** | **2.084.000 kr.** |

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.ford.is

### Atriði af gæðalista staðalbúnaðar:

- ESP stöðugleikastýrikerfi
- TRACS spólvörn
- Loftkæling
- Stillanlegur hiti í framsætum
- Öryggispúðar að framan
- Öryggispúðar í hliðum
- Öryggispúðagardínur
- ABS hemlakerfi
- EBD hemlajöfnun
- EBA hjálparhemlun
- Frjókornasía
- Upphitanlegir hliðarspeglar
- Rafstilltir hliðarspeglar
- Vindskeið að aftan (3d og 5d)
- Fjarstýrð samlæsing
- Fjölstillanlegt stýri
- Geislaspilari með þjófavörn og 6 hátölurum
- Fjarstýring fyrir hljómtæki
- Aksturstölva og útihitamælir

### Hægt að fá aukalega:

- Bluetooth® fyrir síma
- AFS Halogen beygjuljós
- DVD spilari í lofti og skjár
- Fjöltengi fyrir heyrnartól
- Kæling í hanskahólfi
- Leiðsögukerfi með litaskjá
- 6 diska Sony hljómtæki
- Bakkskynjari
- Regnskynjari
- Leður- eða sportsæti
- Rafdrifið ökumannssæti
- Raddstýring fyrir:
  - hljómtæki
  - síma
  - leiðsögukerfi
- Aðfellanlegir speglar
- Hiti fyrir alla framrúðuna
- Sólarvörn í framrúðu
- Sportfjöðrun
- Sjálfvirkur „dimmer" á baksýnisspegli
- Hraðastillir
- Rafdrifin sóllúga

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

## Berðu saman bíla. Berðu saman Toyota Corolla við Ford Focus.

## Skoðaðu úrvalið í bílaverslun Ford á Íslandi



**Ford** Fiesta Trend
3 dyra 1,4i 5 gíra*
Kaupverð 1.360.000 kr.
Bílasamningur 18.930 kr.
Rekstrarleiga 27.980 kr.



**Ford** Fusion Trend
5 dyra 1,4i 5 gíra*
Kaupverð 1.470.000 kr.
Bílasamningur 19.990 kr.
Rekstrarleiga 28.820 kr.



**Ford** Focus Trend
5 dyra 1,6i 5 gíra*
Kaupverð 1.890.000 kr.
Bílasamningur 25.730 kr.
Rekstrarleiga 33.990 kr.



**Ford** Focus C-Max Trend
5 dyra 1,6i 5 gíra*
Kaupverð 1.845.000 kr.
Bílasamningur 25.000 kr.
Rekstrarleiga 32.200 kr.



**Ford** Mondeo Ghia
4 dyra 2,0i 5 gíra*
Kaupverð 2.260.000 kr.
Bílasamningur 30.785 kr.
Rekstrarleiga 42.200 kr.



**Ford** Galaxy Trend
7 manna 2,0i 5 gíra*
Kaupverð 2.605.000 kr.
Bílasamningur 35.480 kr.
Rekstrarleiga 47.990 kr.



**Ford** Mustang Deluxe
Coupe 4,0i V6 5 gíra*
Kaupverð 2.860.000 kr.
Bílasamningur 38.960 kr.



**Ford** Escape XLS 4x4
5 dyra 2,3i sjálfskiptur*
Kaupverð 2.690.000 kr.
Bílasamningur 36.650 kr.
Rekstrarleiga 48.980 kr.



**Ford** Freestyle SEL 4x4
7 manna 3,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.660.000 kr.
Bílasamningur 46.950 kr.
Rekstrarleiga 61.960 kr.



**Ford** Explorer XLT 4x4
5 dyra 4,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.790.000 kr.
Bílasamningur 51.630 kr.
Rekstrarleiga 71.750 kr.



**Ford** Expedition XLT 4x4
8 manna 5,4i V8 sjálfskiptur*
Kaupverð 4.395.000 kr.
Bílasamningur 59.870 kr.
Rekstrarleiga 83.920 kr.



**Ford** Ranger XL Crew Cab 4x4
4 dyra 2,5 turbo dísil 5 gíra*
Kaupverð 2.370.000 kr.
Bílasamningur 32.280 kr.
Rekstrarleiga 43.900 kr.



**Ford** F150 Lariat
SuperCrew 4x4
4 dyra 5,4i V8 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.495.000 kr.
Bílasamningur 47.610 kr.



**Ford** F350 Lariat
Crew Cab 4x4 4 dyra
6,0 turbo dísil V8 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.995.000 kr.
Bílasamningur 54.420 kr.



**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.**
Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Ford í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.




*Ford er meðal vinsælustu bílamerkja á Íslandi. Endursalan staðfestir það einnig. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford.*

**brimborg**

***Öruggur staður til að vera á***

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is**

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á myndum: af Focus er álfelgur og þokuljós; af Ranger er tvílitur.

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Nýjar stjórnir Ísraels og Palestínumanna:

## Enn eru tímamót í Mið-Austurlöndum

Skammt er á milli stóratburða í Mið-Austurlöndum nær þessa dagana. Þingkosningar eru nýafstaðnar í Ísrael og ný stjórn Palestínumanna hefur tekið við völdum. Nýir menn eru í forsvari á báðum vígstöðvum og því margt í óvissu um friðarferlið á þessu umdeilda svæði fyrir botni Miðjarðarhafs. Ný stjórn Palestínumanna undir forystu Hamas-samtakanna umdeildu tók við í sömu viku og kosningarnar fóru fram í Ísrael. Ekki er ljóst hvort nýja stjórnin þar hefur haft áhrif á það að mjög léleg kjörsókn var í Ísrael, aðeins 63 prósent, sem er það minnsta frá því að Ísraelsríki var sett á laggirnar árið 1948.

*Ljóst er að ærin verkefni blasa við leiðtogum Ísraels og Palestínumanna á næstunni. Mikil tortryggni ríkir víða í garð leiðtoga Hamas-samtakanna og hinnar nýju stjórnar Palestínumanna og hefur það ekki síst komið fram í afstöðu margra voldugra ríkja á Vesturlöndum.*

Ýmsar skýringar hafa verið gefnar á hinni lélegu kjörsókn, en nærtækt er að geta sér þess til að margir Ísraelsmenn séu orðnir þreyttir á eilífum ófriði í landinu og nágrannaríkjunum og hafi þess vegna ekki talið það þess virði að fara á kjörstað. Nýr flokkur – Kadima-flokkurinn – hafði heldur ekki það aðdráttarafl í kosningunum sem spáð hafði verið, en hann er nú engu að síður stærsti flokkur landsins, með 28 þingsæti af 120 í Knesset, ísraelska þinginu. Flokknum hafði verið spáð allt að fjörutíu þingsætum í upphafi kosningabaráttunnar. Þrátt fyrir að útkoman hafi ekki orðið alveg eins og vænst hafði verið ber á það að líta að Sharon stofnaði ekki þennan flokk fyrr en í nóvember í fyrra og líklegt er að margir kjósendur hafi sagst hafa ætlað að kjósa flokkinn í samúðarskyni við Sharon, sem nú hefur verið úti úr heiminum á sjúkrahúsi í margar vikur. Formlegar stjórnarmyndunarviðræður eru ekki enn hafnar í Ísrael en forseti landsins hefur hafið viðræður við helstu stjórnmálaforingja og fastlega er búist við því að hann feli Ehud Olmert, starfandi forsætisráðherra, að mynda stjórn. Talið er að stjórnarmyndunarviðræður geti tekið nokkurn tíma, en helsti samstarfsflokkur Kadima-flokksins er talinn verða Verkamannaflokkurinn, sem hlaut tuttugu sæti í kosningunum í síðustu viku. Þar er líka nýr leiðtogi við stjórnvölinn, Amir Peretz, sem áreiðanlega vill láta til sína taka. Allt þetta gerir það að verkum að stjórnin mun ekki smella saman á fyrstu dögum formlegra viðræðna. Nýr flokkur, Gil – flokkur lífeyrisþega, kom mest á óvart í kosningunum. Hann fékk sjö þingsæti og eins og nafnið bendir til eru helstu baráttumál hans bætt kjör ellilífeyrisþega í landinu. Leiðtogi hans, Rafael Eitan, er þekkur í heimalandinu, fyrrverandi yfirmaður leyniþjónustunnar. Hann hefur víða komið við sögu og er talið að persónulegt fylgi hans eigi ekki síst þátt í kosningasigrinum. Líklegt er að Olmert fái hann til samstarfs við sig við myndun nýrrar stjórnar, því þetta er ekki talinn öfgaflokkur.

Ljóst er að ærin verkefni blasa við leiðtogum Ísraels og Palestínumanna á næstunni. Mikil tortryggni ríkir víða í garð leiðtoga Hamas-samtakanna og hinnar nýju stjórnar Palestínumanna, og hefur það ekki síst komið fram í afstöðu margra voldugra ríkja á Vesturlöndum, sem hóta að hætta fjárstuðningi við uppbyggingaráætlanir Palestínumanna. Áframhald friðarferlisins er því mörgum annmörkum háð og ekki bætir úr að nýir leiðtogar Ísraels ætla ótrauðir að halda áfram með múrinn umdeilda sem á að skilja að Ísraelsmenn og Palestínumenn.






## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Frumvörp í gíslingu

Sem stendur virðist sem nýtt frumvarp Valgerðar Sverrisdóttur iðnaðarráðherra um Nýsköpunarmiðstöð Íslands hafi þegar verið tekið í gíslingu í iðnaðarnefnd áður en Valgerði hefur gefist svigrúm til þess að mæla fyrir því á þingi. Þingmenn Sjálfstæðisflokksins í nefndinni eru úfnir og hafa í hótunum. Birkir J. Jónsson, formaður nefndarinnar og eini fulltrúi Framsóknarflokksins í henni, þarf að sýna stjórnkænsku gagnvart vinum sínum í samstarfsflokknum á næstu vikum ef það er einlægur ásetningur framsóknarmanna að afgreiða frumvarpið með hraði. Verði sjálfstæðismönnum ekki haggað í iðnaðarnefnd eiga framsóknarmenn þann kost að taka eitthvert hjartans mál Sjálfstæðisflokksins í gíslingu. Ef til vill er það ekki nægilega góður krókur á móti bragði að setjast á nýtt frumvarp fjármálaráðherra um háeffun ÁTVR. Áhrifaríkara yrði að krefjast meiri tíma til að skoða frumvarp menntamálaráðherra um Ríkisútvarpið fram til haustsins. - Vísvitandi aðhefst stjórnarandstaðan ekkert en fitnar eins og púkinn á fjósbitanum eftir því sem ágreiningurinn á stjórnarheimilinu verður fjörugri.



### Höfuðborgarmisrétti

Vaxandi líkur eru nefnilega til þess að skerist í odda í stjórnarsamstarfinu eftir því sem nær dregur kosningum. Miðað við fylgi Framsóknarflokksins í könnunum verður þörf hans til atkvæðakaupa æ brýnni. Sjálfstæðisflokkurinn þarf ekki á neinu slíku að halda í bili og veit sem er að Framsóknarflokkurinn fær ekki aftur þá valdastöðu sem hann hefur eigi hann á annað borð afturkvæmt í ríkisstjórn. - Jónas Kristjánsson færir vanda Framsóknarflokksins í tal á vefsíðu sinni í gær: „Þegar fylgi Framsóknar í Reykjavík er komið niður í þrjú prósent, er ekkert orðið eftir nema sá hópur óvinnufærra utanbæjarmanna, sem hefur fengið vinnu hjá ríkinu út á flokkinn. Aðrir eru flúnir. Enda er óeðlilegt, að pupullinn á mölinni kjósi flokkinn, sem áratugum saman hefur setið í landstjórn og lagt þar Reykjavík í einelti. Raunar flokkast undir sjálfseyðingarhvöt hvar sem er á höfuðborgarsvæðinu að kjósa Framsókn, því að leynt og ljóst hefur flokkurinn reynt að mismuna því.“



johannh@frettabladid.is

## Innanlandsflug

Í DAG
SAMGÖNGUR



INGA RÓSA ÞÓRÐARDÓTTIR

*Mikilvægast er að allir landsmenn taki þátt í umræðunni um framtíðarfyrirkomulag innalandsflugs.*

Á þeim árum þegar erlendri hersetu á Íslandi var mótmælt hvað ákafast létu mótmælendur ekki í ljósi sérstakar áhyggjur af því hvað yrði um eigur hins erlenda hers ef og þegar hann færi. Þaðan af síður höfðu menn miklar áhyggjur af atvinnuleysi á svæðinu í kjölfar brottflutnings hersins eða mengun í jarðvegi eða nokkru öðru sem nú virðist full ástæða til að ræða og skoða vel. Fylgismenn hersetu höfðu þó einhverjar áhyggjur af vörnum landsins án hans enda var hann um kyrrt, allt fram til þessa. Sjálf trúði ég aldrei almennilega mikilvægi þess að verja skerið okkar með 250 þúsund hræðum eins og þá var. Þótt okkur hafi fjölgað í þrjú hundruð þúsund ber ég enn ekki skynbragð á mikilvægi þess að verja þetta land fyrir ímynduðum óvinum, finnst einhvern veginn að Íslendingar og Færeyingar hljóti alltaf að verða frekar óspennandi skotmark þeirra sem leggja sig í líma við að finna óvini.

En það er önnur saga. Enn er ósvarað þeirri spurningu hvernig eigi að haga innanlandsflugi á Íslandi. Við brottflutning hersins verða þær raddir háværari sem telja miðstöð innanlandsflugs best komna á Keflavíkurflugvelli og tefla fram ýmsum rökum, sumum góðum og öðrum afleitum eins og gengur. Eðlilega hafa íbúar Reykjanesbæjar hug á að fá þessa þjónustu í sitt sveitarfélag enda eftir töluverðu að slægjast. Mergurinn málsins er hinsvegar sá að staðsetning miðstöðvar innanlandsflugs er ekki einkamál Reykvíkinga, þótt stundum mætti ætla svo af umræðunni. Gríðarlegir hagsmunir landsbyggðarbúa eru í húfi og því undrast ég hversu lítið heyrist úr þeirri átt. Vestfirðingar, Norðlendingar og Austfirðingar eiga mikið undir því að njóta góðrar þjónustu í innanlandsflugi og að greiður aðgangur sé að höfuðborg allra landsmanna, þar sem nær allri opinberri þjónustu hefur verið fundinn staður til frambúðar. Enn heyrast undarlegar fullyrðingar á þá lund að þeir einu sem fljúgi milli landshluta séu hvort sem er á leiðinni til útlanda og því sé þetta bara til hagsbóta. Slíku bulli er auðvitað ekki svarandi og morgunljóst að þeir þrjú hundruð og tuttugu þúsund farþegar sem tóku sér far með Flugfélagi Íslands á síðasta ári voru fæstir á ferðinni í slíkum erindagjörðum. Eitthvað hefði kostað í tíma og peningum að flytja þá farþega milli Reykjavíkur og Keflavíkur, hvað sem líður hugmyndum um bættar samgöngur á milli þessara staða. 320 þúsund farþegar á einu ári svarar því að hver einasti Íslendingur hafi farið a.m.k. eina flugferð milli áfangastaða innanlands og nokkrir reyndar tvær. Réttur helmingur þessara farþega flaug á milli Akureyrar og Reykjavíkur. Verði miðstöð innanlandsflugs flutt til Keflavíkur tvöfaldast ferðatími þessa fólks og þá má búast við að stór hluti þessa hóps kjósi frekar að keyra alla leið með tilheyrandi kostnaði í tíma og peningum. Það kallar á aðgerðir í vegamálum á þeirri leið.

Formaður Skipulagsráðs Reykjavíkur, Dagur B. Eggertsson, greindi frá því í viðtalsþætti í sjónvarpi ekki alls fyrir löngu að hann hefði þegar lýst sig tilbúinn til að fara og hitta bæjarstjórana á Ísafirði, Akureyri og Egilsstöðum. Það hljómaði næstum eins og honum fyndist það hálfgerð ofrausn af sinni hálfu að leggja í slík ferðalög, en kannski var ég bara illa fyrirkölluð þegar ég hlustaði. Það væri hinsvegar fróðlegt að vita hvort sú fundaferð er hafin og hvernig hún hefur þá gengið. Hitt er þó mikilvægara að íbúar þessara landshluta láti til sín heyra. Hvað segir fólk sem sækir nám til Reykjavíkur? Hvað segja foreldrar langveikra barna sem þurfa að leita þar læknisþjónustu? Hvað segja sveitarstjórnarmenn sem ítrekað eiga erindi við stofnanir og fulltrúa ríkisstjórnar? Nú má vel vera að Vestfirðingar, Norðlendingar og Austfirðingar hafi ekki verið svo hljóðlátir um þessi mál sem mér virðist en það heyrist a.m.k. alls ekki nóg frá þeim. Meðan Reykjavík er höfuðborg allra landsmanna er það hagsmunamál allra Íslendinga að samgöngur til og frá henni séu greiðar. Það getur aldrei orðið einkamál Reykvíkinga að ráðstafa Vatnsmýrinni til þéttingar byggð. Margir virðast reyndar trúa því í alvöru að þétting byggðar sé töfralausn sem leysi allan vanda höfuðborgarinnar. Hann er hinsvegar meiri og djúpstæðari en svo að það eitt dugi til.

Það er heldur ekki lögmál að flugvöllurinn fari úr Vatnsmýrinni eins og margir halda fram. Ítrekað heyrist að auðvitað fari flugvöllurinn, spurning sé ekki hvort heldur hvenær og hvert. En sá kostur hlýtur að verða skoðaður, eins og aðrir, að hann sé best kominn þar sem hann er. Mikilvægast er þó að allir landsmenn taki þátt í þessari umræðu, ekki síst þeir sem byggja Vestfirði, Norðurland og Austurland.


MARKAÐURINN

Mest lesna viðskiptablaðið

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.


## Leiðrétting

Þau leiðu mistök urðu við frágang greinar Guðmundar Andra Thorssonar á þessum stað í blaðinu í gær að lokasetning hennar og skýring á skammstöfun innan sviga féllu niður. Merking niðurlagsins bjagaðist verulega við þetta auk þess sem Guðmundur Andri fékk ekki tækifæri til að kveðja lesendur en þessi grein var hans síðasta á þessum vettvangi.

Rétt niðurlag greinarinnar er svohljóðandi:

*„Í þrjú ár hef ég vaknað á sunnudagsmorgnum og skrifaði pistilinn, svolítið eins og prestur að skrifa stólræðu dagsins. Þetta er orðið ágætt. Ég þarf að fara að pikka eitthvað annað á tölvuna – ég ætla með Davíð Oddssyni í skoðanabindindi. Ætli við hittumst ekki á O.A.-fundum (Opinionated Anonymus).*

*Ég þakka fyrir mig, starfsfólki Fréttablaðsins og lesendum.“*

Guðmundur Andri og lesendur eru beðnir velvirðingar á þessum mistökum og að öll þankastrik höfundar hafi fallið niður.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

## ALLT HITT

[ HEILSA FERMINGAR ]

**Til** að fá upplýsingar um veikindi, vanlíðan, smáslys eða annað sem tengist heilbrigðisþjónustu er hægt að hringja í Upplýsingamiðstöð Heilsugæslunnar í síma 1700. Þar veitir hjúkrunarfræðingur upplýsingar og ráðgjöf frá klukkan 8 til 17 alla virka daga.



**Framtíðarreikningar** bankanna geta verið góð fermingargjöf. Ef lagðar eru 5.000 krónur inn á Framtíðarreikning Glitnis eða Framtíðarsjóð Sparisjóðsins leggja bankarnir 2.000 krónur inn á reikninginn á móti. Ef lagðar eru 20.000 krónur inn á Framtíðargrunn Landsbankans eða 30.000 krónur inn á Framtíðarbók KB banka er mótframlag bankanna 5.000 krónur. Framtíðarreikningarnir eru bundnir til átján ára aldurs.

**Skíðavikan** á Ísafirði verður haldin 12. til 17. apríl. Árlega leggur fjöldi gesta leið sína vestur um páska og er oft haft á orði að íbúafjöldi Ísafjarðar tvöfaldist í dymbilvikunni. Úrval listamanna hefur troðið upp á skíðaviku í gegnum tíðina og eiga margir sinn fasta sess í dagskrá vikunnar.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 4. apríl, 94. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.35 | 13.31 | 20.28 |
| Akureyri | 6.16 | 13.15 | 20.17 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Hávar sést hér, lengst til hægri, ásamt tveimur öðrum félögum sínum úr skokkhópnum Árbæjarskokki. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hleypur hátt í 100 kílómetra á viku

***Að hlaupa heilt maraþon þarfnast gífurlegra æfinga, hreystis og ákveðni. Leikritaskáldið og blaðamaðurinn Hávar Sigurjónsson æfir stíft þessa dagana fyrir eitt slíkt.***

Hávar tilheyrir vöskum skokkhópi sem kallar sig Árbæjarskokk sem nú er á kafi í undirbúningi fyrir Kaupmannahafnarmaraþonið sem fer fram þann 21. maí næstkomandi. Verður það fyrsta maraþonið sem Hávar þreytir en áður hefur hann skokkað nokkur hálf-maraþon. „Ég er að reyna að teygja mig aðeins lengra,“ segir Hávar.

Að sögn Hávars hefur hann verið með hlaupadellu síðastliðinn áratug og rúmlega það. „Þetta er góð hreyfing og mér finnst rosalega gott að stunda líkamsrækt úti. Ég kann því miklu betur heldur en að vera inni,“ útskýrir Hávar og bætir við að hann hjóli og syndi einnig.

Árbæjarskokk hittist þrisvar í viku og segir Hávar að lengst æfi hópurinn saman í þrjá tíma. „Við erum að fara inn í þyngsta hluta æfingaprógrammsins á næstu þremur til fjórum vikum. Þá verðum við að hlaupa á milli 80 og 100 kílómetra á viku,“ segir Hávar sem vonast til þess að ná að hlaupa alla 42 kílómetra maraþonsins á rúmum þremur og hálfum klukkutímum. Hann þverneitar hins vegar fyrir að vera sá besti í hópnum. „Nei, það eru þarna nokkrir öflugir hlauparar, menn sem eru búnir að hlaupa mörg maraþon.“

Hávar stefnir á enn frekari frama í langhlaupunum. „Ef ég kem vel út úr þessu hlaupi og verð alveg hress og kátur, þá ætla ég að skokka Laugaveginn um miðjan júlí. Svo get ég alveg sagt að gaman væri að hlaupa, í ekki mjög fjarlægri framtíð, maraþonið í Boston vegna þess að þar þarf maður að ná ákveðnum lágmarkstíma,“ segir Hávar að lokum um frekari markmið í maraþoninu.

*steinthor@frettabladid.is*

## Hugsum út í hætturnar

BÆKLINGUR UM ÞÆR HÆTTUR SEM AÐ HEILSUNNI GETA STEÐJAÐ Á FERÐALÖGUM ER KOMINN ÚT.

„Ferð þú til útlanda“ er heiti bæklings sem GlaxoSmithKline dreifir þessa dagana um höfuðborgarsvæðið og Akureyri. Þar er greint frá nokkrum algengustu sjúkdómum sem hyggilegt er að verja sig gegn áður en haldið er af stað til framandi heimsálfa. Þar eru lifrarblólga A, taugaveiki og malaría einna skæðastar. Helgi Guðbergsson, læknir á Heilsugæslunni í Reykjavík, segir algengt að fólk álpist af stað án þess að hugsa út í hætturnar. „Það er alltaf einn og einn sem kemur til baka sýktur, sérstaklega fólk sem oft fer í einhverjar stuttar ferðir og hefur sloppið og skynjar þetta því ekki sem sérstaka áhættu. Þó algengara sé að menn sýkist í langri dvöl en stuttri þá er hitt til líka.“ Hann segir fólki þó ekki skylt að bólusetja



Vissara er að láta bólusetja sig gegn ýmsum bakteríum og veirum áður en haldið er til Afríku.

sig. „Ísland er ekki með neinar kröfur í því sambandi en til eru lönd sem gera kröfur til ferðamanna um að framvísa vottorðum,“ segir hann og bætir við að lokum: „En aðalástæða sem Íslendingar hafa til að láta bólusetja sig er sjálfra sín vegna.“






**Pennasett** er klassísk fermingargjöf. Vandaður penni er lífstíðareign sem gaman er að eiga þegar gítarinn er kominn í geymslu, sængurfötin ónýt og spakmælabókin löngu týnd.

BEHRINGER
Vintager gítarpakki



Inniheldur:
Behringer gítar,
gítarmagnara,
gítarpoka,
gítaról,
gítarkennslubók,
gítarneglur
og gítarsnúru.
Verð: 16.500
TÓNABÚÐIN
Sunnuhlíð 12, 603 Akureyri s.462-1415
Skipholt 21, 105 Reykjavík s.552-4515
tonabudin.is

# Öðruvísi jakkaföt í ferminguna

***Hægt er að vera öðruvísi en samt fágaður á skemmtilegan hátt á fermingardaginn.***



Fermingarföt fyrir drengi gefa seint mikið tilefni til fjölbreytni. Það gerir það hins vegar ekki að verkum að allir þurfi að vera eins, í gömlu góðu svörtu jakkafötunum. Með því að líta aðeins út fyrir rammann má hæglega poppa verulega upp á útlitið án þess að glata stíl og snyrtileika.

Litaðar flauelsbuxur þykja sem dæmi afar svalar um þessar mundir auk þess sem einfaldar kúrekaskyrtur passa vel við. Vel sniðin jakkaföt eru samt ætíð lykillinn að flottum fermingardreng en þau þurfa samt sem áður ekki alltaf að vera hefðbundin og svört.

Fötin hér á síðunni eru frá Spútnik, Gyllta kettinum og Elvis.

*steinthor@frettabladid.is*






BRILLIANT
Laugavegi 49 - 551 7742 | Kringlunni - 588 9944 | Smáralind - 564 4120 | www.brilliant.is

ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á
vísir VEF TV
HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!

ÓTRÚLEG ÚTSALA :: OUTLET FISKISLÓÐ 75
FERMINGARSKÓR




OPNUNARTÍMI: Mán.-Fös. 13:00-18:00 & Lau. 12:00-16:00
Fiskislóð 75 (út á Granda), 101 Reykjavík, s:514-4407
XI8 REYKJAVÍK SKECHERS every1 FASHION SHOES

SAGA ÍSLANDS VIII
Meginheimild um sögu lands og þjóðar á árunum 1695-1795




Í VIII. bindi Sögu Íslands er fjallað um tímabilið 1695-1795, auk þess er greint frá bókmenntasögu 1750-1840 og listasögu 18. aldar.
Höfundar eru Lýður Björnsson, Guðbjörn Sigurmundsson og Þóra Kristjánsdóttir.
Hvernig var mannfjöldaþróun, stjórnskipun og stjórnsýsla, verslun og aðrir atvinnuvegir? Einkenndist 18. öldin af hnignun, kúgun og niðurlægingu? Hér er þvert á móti sýnt fram á framfarir í atvinnulífi sem leiddu til þéttbýlismyndunar. Rakin áhrif upplýsingarinnar og rómantísku stefnunnar á bókmenntir og listir.

Fyrri bindin eru öll fáanleg
– fleiri væntanleg
– frábær tækifærisgjöf
– tilboðspakkar

HIÐ ÍSLENZKA BÓKMENNTAFÉLAG 190 ára 1816-2006

Hið íslenska bókmenntafélag
Skeifunni 3b • Sími 588 9060 • Netfang: hib@islandia.is • Heimasíða: www.hib.is

**Bláfjöll** eru opin frá 14.00 til 21.00 og hægt er að komast á bæði skíði og bretti. Skemmtilegri heilsurækt er varla hægt að finna.



## Heilbrigð sál

BORGHILDUR SVERRISDÓTTIR
EINKAÞJÁLFARI OG B.A. Í SÁLFRÆÐI



# Tímastjórnun

Ég velti því fyrir mér hvort ég þjáist af tímaleysi eða sé snillingur í tímanýtingu. Svarið við þessari spurningu fer kannski eftir því hvernig maður lítur á hlutina. Ég er ein af þeim sem lít alltaf á glasið sem hálffullt, er bjartsýnismanneskja, reyni að hugsa jákvætt til sjálfrar mín og vil sjá endalausa möguleika og tækifæri alls staðar. Ég vil því halda fram að ég sé snillingur í tímanýtingu. Eirðarleysi er minn versti óvinur og ómeðvitað er ég oftast með mörg járn í eldinum. Þannig líður mér best. Er herþjálfuð í að skipuleggja hverja einustu stund dagsins og ég áorka miklu. Slíkir eiginleikar eru víst hátt skrifaðir í þessu þjóðfélagi og fólk hefur dáðst af atorku minni og vinnusemi. Ég þakka auðvitað fyrir falleg orð í minn garð og svara hæversk að þetta sé nú bara komið í ákveðna rútínu hjá mér og sé því lítið mál.

### Tímanýting, tímastjórnun, tímaleysi

Þegar ég leiði hugann hins vegar að fjölskyldu minni og vinum verð ég ekki eins ánægð með sjálfan mig, er ekki alveg eins mikill snillingur. Og þá þjáist ég allt í einu af miklu tímaleysi. Hef aldrei tíma til að heimsækja ömmu, kíkja í kaffi til vinkvennanna, heimsækja bræður mína, fara með litlu frænkur mínar í sund og bíó, hvað þá að laga viftuna, mála íbúðina, ganga á Esjuna, fara í bíó eða Bláa Lónið. Er nýtingin á tímanum svo skipulögð og niðurnjörvuð fyrir framkvæmdir og veraldlega velsæld, að ég hef gleymt að gera ráð fyrir að rækta samband mitt við fólkið mitt og sjálfan mig? Getur það verið að tíminn sé farinn að stjórna mér í staðinn fyrir ég honum? Vikurnar fljúga áfram og mánuðirnir og ég er föst í þessari snilldarlegu tímanýtingu minni. Búin að koma mér í alltof mörg verkefni til að draga saman seglin. Já, það er rétt! Tíminn stjórnar mér og nú þarf ég að leggja drög að flótta. Flótta frá ofurseldri tímanýtingu og tímaleysi.

### Að eiga sér stundir

Nú þrái ég ekkert heitar en að eiga lausar klukkustundir. Stundir til að dúlla mér við matseld, bjóða vinum í mat, hafa tíma til að breyta og bæta heimilið mitt, fara í rómantíska ferð í bústað, fara til ömmu án þess að vera á klukkunni eða til að laga blessuðu viftuna.

Stundum grípur mig jafnvel hin sorglega tilfinning að öfunda fólk, til dæmis að öfunda fólk sem á börn. Ekki endilega fyrir að eiga börn (þó það hlýtur að vera yndislegt) heldur af því að mörg þeirra eru komin heim klukkan fjögur eða fimm á daginn eftir að hafa sótt þau á leikskólann, en ég ekki fyrr en um átta á kvöldin (án þess að velta nokkuð fyrir mér þeim verkefnum sem bíða barnafólksins). Já, snillingurinn í tímanýtingu með glasið hálffullt verður fullur af sjálfsvorkunn yfir tímaleysinu og farinn að langa að lifa öðru lífi en sínu eigin. Búin að skipuleggja tímann í kaf. Allt þetta dregur svo úr sjálfstraustinu yfir eigin verðleikum og jafnvel einnig úr samskiptahæfni við þá sem eru manni næstir og vilja manni vel, vegna stress, vansældar vegna tímaleysis og ofurþreytu.

### En hvað getur maður lært...

Góðu fréttirnar eru hins vegar þær að ég hef lært ýmislegt á þessu, eins og til dæmis það að lífið er of stutt til að eyða því öllu í vinnu, þrátt fyrir að hún sé gefandi og áhugaverð. Þá hef ég líka sannreynt margoft að grasið er ekki grænna hinumegin. Allir hafa sitt og líka þeir sem við teljum að lifi hinu fullkomna lífi. Síðast en ekki síst hef ég lært að lífsins gildi liggja ekki í peningum, heldur heilsunni og þá ekki síst þeirri andlegu sem er á hættumörkum við aðstæður sem þessar. Góð tímastjórnun er ekki fólgin í því að nýta hverja stund til vinnuframlags heldur að nýta hann rétt, eins og til uppbyggingar og vellíðunar.

Svarið við vangaveltum mínum í upphafi er því augljóst. Ég bæði þjáist af tímaleysi og er snillingur í tímanýtingu, það er að segja að nýta vökustundir til framkvæmda. Ég er hins vegar ekki svo mikill snillingur í tímastjórnun, því tíminn hefur hingað til stjórnað mér. Já, þá hef ég sagt það! Það er því lag að vingast við tímann og standa þannig vörð um andlega heilsu mína, sem er bakhjarl árangurs og velgengni.

*Kær kveðja, Borghildur*

# Í þágu heilbrigðis

***Alþjóðaheilbrigðisdagurinn er 7. apríl.***



Siv Friðleifsdóttir tekur til máls á fundinum.

Einkunnarorð Alþjóðaheilbrigðisdagsins í ár er Samstarf í þágu heilbrigðis (Working together for Health). Dagurinn er haldinn árlega og verður hans að venju minnst í öllum aðildarríkjum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO). Í tilefni dagsins verður hér á landi efnt til morgunverðarfundar á Grand Hótel kukkan 8.15 til 10 þar sem fjallað verður um þema dagsins. Fundurinn er öllum opinn og til máls taka meðal annars Siv Friðleifsdóttir heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og Sigurður Guðmundsson landlæknir.

Heilsuvöru-
markaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6

**Næstu námskeið hjá Maður lifandi**
**06. apríl Eru geðlyf töfralausn eða martröð?**
kl 18:00 - 19:30 Benedikta Jónsdóttir
**11. apríl Sætuefnið Aspartam**
**– Er Diet kók betra en venjulegt kók?**
kl 18:00 - 19:30 Haraldur Magnússon osteópati
**25. apríl Er heilsan í fyrirrúmi?**
kl 18:00 - 19:30 Örn Jónsson sjúkranuddari
**09. maí 2006 Kennsla í notkun jurta og fæði við gigt** kl 18:00 - 19:30 Kolbrún Björnsdóttir grasalæknir




20% afsláttur af Nicorette*



1 Freshmint tyggigúmmí
Ný kynslóð
Mýkra undir tönn



3 Tungurótartafla
Lítil tafla með stórt hlutverk



2 Dagplástur
Sigraðu sígaretturnar á daginn og sofðu vel á nóttunni



5 Nefúðalyf
Dregur úr löngunninni með skjótum hætti



4 Innsogslyf
Dregur bæði úr reykingalöngun og reykingaávana

nicorette
nicotin

*Tilboðið gildir 2. - 8. apríl

Lyf & heilsa
Við hlustum!

Nicorette nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt, hvort hætta á reykingum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Í fylgiseðlinum eru upplýsingar um: verkun og notkun, varúðarreglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en lyfin eru notuð, hugsanlegar aukaverkanir og aðrar upplýsingar. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarleg hjartsláttarglöp eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf nema að ráði læknis. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.** Handhafi markaðsleyfis: Pfizer ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ. www.nicorette.is

Xylitol
Sætt & sykurlaust
NÁTTÚRULEGT 100% SÆTUEFNI
- Jafn sætt og sykur en með 40% minna af kaloríum
- Hindrar bakteríuvöxt í tönnum og stuðlar því að góðri tannheilsu
- Notað af milljónum um heim allan í matargerð, bakstur og fleira



XyloSweet sætuefni með Xylitol fæst í öllum helstu heilsubúðum
frekari upplýsingar um Xylitol er á www.simnet.is/xylitol

baline
NÝTT á Íslandi
Bailine vaxtarmótunarmeðferð
Eru línurnar vandamál?
Við bjóðum þér upp á ÓKEYPIS PRUFUTÍMA í tölvustýrðu þjálfunartæki á meðan þú liggur og slakar á í notalegu umhverfi.
Viltu grenna þig og minnka ummálið, nú hefur þú tækifærið.
Hringdu núna í síma 568 0510 og kynntu þér málið.
Þú hefur engu að tapa nema sentimetrum.
Fyrir konur 18 ára og eldri.
Vegmúli 2 108 Reykjavík sími 568 0510 www.bailine.is

STÆRSTA HEILSUVÖRUVERSLUN Á LANDSBYGGÐINNI
Póstsendum um land allt
Heilsuhornið
Glerártorg Akureyri S: 462-1889
heilsuhorn@simnet.is
www.simnet.is/heilsuhorn

YOGASTÖÐIN HEILSUBÓT
Síðumúla 15, s. 5885711 og 6946103
YOGA YOGA YOGA
Líkamsæfingar, öndunaræfingar
slökun og hugleiðsla
Sértímar fyrir barnshafandi
og kraftyoga
Allir yoga unnendur velkomnir
www.yogaheilsa.is • yogaheilsa@yogaheilsa.is

Silicol Skin
vinnur gegn fílapenslum og bólum.
Bindur bakteríur og húðflögur og dregur þær til sín.
Þannig getur þú haldið húð þinni mjúkri og hreinni og komið í veg fyrir bólur.
Fæst í apótekum.

Sykurlaus jógúrt!
Hreina lífræna jógúrtin frá Biobú er framleidd án sykurs.
Aðeins er notaður lífrænn hrásykur í öðrum jógúrt tegundum frá Biobú.
Bio•Bú
www.biobu.is var kosinn besti íslenski bændavefurinn
Biobú ehf. • Stangarhyl 3a • Sími: 587 4500 • Netfang: biobu@biobu.is • www.biobu.is

Holla saltið
• Seltin inniheldur helmingi minna natríumklóríð
• Seltin bragðast eins og venjulegt salt
• Seltin inniheldur mikilvæg steinefni
• Seltin stuðlar að meiri hollustu og heilbrigði
• Seltin er hollara en venjulegt salt
• Seltin inniheldur helmingi minna natríumklóríð
• Seltin bragðast eins og venjulegt salt
• Seltin inniheldur mikilvæg steinefni
• Seltin stuðlar að meiri hollustu og heilbrigði

allt tíska
Alla fimmtudaga



Herdís Storgaard, verkefnastjóri barnaslysavarna hjá Lýðheilsustöð.

# Svona á hjálmurinn að sitja

***Þegar kaupa á hjálm þarf hann að passa notandanum. Hann þarf líka að vera rétt stilltur því annars gerir hann lítið sem ekkert gagn.***

Þegar reiðhjólahjálmur er valinn þarf að hafa nokkur atriði í huga. Fyrst af öllu skal fullvissa sig um að hjálmurinn sé í réttri stærð. Mæla skal ummál höfuðsins þar sem það er breiðast, eða rétt fyrir ofan augabrúnirnar. Hjálmastærðir eru gefnar upp í cm bilum, til dæmis 53-58 cm og þarf talan sem fékkst út úr mælingunni að falla inn í þann ramma.

Hjálmurinn verður einnig að vera þægilegur. „Reiðhjólahjálmar hafa verið í stöðugri þróun,“ segir Herdís Storgaard verkefnastjóri barnaslysavarna hjá Lýðheilsustöð. „Fyrst þegar þeir komu á markað kvartaði fólk undan því að þeir væru stórir og klunnalegir og allt of heitir. Síðan þá hafa þeir lést og anda nú mun betur.“

Þegar búið er að velja réttan hjálm þarf að setja hann rétt á höfuðið. „Hjálmurinn á að ná niður að augabrúnum og rétt niður fyrir hnakkann þar sem höfuðið er breiðast,“ segir Herdís. „Hann má ekki hanga aftan á höfðinu því þá ver hann ekki ennið. Hann á að fara beint niður og á að passa vel þegar allir púðar eru komnir inn í hann.“

Ein algengasta villan sem fólk gerir þegar hjálmur er stilltur snýr að ólunum sem halda honum á sínum stað. „Hvor sínu megin við eyrað eru ólar sem koma saman í eina ól fyrir neðan eyrað. Þessi samskeyti eiga að vera rétt fyrir neðan og framan eyrnasnepilinn,“ segir Herdís. „Algengt er að þessi samskeyti séu beint fyrir neðan eyrnasnepilinn en þá situr ólin vitlaust og þrengir að hálsinum og stuðlar að köfnunartilfinningu. Til að hindra það hefur fólk ólina lausari og það gerir það að verkum að hjálmurinn er laus og rennur niður að aftan og hættir að gera tilskilið gagn.“



Hjálmurinn situr of aftarlega á þessari mynd og er ennið því óvarið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Svona á hjálmur að sitja á höfði. Nú ver hann bæði enni og hnakka. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Stöðugt er verið að rannsaka hvort notkun hjálma skipti máli. Þessar rannsóknir eru misgóðar en þær vönduðustu, þar sem tekið er tillit til hvort hjálmur sé rétt notaður, benda eindregið til þess að hjálmar bjargi mannslífum. Það er því áhyggjuefni að samkvæmt Herdísi er ástandið í hjálmamálum barna ekki nógu gott. Eftir mikinn áróður sem lauk með því að hjálmanotkun var fest í lög hefur höfuðmeiðslum barna í reiðhjólaslysum, þar sem hjálmar voru víðsfjarri, því miður fjölgað á ný. Herdís vill því brýna fyrir fólki að nota hjálma sem og annan varnarbúnað sem hjólaíþróttum fylgir. Sérstaklega tekur hún fram olnbogahlífar en brot á upphandleggjum geta verið mjög alvarleg hjá ungu fólki í vexti og jafnvel leitt til afmyndunar handleggja.

„Fólk má hins vegar ekki láta allan öryggisbúnaðinn sem fylgir hjólaíþróttum stoppa sig af. Hver verður bara að taka ábyrgð á eigin líkama,“ segir Herdís. „Það er um að gera að nota hjólin og öll þessi tæki til að fá fjölbreytta hreyfingu. Ég mæli hiklaust með því að allir hjóli, bæði ungir sem aldnir.“

tryggvi@frettabladid.is

Skíðavikan á Ísafirði
12. - 17. apríl
Fjölskylduskemmtun
Leiksýningar
Dansleikir
Snjóbrettamót
Skíðaskotfimi
Rokkhátíð
Samkaup úrval
SPVF SPARISJÓÐUR VESTFIRÐINGA
FLUGFÉLAG ÍSLANDS – fyrir fólk eins og þig!



Skaðsemi áfengisneyslu ungs fólks getur verið mjög mikil.

# Skaðsemi áfengis

***Nýir bæklingar um skaðsemi áfengisneyslu.***

Lýðheilsustöð hefur gefið út tvo nýja bæklinga sem bera heitið Hvað veist þú um áfengi? Annar bæklingurinn er fyrir ungt fólk og hinn fyrir þá sem eldri eru. Á heimasíðu Lýðheilsustöðvar, www.lydheilsustod.is er hægt að skoða bæklingana, og panta þá en einnig er hægt að nálgast bæklingana sem eru ókeypis í vínbúðunum.

# Þegar húsin valda veikindum

*Stundum virðist sem vanlíðan og veikindi blossi upp í ákveðnum húsum.*

Vanlíðan og veikindi sem tengja má ákveðnum húsum eða byggingum kallast á ensku „Sick Building Syndrome“ eða SBS. Þetta kemur fram í grein eftir Rob Hicks lækni á vefsíðu sjónvarpsstöðvarinnar BBC. Í þessu felst að þegar fólk kemur inn í einhverja ákveðna byggingu fer því að líða illa og verður jafnvel veikt, en batnar þegar það fer annað. Helstu einkennin eru höfuðverkir, særindi í hálsi, nefi og augum, óþægindi og kláði í húð, hósti, svimi og ógleði.



Í sumum byggingum finnur fólk til mikils slappleika.

Ekki er vitað hvað veldur þessu en nokkrar kenningar eru á lofti. Ein er sú að mikil mengun í umhverfi hússins valdi vondu lofti innanhúss. Önnur er að inni í byggingunni sé mengun af völdum sterkra og eitraðra hreinsiefna. Þá geta í húsunum leynst bakteríur og mygla, raki eða of þurrt loft auk þess sem slæm loftræsting getur verið óheilsusamleg.

Þar sem talið er að byggingatengd veikindi megi rekja að mestu til loftræstingar gætu aðstæður skánað ef hún væri tekin til endurskoðunar.

Ef grunur leikur á að bygging valdi veikindum er gott ráð að halda dagbók um einkennin og hvenær fundið er fyrir þeim auk þess að punkta niður hvað gerist við það að loka gluggum eða opna þá og fleira í þeim dúr.

Xlear nefskol með Xylitol
► Skolar burt bakteríum
► Hreinsar og eyðir ertingu í nefgöngum
► Hreinsar og varnar bólgu í ennisholum
Andaðu léttar með Xlear
Fæst í heilsubúðum og apótekum
Frekari upplýsingar á www.simnet.is/xylitol



Alls bárust Landlæknisembættinu 290 kvartanir og kærur árið 2005.

# Kvartanir og kærur

*Kvörtunum og kærum til Landlæknisembættsins hefur fjölgað töluvert milli ára.*

Landlæknisembættið fékk töluvert fleiri kvartanir vegna heilbrigðisþjónustu á síðasta ári en árið þar á undan, en skráðum kvörtunum og kærum fjölgaði úr 244 árið 2004 í 290 árið 2005. Kvartanir og kærur eru skráðar ef þær eru taldar það alvarlegar að landlæknisembættið sér ástæðu til þess að láta athuga málið. Þær kvartanir og kærur sem berast Landlæknisembættinu eru þó misalvarlegar og geta verið allt frá kvörtunum vegna samskiptaörðugleika við stafsfólk heilbrigðisgeirans yfir í kærur vegna alvarlegra mistaka.

vitamin.is
Heitustu vörurnar
Verslun Vítamin.is - Ármúla 32
s. 544 8000 • Opið mán-fös 10-18 & laug 11-15
Verslun Vítamin.is - Gránufélagsgötu 4 (JMJ Húsi)
s. 466 2100.
Opið mán-fös 16-18.30 & laug 11-13.

KENNARA-NÁMSKEIÐ FYRIR ÞIG?
ROPE YOGA WORKOUT
www.ropeyoga.is

Svefn & heilsa
SIGRÍÐUR BEINTEINSDÓTTIR SÖNGVARI
SVEFN & HEILSA EF ÞÚ VILT LÁTA ÞÉR LÍÐA VEL
Stórt páskaegg fylgir öllum dýnum fyrir páska
IQ-CARE HEILSUDÝNUR
iq-care.com
Svefnsófar
Verð frá 79.900.- stgr.
ÓTRÚLEG FERMINGARTILBOÐ
FERMINGARGJAFIR Í ÚRVALI
Sængurverasett
Pakkatilboð á hlífðardýnu, laki, og pífu
Munið gjafakortin
IQ-CARE HEILSUKODDAR
BIFLEX með IQ-CARE heilsudýnu 90x200 cm. Verð kr. 99.950 stgr.
Pocket Boxspring
90x200 kr. 24.900.- stgr.
120x200 kr. 29.900.- stgr.
140x200 kr. 34.900.- stgr.
Beauty Sleep
90x200 kr. 34.900.- stgr.
97x200 kr. 39.900.- stgr.
120x200 kr. 49.900.- stgr.
135x200 kr. 54.900.- stgr.
153x200 kr. 59.900.- stgr.
Healthy Sleep
90x200 kr. 44.900.- stgr.
97x200 kr. 49.900.- stgr.
120x200 kr. 59.900.- stgr.
135x200 kr. 64.900.- stgr.
153x200 kr. 69.900.- stgr.
Royalty
97x203 kr. 69.900.- stgr.
120x200 kr. 79.900.- stgr.
137x203 kr. 89.900.- stgr.
153x203 kr. 109.900.- stgr.
Verð með fótum og þykkri áfastri yfirdýnu.
Góðar dýnur í sumarbústaðinn
GÆÐI
GÓÐ VERÐ
ÞJÓNUSTA
ÚRVAL
ÞEKKING
REYKJAVÍK
AKUREYRI
Svefn & heilsa
Gerum tilboð fyrir hótel og gistiheimili.
Verið velkomin
www.svefn.is
Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

[ ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is ]

# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

TIL BIRTINGAR NÆSTA DAG ÞARF AÐ PANTA FYRIR KL. 14.30

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
MÁNUDAG TIL FÖSTUDAGS 8–18
LAUGARDAG OG SUNNUDAG 11–16

## BÍLAR & FARARTÆKI

bílalind
BÍLASALA



Mitsubishi Pajero 2.8 TDI Skrd. 5/1997 ek. 186þ.km, álf., cd, dráttarkúla, þjónustubók frá upphafi, bill í toppstandi. V. 1.090.000,- 100% lána möguleikar. Skipti möguleg. Uppls 580-8900 / 698-5801 / 896-0748 / 699-6661 www.bilalind.is



Toyota Rav 4 Skdr. 5/2002, ek. 121þ.km ABS, góður bill. V.1.790.000,- 100% lána möguleikar. Skipti möguleg. Uppls 580-8900 / 698-5801 / 896-0748 / 699-6661 www.bilalind.is



Suzuki Vitara JLXI Árg. 1995, sjálfsk. Bíll í toppástandi. V. 320.000,- 100% lána möguleikar. Skipti möguleg. Uppls 580-8900 / 698-5801 / 896-0748 / 699-6661 www.bilalind.is

**Bílalind**
**Vagnhöfði 9, 110 Reykjavík**
**Sími: 580 8900**
**www.bilalind.is**

bilaland.is
bílaland 575 1230



BMW 316I Nýskr: 09/2004, 1800cc 4 dyra, Fimmgíra, Ljósgrár, Ekinn 38.000 þ. Verð: 2.390.000



DAIHATSU APPLAUSE Nýskr: 04/1999, 1600cc 4 dyra, Fimmgíra, Rauður, Ekinn 82.000 þ. Verð: 460.000

bilaland.is
bílaland 575 1230



DAIHATSU YRV Nýskr: 02/2002, 1300cc 5 dyra, Fimmgíra, , Ekinn 50.000 þ. Verð: 840.000



HYUNDAI ACCENT Nýskr: 06/2002, 1500cc 5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósbrúnn, Ekinn 68.000 þ. Verð: 720.000



HYUNDAI ELANTRA Nýskr: 08/1998, 1600cc 5 dyra, Fimmgíra, Rauður, Ekinn 87.000 þ. Verð: 520.000



HYUNDAI SONATA Nýskr: 05/1997, 3000cc 4 dyra, Sjálfskiptur, Grænn, Ekinn 158.000 þ. Verð: 450.000



HYUNDAI TRAJET Nýskr: 10/2005, 2000cc 5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár, Ekinn 4.034 þ. Verð: 2.190.000



MITSUBISHI SPACE WAGON Nýskr: 10/1997, 2000cc 5 dyra, Fimmgíra, Blár / Grár, Ekinn 128.000 þ. Verð: 580.000



OPEL VECTRA Nýskr: 02/2000, 1600cc 5 dyra, Fimmgíra, Grænn, Ekinn 98.000 þ. Verð: 760.000

bilaland.is
bílaland 575 1230



PEUGEOT 406 Nýskr: 08/1999, 1800cc 5 dyra, Fimmgíra, Grár, Ekinn 117.000 þ. Verð: 680.000



RENAULT LAGUNA II Nýskr: 12/2002, 1800cc 5 dyra, Sjálfskiptur, Dökkgrænn, Ekinn 54.000 þ. Verð: 1.490.000



RENAULT MEGANE Nýskr: 06/2001, 1600cc 5 dyra, Beinskiptur, Hvítur, Ekinn 107.000 þ. Verð: 790.000



RENAULT SCENIC Nýskr: 09/1998, 1600cc 5 dyra, Fimmgíra, Fjólublár, Ekinn 104.000 þ. Verð: 470.000



RENAULT SCENIC II Nýskr: 12/2004, 1600cc 5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár, Ekinn 20.000 þ. Verð: 1.950.000



TOYOTA COROLLA Nýskr: 06/2004, 1600cc 5 dyra, Fimmgíra, Dökkrauður, Ekinn 48.000 þ. Verð: 1.480.000



TOYOTA COROLLA Nýskr: 12/1998, 1800cc 5 dyra, Fimmgíra, Hvítur, Ekinn 133.000 þ. Verð: 680.000



VOLKSWAGEN GOLF Nýskr: 09/2004, 0cc 5 dyra, Fimmgíra, Blár, Ekinn 30.000 þ. Verð: 1.750.000

bilaland.is
bílaland 575 1230



VOLKSWAGEN GOLF Nýskr: 06/2003, 1600cc 5 dyra, Sjálfskiptur, Svartur, Ekinn 81.700 þ. Verð: 1.470.000

**Bílaland, B & L**
**Grjótháls 1, 110 Rvk.**
**Sími: 575 1230**
**www.bilaland.is**

BÍLASALA ÍSLANDS



Ný Hobby Hjólhýsi á frábæru verði allar stærðir og gerðir 10 % útborgun rest lánuð til 84 mánaða

**Bílasala Íslands**
**Skógarhlíð 10, 110 Rvk.**
**Sími: 510 4900**
**www.bilasalaislands.is**

LITLA bílasalan www.litla.is S. 587 7777



Toyota Landcruiser 90 Lx turbo disel common R 12/2000, ssk, ek 183 þkm,(langkeyrsla), 38"breyttur,verð 2690 þús

**Litla bílasalan**
**Eirhöfða 11, 112 Rvk.**
**Sími: 587 7777**
**www.litla.is**

Breiðan ehf
821-6292



Iðnaðarmenn, verktakar, viðhaldsaðilar. Mercedes Bens 614D, árgerð 6/2003, ekinn 27 þús. km. 37 rúmmetra kassi, 5x3x2,5 álhillur og borð. Innangengt úr stýrishúsi. Stór hliðarhurð og afturhurð. Verð 2.980.000. m.vsk. S. 821 6292 / 540 5800.



Isuzu pick-up doublecab, árgerð 2000, diesel 3,1- turbo, sjálfskiptur, plasthús, brettakantar, 32" dekk, álfelgur, dráttarbeisli, ekinn 130 þús.km. 100% lánað, verð 1.290.000. S. 821 6292.



VW Transporter árgerð 7/96 sendibíll með gluggum, diesel, ekinn 160 þús., nýlega upptekin vél frá Kistufelli, sk. '07, 100% lánað. Verð 550.000. S. 821 6292.

**Breiðan ehf**
**Sími: 821 6292**

## Bílar til sölu



TOYOTA YARIS fyrst skráður 14.1.03. Vel með farinn konubíll, vínrauður, ek. 25. þ. km. Engin skipti. Uppl.í s. 892 7333.



VW Golf '99 1.6 EK.147þus Beinsk.5 gíra álfelgur á sumardekkjum, vetrardekk. Verð. 590þus. Áhvílandi 230þus. Tilbúinn að setja uppi í pallbíl uppl. S:8945247



**Fæst á yfirtöku !!!!**
Corolla,1.3 Vél,Árg 99,E-72Þ,SJÁLFSK,Cd,Spoiler,Verð 790Þ,yfirtaka 690þ,8972425



Ford Pickup f-150 árg '93 ek 77 þ mílur Uppl í s. 692 8159




Leitin að nýjum bíl hefst á www.islandus.com. Við seljum bíla langt undir markaðsverði, veitum öfluga þjónustu, allt að 5 ára ábyrgð og útvegum bílalán. Ef draumabíllinn þinn er ekki til á vefnum okkar í dag, finnum við hann fljótt með alþjóðlegri bílaleit. Gerðu kjarakaup í Bílabúð eða reyfarakaup á Bíla-Uppboði Islandus.com. Sími þjónustuv. 552 2000 og netspjall við sölumenn er á www.islandus.com.



**100% Lán - 100% Lán.**
GMC 1500 Sierra árg 2005 ekinn 55Þ km.einn með öllu.Verð 3,200.Fyrsta greiðsa í mai S :898-2111.



**100% LÁN - 100% LÁN**
FORD F 150 XLT ÁRG 2004 V8 TRIDON EKINN 50Þ KM VERÐ 2650 FYRSTA GREIÐSLA Í MAI S:898-2111.

Vaka Partasala Eldshöfða. Stærsta partasala landsins með yfir 100 bíla í porti og þúsundir varahluta á lager. S. 567 6860 og vakaehf.is

**Tilboð aðeins 150 þús.**
Ford KA árg. '98, ek. 104 þ., góður bíll á tilboði. Uppl. í s. 894 2172.

D.Feroza "91 til sölu ódýrt og einnig ýmis húsbúnaður. Upplýsingar í síma 8994246

## 0-250 þús.



Nissan Terrano 2,700cc Dísel 5 Gíra 2002, ek. 145 þ., 7 manna, vetrardekk, ný sumardekk 31"dráttarbeisli, verð 1.500 og afb. 28 þ., s. 849 9491.



Mazda 626 árg. '93, 4d, ssk. ek. 163 þ Uppl. s. 699 0309.



Opel Astra '97, sk. '07 án ath.semda, ný dekk, 4d. Verð 140 þús. Uppl. s. 699 0309.

allt bílar
Alla laugardaga



# ÁHUGINN ER Í GENUNUM

*Páll Sigurgeirsson hefur ætíð haft áhuga á tækjum og vélum.* SJÁ BLS. 2



# SJÚKRAFLUG OG SINUELDAR

*Þyrlur eru fjölbreytt atvinnutæki* SJÁ BLS. 6

[ SÉRBLAÐ UM VINNUVÉLAR OG STÓRA BÍLA – ÞRIÐJUDAGUR 4. APRÍL 2006 ]

# trukkar & tæki

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




## EFNISYFIRLIT


HENTA VEL ÞAR SEM AÐRIR HENTA EKKI
*GP kranar* BLS. 2

EKKI BARA BÍLAR
*Samgöngusafnið í Skógum* BLS. 4

BÍÓMYNDIR, SJÚKRAFLUG OG SINUELDAR
*Þyrlur eru fjölbreyttar vinnuvélar* BLS. 6

GÓÐIR, GRÆNIR OG UMHVERFISVÆNIR
*Hópferðabílar Guðmundar Tyrfingssonar* BLS. 8

EINS OG AÐ SITJA HEIMA Í STOFU
*Nýju MAN-vörubílarnir* BLS. 13








HVÍTA HÚSIÐ / SÍA



ERTU Í STELLINGUM
FYRIR STÓR VERKEFNI

Glitnir Fjármögnun býður fjölbreytta kosti við fjármögnun bíla og atvinnutækja.

Hafðu samband í síma 440 4400 eða kynntu þér málið á glitnirfjarmognun.is.

GLITNIR

# Hentar vel þar sem aðrir henta ekki

LÍTILL OG NETTUR BYGGINGAKRANI SEM FLJÓTLEGT ER AÐ SETJA UPP.

GP kranar hafa tekið í notkun krana sem er einskonar samsuða af byggingakrana og bílkrana. Hann er lítill og nettur, aðeins 36 tonn, en lyftir allt að 5 tonnum næst sér, eða 1200 kílóum í fimm metra hæð.

„Flestir byggingakranar eru á stellum og þá stærri þarf að taka í sundur og flytja á stórum vögnum. Þeir eru notaðir í lengri verkefni því það tekur heilan dag að koma þeim fyrir. Það tekur hins vegar aðeins sjö mínútur að reisa þennan og því hentugur þar sem þörf er á krana í stutta stund, jafnvel einn klukkutíma,“ segir Heiðar Jón Heiðarsson hjá GP krönum.



Nýi byggingakraninn hjá GP krönum er á hjólum og því einkar fljótlegt að stilla honum upp fyrir notkun. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Þetta er nýjung á Íslandi og kærkomin viðbót fyrir verktaka og smiði. Það fer líka lítið fyrir honum þannig að hægt er að koma honum fyrir þar sem aðrir komast ekki.“ Fyrirtækið er með 15 krana, frá 60 og upp í 300 tonn, fyrir utan nýja kranann. Heiðar segir að bylting hafi orðið í kranagerð um aldamótin. „Þá breyttust bómurnar þannig að nú er einn tjakkur í bómunni sem skýtur henni út. Áður var einn tjakkur í hverju útskoti. Tjakkarnir eru þungir svo bóman er mikið léttari núna og á sama tíma orðin mikið sterkari,“ segir Heiðar.



Páll Sigurgeirsson í bílskúrnum. Bíllinn í baksýn er Packard, árgerð 1954, sem dóttursonur Páls á. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Áhuginn er í genunum

Páll Sigurgeirsson hefur haft áhuga á tækjum og vélum eins lengi og hann man eftir sér. Hann segir svo farið með marga í sinni ætt.

Páll hefur alla tíð verið innan um vélar, með einum eða öðrum hætti. Hann lærði bifvélavirkjun en hefur líka unnið á sjó, bæði sem kokkur, háseti og vélstjóri, við viðgerðir í frystihúsum, skrúfuviðgerðir og skurðagröft.

„Ég hef alltaf haft áhuga á tækjum og vélum. Ein fyrsta minning mín er frá því að ég fann gamla aflagða saumamaskínu á loftinu heima. Ég stoppaði heillengi við hana og stúderaði hana,“ segir Páll sem fannst eftir talsverða stund á loftinu og var sóttur, enda kominn í jólafötin. „Í dag væri sagt að þetta væri í genunum.“



Ræktunarskurðirnir voru um 2,5 metrar að dýpt. Unnið var allan sólarhringinn á vöktum. Tveir voru á hverri vakt, annar að grafa og hinn að stinga fyrir bökkunum, sem var skilyrði. Seinna smíðaði Páll í félagi við aðra hníf sem var settur í beisli á traktor til sama verks og sparaði þannig heilan mann. LJÓSMYND: PÁLL SIGURGEIRSSON

Sumrin 1953-1957 var Páll að grafa ræktunarskurði á víragröfu en stundaði sjóinn á veturnar. „Við byrjuðum í maí eða júní. Vélin var flutt norður í Eyjafjörð á vagni aftur í bíl. Það var ekki pallur á vagninum heldur sat vélin á grind og hafði beltin rétt fyrir ofan jörðu. Þannig varð hún stöðugri og ekki veitt af eins og vegirnir voru í þá daga,“ segir Páll. „Við Fnjóská var brúin ekki gerð fyrir svona mikinn þunga. Vélin var því tekin af vagninum, leið fundin yfir ána og hún keyrð út í. Bakkinn hinum megin var of hár og því varð að keyra upp ána, undir brúna og upp á bakkann fyrir ofan hana.“

Eftir sumrin í greftrinum fór Páll að vinna í viðgerðum fyrir Vélasjóð Ríkisins. „Þeir voru með 32 vélar í einu þegar mest var. Fyrsta veturinn var ég á verkstæði í Kópavogi en um vorið fór ég austur á Egilsstaði og var þar í eitt og hálft ár að sjá um viðgerðir á vélum á Austurlandi.“ Eftir það fékkst Páll við ýmis störf eins og fyrr segir en áhuginn á vélum hefur aldrei dvínað.

„Ég hætti að vinna fyrir nokkrum árum. Maður er aðeins að mausa úti í skúr þegar best og blíðast er, aðallega í heimilisbílunum,“ segir Páll. Í skúrnum er forláta Packard að 1954 árgerð sem má muna sinn fífil fegurri. „Yngsti sonur minn keypti hann og ætlaði alltaf að gera hann upp. Nú á dóttursonur minn hann, ætli hann fari ekki að sjá um hann,“ segir Páll. Sonur hans fór í bifvélavirkjun eins og Páll og bætti síðar við sig tæknifræðinni. Hann á dóttur sem er líka með bíladelluna og er að sögn Páls að hugsa um að kynna sér bifvélavirkjunina. „Það eru margir í ættinni á fullu í þessu, þetta er mikil della,“ segir Páll og viðurkennir að líklega sé það rétt að áhuginn sé í genunum.



Myndin er tekin í Eyjafirði árið 1953 þegar Páll og Geir bróðir hans voru þar saman að grafa þurrkunar- og ræktunarskurði. Skurðgrafan er af PH-gerð en vörubíllinn er GMC trukkur sem Geir átti. Fólksbíllinn er Ford 35. LJÓSMYND: PÁLL SIGURGEIRSSON



Ekki var alltaf hlaupið að því að fara með vélar á verkstæði. Hér er búið að slátra gröfu á hentugu plani rétt hjá vinnusvæði. Ekki var óalgengt að skipta þyrfti um mótora í gröfunum úti á túni. Því þurftu allir sem unnu við gröft að kunna skil á vélum og viðgerðum. LJÓSMYND: PÁLL SIGURGEIRSSON

Mikil þróun hefur orðið á vélum á síðustu árum og Páll segir margar nýju vélanna stórkostlegar og fullkomnar. „Fyrir gamalmenni eins og mig þrýtur skilninginn á tæknibúnaðinum en það er margt gott að koma fram. Eyðsla í bílum er til dæmis ekki nema svipur hjá sjón. Í gamla daga var ekki verið að spá í eyðslu. 1948 var þumalputtaregla að ef bíll eyddi minna en 1 lítra á hver eigin 100 kíló á 100 kílómetra, þá þótti það gott. Þannig átti 1500 kílóa bíll að geta eytt um 15 á hundraði.“

Lífið gekk ekki alltaf átakalaust í skurðagreftrinum. Einhverju sinni þegar Páll sá um skurðgröfuviðgerðir á Fljótsdalshéraði var hann kallaður út til að bjarga gröfu sem hafði farið ofan í skurð nóttina áður. „Það var verið að grafa í Norðfirði í blautri mýri sem var góður halli í. Mýrin var það mjúk að hlerar voru hafðir undir gröfunni til að hún sykki ekki. Á næturvaktinni fór hún út af flekunum og rann ofan í skurð. Hún var svo djúpt sokkin að hún stóð ekki upp úr honum og sást ekki úr fjarska. Við höfðum ekki annað en handspil til að koma henni upp svo að við vorum að í tólf tíma, þangað til hún var komin upp á bakkann. Allt með handafli,“ segir Páll að lokum.

O&K Þjónusta

Þjónustuaðili:

Langendorf Fiat MSB New Holland NPK
Daewoo IR Montabert DEUTZ Kobelco

VélRás ehf.

Sérhæfð þjónusta við rafkerfi og glussakerfi

RAUÐHELLA 16 · 220 HAFNARFIRÐI · SÍMI 555 6670 · FAX 555 6671 · velras@velras.is

Slöngur og fittings á lager.

Smurþjónusta fyrir stóra bíla og vinnuvélar.

Setjum á og útvegum yfirbreiðslur á vagna.


Hágæða vinnuvélar
Traktorsgröfur, hjólaskóflur, hjólagröfur, beltagröfur
Venieri
hjólaskóflur og traktorsgröfur
Hydrema
hjóla-, traktors- og beltagröfur
og námubifreiðar
Fullkomið vélaverkstæði
fyrir jarðvinnuvélar
og flutningatæki
Verslun, með mikið úrval
varahluta í flestar gerðir
vinnuvéla
VÉLAR & ÞJÓNUSTA
Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is



Sverrir Magnússon, framkvæmdastjóri safnsins, við gamlan Ford vörubíl, árgerð 1946. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.



Hinn eini sanni póstbíll, Ford AA 1931 módel. Póstur var fluttur í þessum bíl frá Reykjavík til Akureyrar. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Allt sem tengist samgöngum

Samgöngusafnið í Skógum var opnað árið 2002, sem deild innan Skógarsafns, í 1500 fermetra húsnæði sem ekki veitti af stækkun í dag þar sem safnið hefur vaxið hratt.

Á hverju ári heimsækja um 40 þúsund gestir Samöngusafnið á Skógum, sem hefur að geyma vélar, bifreiðar, vinnuvélar, útvarpstæki og flest það sem viðkemur samgöngusögu Íslendinga.

Hugmyndin að Samgöngusafninu kom til vegna þess að Skógarsafn átti orðið töluvert af tækjaminjum sem fóru illa með gömlu hlutunum, og þótti viðeigandi að útbúa sérdeild. „Við leituðum til menntamálaráðherra á sínum tíma sem tók þessu vel og ákveðið var að hér skyldi rísa myndarlegt safn," segir Sverrir Magnússon, framkvæmdastjóri safnsins. „Við gerðum í kjölfarið samning við Þjóðminjasafnið og fengum ýmsilegt úr þeirra safni sem hafði verið gert upp," segir Sverrir. Svipaðir samningar voru gerðir við Vegagerð ríkisins, Rarik og Íslandspóst. „Safnið er orðið ansi myndarlegt og er alltaf að bætast við það," segir Sverrir og nú sé orðið þörf á stærra húsnæði og til standi að smíða geymslur. „Við fáum beiðnir í hverjum mánuði um að taka inn tæki sem vert er að geyma, því miður getum við ekki tekið við öllu," segir Sverrir.

„Við ætlum okkur að marka okkur sérstöðu sem safn á þessu sviði, enda á safnið engan sinn líka." Hann segir margt vera í bígerð, eins og að setja upp talstöðvarsafn. „Hér er skemmtilegt bíltækjasafn auk þess sem við erum með elstu símana og margt fleira," segir Sverrir.



Caterpillar beltaskófla, árgerð 1945. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.



Þrír traktorar. Deutz 1956 er lengst til vinstri, svo kemur Massey Harris Pony og Farma cub, og loks Ferguson sem er einn algengasti traktor á Íslandi. Hér áður fyrr þá skrapp fólk á þessum traktorum á milli bæja og í kaupstað. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.



Geir Zoëga vegamálastjóri var á ferð í París 1930 og sá þennan bíl og datt þá í hug að hægt væri að nota hann á Íslandi með því að taka af honum gúmmídekkin og setja skíði í staðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.



Citroën snjóbíll árgerð 1927. Var notaður til að ferja fólk yfir Hellisheiði þegar ófært var. Bíllinn var upphaflega hannaður af Citroën fyrir eyðimörkina Sahara, og var með gúmmídekkjum. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.



Gamall valtari frá 3. áratugnum. Hann var notaður við gatnagerð í Reykjavík í 30 ár og gekk undir nafninu Hitler. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.



Ford T-módel árgerð 1927. Þessi bíll er nákvæmlega eins og bíllinn sem fór fyrstu ferðina yfir Sprengisand 1933. FRÉTTABLAÐIÐE/E.ÓL.


Vörubíladekk

Heilsárs- og sumardekk

Dekk fyrir vörubíla, flutningabíla, hópferðabíla, vagna o.fl.

Áralöng reynsla við íslenskar aðstæður.



MIXA • fít • 60156

Ný og sóluð

Betra verð – fáðu tilboð!

Úrval af munstrum og stærðum á lager.

Helstu stærðir:

| | |
|---|---|
| 315/80R22.5 | 385/65R22.5 |
| 295/80R22.5 | 275/70R22.5 |
| 12R22.5 | 13R22.5 |

ALORKA

www.alorka.is Vagnhöfða 6 • 110 Reykjavík • Sími 577 3080




Priestman skurðgrafa, árgerð 1945. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.



NOTAÐIR DAGAR
Gröfur
Vörubílar
Sendibílar
Fullur sýningarsalur af notuðum
atvinnutækjum dagana 5 - 7 apríl nk.
Dráttarvélar
Lyftarar
Velkomin í stærsta sýningarsal
landsins fyrir atvinnutæki.
VÉLAVER HF
Krókhálsi 16 Sími 5882600 Fax 5882601 www.velaver.is


Kristján við hjólaskófluna í Vatnsskarðsnámu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Gerist ekki betra annars staðar

Kristján Þrastarson hefur unnið í Vatnsskarðsnámu síðan 2003.

„Ég hef verið á hjólaskóflu í tíu ár, síðan ég flutti suður. Utan eitt ár sem ég var á jarðýtu," segir Kristján. „Hjólaskóflan er allt öðruvísi en jarðýtan, hún er fyrir það fyrsta liðstýrð. Maður er samt ekki lengi að ná tökum á henni, það kemur alveg strax."

Vélin sem Kristján vinnur á er af gerðinni Volvo L-180. „Hún er tæp 30 tonn og tekur 5 rúmmetra í skófluna. Það þarf þrjár og hálfa skóflu til að fylla tengipall á vörubíl, svo það er ekki lengi gert. Það er líka mjög þægilegt að stjórna henni, tvær stangir og svo stýripinni fyrir stýri."

Þó að vinnudagurinn sé langur í námunni er Kristján sáttur við vinnustaðinn. „Efnið héðan fer út um allt, í götur, húsgrunna og steypistöðvar til dæmis. Hér er unnið frá átta á morgnana og til níu á kvöldin tvö kvöld í viku, á föstudögum til sex og laugardaga til fjögur. Þetta er því langur vinnutími en ágætlega borgað. Ég er því sáttur í námunni, þetta gerist ekki betra annars staðar," segir Kristján að lokum.

# Auðveld leið til að öðlast atvinnuréttindi

Vinnuvélanámskeið verða vinsælli með hverju árinu. Sífellt fleiri konur sækja námskeið.

Til þess að fá réttindi á vinnuvélar verður að ljúka þartilgerðu vinnuvélanámskeiði. Bjarni Bentsson er verkefnisstjóri hjá Þekkingarsetri Iðntæknistofnunar og sér um að halda slík námskeið, meðal annars eitt sem er í gangi á Akranesi þessa dagana.

„Það námskeið er skilgreint sem stóra vinnuvélanámskeiðið og veitir réttindi á allar vinnuvélar sem yfir höfuð þarf réttindi á," segir Bjarni. „Það er hægt að fara á styttra námskeið sem veitir takmörkuð réttindi en á þessu er meira tekið fyrir."

Námskeiðið er bóklegt, alls 80 klukkustundir. Yfirleitt er kennt á kvöldin og um helgar þar sem þeir sem sitja námskeiðin eru oft útivinnandi. Þegar námskeiðinu er lokið mega þátttakendur vinna á tækjum undir leiðsögn. Eftir ákveðinn tíma er kallað á prófdómara hjá Vinnueftirlitinu og standist viðkomandi prófið fær hann skírteini.


Bjarni við kennslu á Akranesi. FRÉTTABLAÐIÐ/EIRÍKUR KRISTÓFERSSON

„Ásóknin á svona námskeið er frekar að aukast en hitt. Það er mikið að gerast á þessu sviði og alltaf vantar fólk á vinnumarkaðinn. Þátttakendur koma alls staðar frá og eru á öllum aldri. Það er töluvert að færast í aukana að kvenfólk sæki námskeiðin," segir Bjarni. Aðspurður um hvað það er sem heilli fólk við vinnuvélar segir hann að svona námskeið sé auðveld leið til að öðlast vinnuréttindi. „Það er hægt að hafa ágætistekjur úr þessu ef mikið er að gera. Ef menn eru góðir fá þeir góðan pening. Flestir sem sækja námskeiðið standast prófið. Aðalmálið er að fólk labbi út með rétta hugsun varðandi öryggismál og þess háttar," segir Bjarni.

Tryggvi Gunnarsson er 42 ára og býr í Stykkishólmi. Af heilsufarsástæðum er hann frá vinnu þessa dagana og hafði því tíma til að sitja námskeiðið á Akranesi. „Ég er alinn upp í Flatey á Breiðafirði. Þar byrjaði maður á traktor og ámoksturstæki, maður þurfti að bjarga sér. Svo hefur maður gripið í skurðgröfu þegar nauðsyn krefur en það er náttúrulega út í hött að hafa gert það réttindalaus. Þó að maður treysti sjálfum sér þá eru það réttindin sem gilda og maður hefur oft hugsað um það út frá tryggingum, ef eitthvað kemur fyrir," segir Tryggvi sem ákvað að skella sér á námskeið þegar færi gafst.


Þátttakendur fylgjast áhugasamir með. Rætt er við Tryggva, til hægri, í greininni.

„Ég lenti á þessum prýðiskörlum. Námskeiðið er vel uppsett, gagnlegt og fróðlegt. Þó að maður telji sig nú vita ýmislegt þá er það aldrei svo að maður komi ekki fróðari heim eftir kvöldið. Ég hvet fólk eindregið til að sækja þessi námskeið, þau eru fyllilega þess virði," segir Tryggvi að lokum.

Hardox plötur
• Slitplötur í miklu úrvali
• Niðurefnun og efnissala
• Smíði úr Hardox
HÉÐINN
Stórás 6 • 210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101

VÍKURVAGNAKERRURNAR
ÞESSAR STERKU

Allar gerðir af kerrum
Allir hlutir til kerrusmíða
VÍKURVAGNAR EHF.
Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is

# Bíómyndir, sjúkraflug og sinueldar meðal verkefna

Þyrlur eru mjög fjölhæfar vinnuvélar.

Ekki eru allar vinnuvélar á fjórum hjólum eða beltum og málaðar gular. Hjá Þyrluþjónustunni mæta menn til vinnu á Bell 206 L, sem er þyrla fyrir 5-6 farþega með flugdrægni upp á þrjá og hálfan tíma.

„Við höfum verið að þessu síðan 1989. Mikið af verkefnum okkar er í mælingavinnu og allskyns vísindaverkefnum á jöklum fyrir Orkustofnun, háskóla og þess háttar. Um helmingurinn af okkar vinnu snýst í kringum kvikmyndaflug, bæði erlendar og innlendar auglýsingar og bíómyndir. Við tókum meðal annars þátt í Flags of Our Fathers sem Clint Eastwood leikstýrði," segir Jón Kjartan Björnsson hjá Þyrluþjónustunni.

„Við erum líka með steypusíló sem er hægt að nota til að steypa grunna og þess háttar á svæðum sem ekki er hægt að komast á með öðrum hætti. Svo erum við með búnað fyrir slökkvistarf sem hentar mjög vel í sinuelda," segir Jón Kjartan sem tók einmitt þátt í að slökkva sinuelda á Kjalarnesi um síðustu helgi.

Þyrluþjónustan bauð áður upp á farþegaflug en í kjölfar reglugerðabreytinga dugði leyfið þeirra ekki lengur. Nú er stefnt á að uppfæra leyfið og því geta áhugasamir fljótlega fengið sér flugferð með þyrluþjónustunni. Þyrlan býður líka upp á að flytja í henni sjúkrabörur og loks er hún með burðargetu upp á 600 kíló. Það nýtist til dæmis við að flytja endurvarpa og þess háttar á fjöll.


Jón Kjartan Björnsson við þyrluna sem hann segir að gröfumenn séu fljótir að ná tökum á. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Auk mín höfum við afnot af tveimur öðrum flugmönnum," segir Jón Kjartan. „Bóklega námið fyrir þyrlu er það sama og fyrir flug en verklegi hlutinn er bara á þyrlu. Eftir nokkrar viku fáum við í hús nýja tveggja farþega vél sem verður líka notuð fyrir kennslu. Svo eru uppi hugmyndir um að kaupa stærri vél með tveimur mótorum. Við höfum til dæmis lent í því að frægar stjörnur hafa óskað eftir flugi en orðið að hætta við vegna þess að vélin okkar er eins mótors. Tryggingafélögin þeirra fara fram á tvo mótora. Þetta er fjárfesting upp á 120 milljónir en þá getum við líka tekið stærri hópa. Svoleiðis vél tekur átta farþega án þess að það komi niður á flugþoli."

Jón Kjartan segir að vélin láti vel að stjórn og að hann hafi ennþá gaman af því að mæta í vinnuna eftir tuttugu ár í bransanum. „Ég fór í sunnudagsbíltúr út á flugvöll 1982. Þá var flugskóli á vellinum sem bauð frítt kynningarflug. Ég fór í loftið með þeim í 20 mínútur og nokkrum mánuðum seinna var ég kominn með einkaflugmannspróf. Svo kláraði ég þyrlupakkann í Kanada 1984. Hvað tækni varðar er þetta líklega líkast því að stjórna gröfu. Ég hef leyft gröfumönnum að prófa og þeir eru snöggir að ná tökum á þessu. Ég væri örugglega líka góður á gröfu," segir Jón Kjartan hlæjandi að lokum.







## DETA rafgeymar

# Orka sem þú getur treyst

✓Bílar ✓Bátar ✓Skip ✓Neyðarlýsingar ✓Orkuver ✓Lyftarar ✓Tjaldvagnar ✓Vélsleðar ✓Mótorhjól ✓Rafmagnsbílar ✓Hjólastólar

Deta rafgeymar eru framleiddir fyrir nánast allar stærðir og gerðir farartækja. Deta hefur í yfir 50 ár unnið sér nafn sem einn öflugasti rafgeymaframleiðandi heims. Með sífellt flóknari og fjölbreyttari farartækjum með sérhæfðan rafbúnað eykst þörfin fyrir öflugri og umfram allt traustari rafgeyma.

Við bjóðum allar gerðir af hleðslutækjum fyrir Deta.

Hafðu samband við sérfræðingana hjá Olís og fáðu nánari upplýsingar um yfirburði Deta rafgeyma.

Olíuverzlun Íslands • Sundagörðum 2 • Sími 515 1100 • Fax 515 1110 • www.olis.is

# Góðir og grænir – og umhverfisvænir

Hópferðabílar Guðmundar Tyrfingssonar eru smíðaðir af starfsmönnum fyrirtækisins. Mikil áhersla er lögð á umhverfis- og öryggismál.


Ný 43 farþega rúta í smíðum. Að sjálfsögðu er hún í ljósgrænum einkennislit fyrirtækisins. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Guðmundur hóf starfsemi sína 1962 með Dodge Weapon 1952. Í upphafi var aðallega um hóp- og fjallaferðir að ræða en Guðmundur sinnti einnig skólaakstri. Árið 1969 stofnaði hann svo fyrirtæki utan um reksturinn og sama ár fór á götuna fyrsta rútan sem smíðuð var hjá fyrirtækinu.

Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar og starfsmenn fyrirtækisins eru nú um 50. Bílaflotinn telur tæplega 40 rútur af öllum stærðum og gerðum, flestar smíðaðar hjá dótturfyrirtækinu Tyrfingsson sem auk þess rekur smurstöð, sinnir tjónaskoðun og sér um viðhald á bílaflota Guðmundar Tyrfingssonar.

Þessa dagana er í smíðum 43 farþega bíll sem verður hlaðinn þægindum, með salernisaðstöðu og þriggja punkta öryggisbelti fyrir alla. „Í raun er það ótrúlegt hversu lengi bílasmíðaiðnaðurinn hefur gengið upp hjá fyrirtæinu, ekki síst þar sem flestar rútur sem framleiddar eru í dag eru smíðaðar í fjöldaframleiðslu og í láglaunalöndum eins og Tyrklandi,“ segir Benedikt G. Guðmundsson, framkvæmdastjóri Guðmundar Tyrfingssonar. „Reyndin er að sjálfsögðu sú að okkar bílar eru talsvert dýrari. Á móti kemur að þeir eru meiri fjölnotabílar en gengur og gerist. Þeir eru smíðaðir á sjálfstæða grind og henta því jafnt í fínar hópferðir sem og í ferðir inn á miðhálendi.“

Öryggis- og mengunarkröfur fyrirtækisins eru mjög miklar. Við hönnun og smíði bíla eru þægindi og öryggi farþega í fyrirrúmi og með fyrirbyggjandi viðhaldi, öryggisbeltum í öllum sætum og hjólbörðum sem henta aðstæðum, svo eitthvað sé nefnt, leitast fyrirtækið við að halda uppi mjög háum öryggisstaðli.

Allir bílstjórar Guðmundar Tyrfingssonar fá þjálfun í vistakstri, sem lið í umhverfisstefnu fyrirtækisins. Að auki uppfylla nær allir bílarnir strangar mengunarkröfur Euro II og Euro III staðlanna. Fyrirtækið leggur líka áherslu á minni atriði sem eru umhverfinu til góða, eins og að nota olíukyndingu til að ná hita í vélarnar áður en þær eru ræstar og til að draga úr lausagangi. Starfsmenn eru meira að segja hvattir til að flokka rusl heimafyrir og er þeim gefinn aðgangur að flokkunarkerfi fyrirtækisins.

Einkennislitur Guðmundar Tyrfingssonar er ljósgrænn litur sem er vel í takt við græna stefnu fyrirtækisins. Næst þegar þú sérð ljósgræna rútu merkta Guðmundi Tyrfingssyni skaltu hugleiða að hún uppfyllir ekki bara ströngustu mengunar- og öryggiskröfur - hún er líka smíðuð á Íslandi.


Mikil áhersla er lögð á öryggi og þægindi farþega. Starfsmaður fyrirtækisins vinnur við raflagnir í nýja bílnum.







Kjartan Ólafsson bílstjóri hefur keyrt flutningabíl síðan 1966. Hann segir íslenska vegi ekki þola þungaflutningana sem um þá fara. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Ef veðrið er slæmt er ferðatíminn ansi fljótur að lengjast

Kjartan Ólafsson hefur keyrt flutningabíl á milli Akureyrar og Reykjavíkur í 38 ár.

Kjartan Ólafsson þekkir leiðina frá Reykjavík til Akureyrar betur en flestir aðrir. Hann hefur nefnilega keyrt flutningabíl þar á milli í 38 ár.

„Ég legg af stað frá Reykjavík á milli klukkan fimm og sjö á kvöldin og er kominn upp úr miðnætti á Akureyri. Svo mæti ég í fermingu klukkan tvö daginn eftir og keyri suður aftur,“ segir Kjartan. „Maður er svona sex tíma á milli, með lögboðnum 45 mínútna hvíldartíma. Ef veðrið er slæmt er ferðatíminn samt fljótur að lengjast. Mest hef ég verið 20 tíma á leiðinni suður. Það var fyrir mörgum árum. Veðrið hefur breyst mikið í seinni tíð, það er ekki lengur þessi mikla ófærð sem stundum var. Núna er minni snjór en meiri hálka.“

Kjartan segir bílana og vegina líka hafa breyst. „Þegar ég byrjaði að keyra var maður 12 tíma á milli á 23 tonna bíl. Nú þykir ómögulegt að vera lengur en sjö tíma á 49 tonna bíl. Fyrir þrjátíu árum var heldur ekki spotti af slitlagi á þessum kafla. Þó að vegirnir í dag séu skárri eru þeir ekki byggðir fyrir alla þessa þungaflutninga. Þeir þola þá ekki, undirbyggingin er svo léleg. Maður freistast því til að vera á miðjum veginum þegar maður er einn á ferð.“

Kjartan hefur keyrt flutningabíl frá 1966. Þar áður keyrði hann rútu hjá Norðurleið. „Þá kom maður ekki heim vikum saman. Ég færði mig á flutningabíl til að vera meira heima. Hér áður fyrr var ekki mokað nema tvisvar í viku og því var maður fastur þeim megin sem maður var á milli. Við leystum það með því að ég keyrði á móti strákunum að sunnan og skipti um bíl við þá, keyrði svo norður aftur og endaði heima hjá mér, búinn að stytta vinnuvikuna í tvo daga,“ segir Kjartan að lokum.

tækni þróun framfarir




KORTER

# RIMULA

## Super & Ultra

Shell hefur nú þróað nýjar olíur fyrir vélar og tæki
sem sniðnar eru að kröfum og þörfum vélaframleiðanda

- Tryggir hámarkssmurningu og endingu véla.
- Þolir afar mikið álag án þess að missa smureiginleika
- Olía sem þróuð hefur verið í samvinnu við framsæknustu vélaframleiðendur Evrópu sem vilja aðeins það besta fyrir sínar vélar



**Veldu það besta fyrir atvinnutækið þitt**

# Þarfasti þjónninn

Dráttarvélin tók við hlutverki hestsins og gefur fólksbifreiðum ekkert eftir í tækniframförum.

Í eina tíð unnu bændur næstum öll störf með berum höndum, hvort sem það var að safna slegnu heyi eða dreifa áburði á tún. Þarfasti þjónn bóndans var hesturinn sem dró það sem hann réði ekki sjálfur við; plóga, vagna og þess háttar. Þetta takmarkaði að sjálfsögðu afköst, framleiðslu og þar með innkomu bóndans.
Í dag er öldin önnur. Tækjafloti búa hleypur stundum á tugum milljóna króna og framleiðslugetan hefur eftir því aukist. Í stað hestsins reiðir bóndinn sig nú á kraftmikla dráttarvél sem er búin öllum helstu þægindum sem fólksbílar státa af. Og stundum meiru.

Guðni Ragnarsson er bóndi á Guðnastöðum í Austur-Landeyjum. Hann og kona hans, Arnheiður Dögg Einarsdóttir, hafa sér til halds og trausts fjórar dráttarvélar. Sú sem er í uppáhaldi hjá Guðna er af gerðinni Fendt 512 og kemur frá Þýskalandi. „Þetta er Bensinn í dráttarvélunum,“ segir Guðni en bætir við að fólk hafi svo misjafnar og sterkar skoðanir á tegundunum að líkja megi við trúarbrögð. „Hún er nú orðin gömul, var keypt ný 1999 en stendur fyrir sínu. Enda er þessi tegund traust og með lága bilanatíðni. Skilar því sem ætlast er til.“

Vélin er 125 hestöfl og auk þess að vera búin loftkælingu, góðu sæti, kæliboxi og fleiri nútíma þægindum er vinnuumhverfi hennar mjög þægilegt. „Allar stangir eru þægilega staðsettar og það fer vel um mann. Þetta er mest notaða vélin okkar,“ segir Guðni. Þau hjónin eru með kúabúskap og kynntust á Hvanneyri. „Við vorum bæði að læra búfræðinginn svo við verðum að vona að búið sé í góðum höndum,“ segir Guðni. Hann segir mikið af ungu fólki sækja í bústörfin. „Hér í Landeyjunum er meðalaldur bænda ekki langt frá þrítugu. Ég held að íslenskur landbúnaður hafi aldrei verið sterkari og því spennandi kostur fyrir ungt fólk.“

Til að lækka vélakostnað tilheyra hjónin búnaðarsambandi sem er sameignarfélag og kaupir reglulega ný tæki sem félagar leigja svo af sambandinu. „Þannig náum við góðri nýtingu á tækin og minni vélakostnaði. Tækin eru dýr en afkastamikil þannig að þetta kemur betur út svona,“ segir Guðni. Hann segir tækniframfarir í landbúnaðartækjum vera miklar. „Það er allt á fullu í þessu eins og öðru. Dráttavélar gefa bílum til dæmis ekkert eftir. Í dag er hægt að fá þær alsjálfskiptar og með GPS-tækjum,“ segir Guðni að lokum.



Guðni Ragnarsson bóndi á fjórar dráttarvélar. Í uppáhaldi er þessi Fendt 512 sem hann segir Bens dráttarvélanna. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

60% MARKAÐSHLUTDEILD Á ÍSLANDI ÁRIÐ 2004
MANITOU skotbómulyftarar - Þarfur þjónn, sem uppfyllir ströngustu gæði og væntingar þeirra kröfuhörðustu.

HANN ER GRIMMUR!

MANITOU MLT 634 TURBO INTERCOOLER

SKOTBÓMULYFTARI

**Fjórhjóladrifinn**
**Fjórhjólastýrður**
**Lyftigeta:** 3.400 KG
**Lyftihæð:** 6.050 MM
**Gafflar:** 1.200 MM
**Vél:** Perkins Turbo intercooler, 123 HÖ
**LOAD SENSING!!** Samtímis glussahreyfingar án aukins snúningshraða vélar.



- VIÐURKENND VARAHLUTAÞJÓNUSTA í 44 ár
- Útvegum notaða skotbómulyftara
- Úrval notaðra lyftara á lager

MANITOU

PON PÉTUR O. NIKULÁSSON ehf.
Melabraut 23 • 220 Hafnarfjörður
Símar 552 2650 & 552 0110 • FAX: 552 1588 • e-maiL: pon@pon.is



Kjartan við bílinn sem hefur verið í ökuhæfu standi síðan hann fékk hann. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Bjargaði bílnum frá því að verða vagn

Eignaðist síðar bílinn og hefur notað hann í 28 ár.

„Hann er ættaður frá Kálfaströnd í Mývatnssveit, frá Einari Ísfeldssyni,“ segir Kjartan Friðgeirsson um forláta Chevrolet vörubíl, árgerð 1946, sem er í hans eigu. „Þangað kom hann nánast nýr. Þetta var á þeim tíma sem fólk þurfti að sækja um leyfi fyrir svona tækjum. Þar var hann til 1978 þegar ég fæ hann, í september.“

Einar hafði lofað öðrum bónda bílinn og ætlaði sá að skera hann niður og nota í vagn. Kjartani þótti illa með góðan hlut farið og fékk þeim fyrirætlunum snúið við. „Það voru góðir menn á báðum endum og þeir féllust á að hætta við. Ég fór nú ekki fram á það fyrir mig sjálfan, en stuttu síðar bauð Einar mér hann. Hann var ekki í verra ástandi en það að ég keyrði hann suður eftir smálagfæringar. Það var mikið horft á bílinn á leiðinni,“ segir Kjartan.

Bíllinn hefur verið á númerum síðan. Kjartan hefur lagað ryð og þess háttar í rólegheitum og fimm árum eftir að hann fékk bílinn fór hann á honum fullkláruðum í Mývatnssveitina og hitti Einar aftur, sem leist mjög vel á bílinn sem átti að enda sem vagn. „Hann er í toppstandi í dag. Ég hreyfi hann reglulega og er þeirrar skoðunar að það sé betra, þetta stirðnar ekki á meðan.“

Kjartan lærði bifvélavirkjun í kringum 1960. Þá voru Chevrolet trukkarnir vinsælir og Kjartan segir gaman fyrir yngra fólk að sjá þessa bíla. „Þetta eru bílarnir sem lögðu vegina og keyrðu aflann.“ Auk vörubílsins á Kjartan 1947 árgerðina af Plymouth undir ábreiðslu í bílskúrnum. „Þetta er eins bíll og fyrsti bíll okkar hjóna. Ég var átta ár að gera hann upp. Hann komst á númer 17. júní árið 2000. Þetta er áhugamálið, ég sleppi sjónvarpinu og fer út í skúr í staðinn,“ segir Kjartan að lokum.



Hjörtur við malbikunarvélina. Hann segist alltaf vera að læra eitthvað nýtt í starfinu.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Berir að ofan með sjóðheitt malbikið

## Malbikunarvinna krefst útsjónarsemi og getur verið mjög skemmtileg.

„Þetta er skrítin vinna, maður þarf að vera útsjónarsamur og athugull og er alltaf að læra eitthvað nýtt,“ segir Hjörtur Traustason sem vinnur á malbikunarvél, eða útleggjara. „Þegar við malbikum erum við með útleggjara, tvo valtara, vörubíla sem koma með malbikið og svo heilan her af mönnum. Það skiptir öllu að vera með góða menn.“

Þessa dagana er lítið að gera í malbikun enda sumarið rétti tíminn fyrir slíkt. Malbikið er lagt út 120 gráðu heitt og því má ætla að veturinn sé óhentugur. „Í fyrra malbikuðum við samt næstum því allt árið. Áður var malbikið hitað með gasi. Núorðið eru hitaleiðarar í brettunum. Það er stykkið aftast á skúffunni sem leggur malbikið út. Hæðin á því ræður þykktinni á malbikinu,“ segir Hjörtur sem situr þó ekki auðum höndum í kuldanum því vélarnar þurfa sitt viðhald.

Áður fyrr var talað um að hraustir strákar gætu unnið sér inn góðan pening í malbikinu. Hjörtur segir enn ágætt að hafa upp úr þessu þegar mikið er að gera og að vinnan geti verið mjög skemmtileg. „Það er tekið eftir okkur. Þetta er orðið spennandi þegar allir eru komnir úr að ofan í hitanum. Þá er flautað á okkur. Skólastrákarnir sem eru með okkur á sumrin bera meira að segja á sig olíu,“ segir Hjörtur hlæjandi og bætir við að malbikun geti verið mikil skorpuvinna á sumrin. „Fólk þarf að vera hraust í þessu starfi. Sérstaklega skóflustrákarnir.“





FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000



VÖRUBÍLAVARAHLUTIR
SCANIA, VOLVO OG MAN
G.T. ÓSKARSSON
VESTURVÖR 23, 200 KÓPAVOGUR
SÍMI 554 6000
www.islandia.is/scania

HVELLUR.com
OFA
Við bjóðum heildarlausnir í snjókeðjum
Viðgerðir
Breytingar
Þjónusta
Súðavogi 6 104 Reykjavík Sími 577 6400

... LEGUR ...
SKF ..kúlulegur
..keflalegur
..veltilegur
..rúllulegur
..flangslegur
..búkkalegur
SKF
LANDVÉLAR
Smiðjuvegur 66 - 200 Kópavogur - www.landvelar.is
Sími 580 5800
Söluaðili Akureyri Sími 461 2288
STRAUMRÁS
Furuvellir 3 - 600 Akureyri

Traust
dráttarbeisli
Ásetning á staðnum.
VÍKURVAGNAR EHF.
Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is

AUGLÝSINGASÍMI
FRÉTTABLAÐIÐ
550 5000

# Gerir upp gamlar jarðýtur í í frístundum sínum

Magnús Bárðarson segist hafa mestan áhuga á gömlu „nöllunum“ vegna mótorsins.

Vinnuvélar og -tæki eru stór hluti af lífi flestra sem við þau starfa. Magnús Bárðarson hefur unnið á hverslags vinnuvélar meira og minna síðan 1963. Áhugi hans nær þó út fyrir starfið því í frístundum gerir hann upp jarðýtur sér til gamans.

„Ég byrjaði 1963 á víragröfu hjá Vélasjóði ríkisins. Síðan þá hef ég snert á flestum tegundum tækja, gröfum, jarðborum, heflum og jarðýtum til dæmis,“ segir Magnús. „1993 byrjaði ég að gera upp fyrstu ýtuna. Það var International TD 6, árgerð 1948. Ég hef mestan áhuga á gömlu „nöllunum“ af því hvað mótorinn er sérstæður, bensín- og dísilmótor í sömu blokkinni. Þetta er eini svona mótorinn sem ég hef kynnst og aðaláhugi minn á ýtunum er sprottinn frá því.“

Það tók Magnús þrjú ár að taka ýtuna í sundur, útvega mótor í hana, skipta um alla lagera, gera upp beltaganginn og rúllurnar og smíða veltibúr á hana. Hún var síðar seld og er enn gangfær í dag. „Sú næsta var International TD 9, 1971 árgerð. Hún var samt of ung fyrir mig og



Önnur ýtan var of ung og ekki með nógu sérstakan mótor. Auk þess hefur Magnús aldrei unnið á slíka vél, ólíkt hinum tveimur. Hún var því seld fljótlega eftir að mótorinn var kominn í hana.

ekki með þessum sérstaka mótor heldur venjulegum dísilmótor. Svo ég seldi hana líka,“ segir Magnús.

Þriðju ýtuna, sem Magnús er enn að vinna í, fékk hann svo í afmælisgjöf fyrir tveimur árum. „Sumum finnst kannski skrítið að fá ógangfæra ýtu í afmælisgjöf en hún var vel þegin,“ segir Magnús. Sú var eldri útgáfa af TD 9 vélinni, árgerð 1956, og með hálfdísilmótornum sérstaka. „Ég er búinn að taka mótorinn og húsið í gegn en hún er ekki tilbúin. Ég hugsa að ég eigi þessa þegar ég klára hana, í þeirri von að hún verði sú síðasta. Það bendir kannski til þess að menn séu eitthvað smáskrítnir ef þeir eru að standa í að gera upp svona gömul tæki. En svo sér maður líka fortíðina alltaf svolítið í ljóma. Þetta voru fyrstu tækin sem maður kynntist og hafði gaman af, sérstaklega mótornum,“ segir Magnús að lokum.



Magnús við núverandi ýtu, þá þriðju í röðinni. Hann segir mikið erfiðara að nálgast varahluti núna en fyrir tíu árum og að sumt þurfi hann að panta að utan.



TD 6 tilbúin. Óneitanlega glæsilegur gripur, enda sér Magnús enn eftir að hafa selt hana.

# Litla kvígan hún Bella

Í trukkasamfélaginu finnast margir stórir karlar með stóra upphandleggi. En ef vel er að gáð má einnig sjá nokkrar kjarnakonur þeysast um á stærðarinnar trukkum.

Kristín Dís Kristjándóttir er ekki mikið gefin fyrir lítil ökutæki enda brunar hún um á 40 tonna trukki í sinni vinnu. „Ég er búin að keyra vörubíla í átta ár með hléum,“ segir Kristín. „Ég hef líka verið á ýtu, stundum á gröfu og einnig á lyftara.“

Kristín er hæstánægð með trukkinn sem hún keyrir núna. „Hann fer vel með ökumanninn og tekur um fjórtán rúmmetra á pallinn,“ segir Kristín sem neitar fyrir það að vilja mála trukkinn í öðrum lit en appelsínugulum enda kann hún vel við litinn. „Tegundin á trukkinum er Bell og þetta er minni útgáfan af búkollu. Þess vegna kalla ég trukkinn Bellu og þar sem Bella er svona lítil þá kalla ég hana kvígu líka,“ segir Kristín og hlær.

Kristín vinnur aðallega við að leggja vegi, slóða og götur. Hún segir vinnuna reyna á bæði líkamlega og andlega. „Til dæmis þegar við vorum í hafnargerðinni við Þorlákshöfn þá þurftum við að bakka á þröngum svæðum með sjóinn báðum megin við okkur. Þannig að það var eins gott að hafa hugann við vinnuna þá. Í slíkum aðstæðum kæmi það sér illa að missa einbeitinguna,“ segir Kristín.

Þær eru fáar konurnar sem virðast leggja þennan starfsferil fyrir sig en Kristín segir að konur ættu ekki að vera hræddar við að prófa. Vinnuvélaheimurinn er oft kenndur meira við karla en Kristín segist ekki fá þau viðbrögð að hún sé í þeirra yfirráðasvæði. „Mér hefur alltaf verið tekið opnum örmum. Þeir eru mjög skilningsríkir þessar elskur,“ segir Kristín og hlær. Aðspurð viðurkennir hún fúslega að lagið „Ekkert mál“ með Grýlunum sé í uppáhaldi hjá henni. „Það er náttúrulega mjög gott lag en lagið „Caterpillar og ég“ með Baggalút er í enn meira uppáhaldi,“ segir Kristín og auðvelt er að sjá Kristínu fyrir sér sturta fjórtán rúmmetrum af grús raulandi söngva um appelsínugul Caterpillar tæki undir tónum Baggalúts.



Vinnufélagarnir Kristín Dís Kristjánsdóttir og kvígan Bella. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Eins og að sitja heima í stofu

Nýju Man vörubílarnir eru sérlega þægilegir og vel útbúnir.

Fyrir skömmu fengu BB og synir í Stykkishólmi afhentar tvær Man dráttarbifreiðar. Bifreiðarnar eru af gerðinni MAN TGA 26.530 BLS og eru kallaðar fimm stjörnu hótel. „Það eina sem vantar er potturinn,“ segir Gunnar Margeirsson, sölustjóri hjá Krafti, sem afhenti bílana. „Þetta er það flottasta frá Man, allt leðurklætt, sjálfskipting með tölvuskiptingu, 530 hestafla vél, sjálfvirk hitastýring í miðstöð, viðarlíking á mælaborði og allt í rafmagni. Speglar eru hitaðir og rafstýrðir, rúður hitaðar, rafmagn í loftlúgu, olíumiðstöð fyrir vél og hús og lakkið er sanserað, sem er ekki algengt á vörubílum í dag.“

Gunnar líkir bílunum við það að sitja heima í stofu í Lazy Boy stól. „Þeir eru með skriðstilli og eru á loftfjöðrum.“ Hann segir að það taki um 4-5 mánuði að fá svona bíl afhentan frá því að hann er pantaður. „Þeir einföldu eru fljótari í afgreiðslu, svona tvo eða þrjá mánuði. 98 prósent þeirra bíla sem við flytjum inn eru smíðaðir eftir óskum kaupenda. Þeir ráða því algjörlega hvaða aukabúnaður er í þeim, allt frá ísskápi til örbylgjuofns.“



Nýju Man vörubílar BB og sona eru með sanseruðu lakki, nokkru sem sést ekki oft á vörubílum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Að innan er bíllinn allur í leðri og viðarlíki.



Vart er þverfótað fyrir rofum og aukabúnaði í glæsilegu stýrishúsinu.



Kojurnar góðu. Í húsinu er olíumiðstöð sem heldur hita á því þó að vélin sé ekki í gangi.


*Ert þú leið(ur) á að skipta um perur?*



**DÍÓÐULJÓSIN FRÁ OKKUR ERU:**





ORKUSPARANDI
ÓBRJÓTANDI
10.000 KLST. ÁBYRGÐ
PASSA FYRIR ALLAR GERÐIR VÖRU- OG FLUTNINGABÍLA

**TRUCK - LITE**
**Ljósasamlokurnar frá okkur eru:**
ÓBRJÓTANDI
HÖGGÞOLNAR
ENDAST OG ENDAST

et EHF VERSLUN
Klettagarðar 11, 104 Reykjavík
Sími 568 1580 • Fax 568 0844



*Ljósin frá okkur geta lýst leið þína lengi lengi ...*



# Lyftir 30 tonnum af hafsbotni

Fjölhæft fljótandi vinnutæki og verkstæði í einum og sama prammanum.


Nýi pramminn þjónar margvíslegu hlutverki.

Orðatiltækið að vera á kafi í vinnu fær nýja merkingu þegar rætt er við starfsmenn Köfunarþjónustu Árna Kópssonar. Meðal verkefna sem þeir fást við er að gera við bryggjuþil, skera úr skrúfum, botnskoða skip með myndavélum, skipta um botnstykki, sinka og botnhreinsa skip. Allt neðansjávar.

Fyrr á þessu ári tók fyrirtækið í notkun nýjan pramma sem er gríðarlega notadrjúgur. „Pramminn er 15 metra langur og 7 metra breiður. Í honum eru tvær 180 hestafla Cummings vélar og hann gengur átta til níu sjómílur," segir Alexander Stefánsson. „Síðast var hann notaður til að flytja 350 metra af 12 til 14 tommu sverri lögn. Við lyftum henni af 20 metra dýpi og drógum frá Reykjavík til Hafnarfjarðar. Hann hefur líka verið notaður til að hífa upp báta sem hafa sokkið, meðal annars þann sem sökk í hörmulegu slysi á Viðeyjarsundi fyrir nokkru."

Pramminn góði hefur líka verið notaður til að moka skurði niður á sex metra dýpi, við kvikmyndatökur fyrir Clint Eastwood og við að lyfta 30 tonna stein af hafsbotni. „Það er það þyngsta sem hann hefur lyft," segir Alexander. Í prammanum er kaffiaðstaða fyrir starfsmenn og klefi fyrir vinnugalla. Þá er í honum 220 volta rafmagn, hiti og vinnuaðstaða með vinnuborði og verkfærum.

Alexander segir að köfunin geti verið lýjandi starf. „Við erum oft að vinna við mjög erfiðar aðstæður. Stundum er ekkert skyggni og maður þarf að nota hin skilningarvitin, þau sem maður notar ekki dagsdaglega. Við erum líka á vakt allan sólarhringinn og maður er oft kallaður út um miðja nótt. Ég var í sportköfun fyrst en er hættur því núna. Ævintýraljóminn fer af þessu þegar maður vinnur í kafi alla daga," segir Alexander að lokum.


Alexander að undirbúa prammann fyrir verkefni.


Vinnuvéladekk
Radial og Nylon
Dekk fyrir hjólaskóflur, búkollur, veghefla o.fl.





Betra verð – fáðu tilboð!

Helstu stærðir:

| | | |
|---|---|---|
| 13.00-24 | 14.00-24 | 15.5-25 |
| 17.5-25 | 20.5-25 | 20.5R25 |
| 23.5-25 | 23.5R25 | 26.5-25 |

ALORKA
www.alorka.is
Vagnhöfða 6 • 110 Reykjavík • Sími 577 3080
MIXA • fít • 60156



Hágæða vörur á góðu verði
auka- og varahlutir fyrir vinnuvélar, tæki og trukka

Varúðarljós • Ljóskastarar • Díóðuljós





aldrei að skafa
Webasto olíumiðstöðvar
Þú hitar bílinn áður en þú ferð út í kuldan og þarft aldrei að skafa!
Webasto Feel the drive

Parlok vörubílabretti úr polyethylen



SV vörubíldemparar
viðhaldsfríir - mjög sterkir



Ryðfríir kassar
margar gerðir frábært verð



Webasto olíumiðstöðvar
Parlok vörubílabretti
Varúðarljós, ljóskastarar, díóðuljós
Be-Ge vörubíla og vinnuvélastólar
BAWA ryðfríir kassar fyrir vörubíla

Bílasmiðurinn hf
Bíldshöfða 16 | 567 2330

# GPS í grjóthleðslu

GPS-tæknin er að ryðja sér til rúms í vinnuvélum. Hún er meðal annars notuð í staðinn fyrir hefðbundnar mælingar og merkingar í grjóthleðslu.

Eyþór Björnsson er gröfumaður sem þessa dagana er að vinna við að hlaða sjóvarnargarð á Stokkseyri. Vélin sem Eyþór er að vinna á er Caterpillar 365, tæplega 70 tonna vél með dálítið sérstökum aukabúnaði. Í vélinni er tölva og GPS tæki sem er tengt við nokkra skynjara um alla vél, þar af þrjá á bómunni sjálfri.

„Þetta er svona GPS vélstýribúnaður og er notaður sem útsetningartæki. Verkfræðingurinn setur inn teikningu og upplýsingar, í þessu tilfelli um sjóvarnargarðinn,“ segir Eyþór. „Skóflan er mælingin og á skjá í gröfunni sé ég þrívíðar myndir af gröfunni og verkinu og fæ upp tölur sem ég vinn eftir. Með þessu móti þarf ekki mælingamenn og nákvæmnin verður enn meiri en áður.“



Skjárinn sem Eyþór notar til að fara eftir. Hann kemur í stað mælinga og merkinga fyrir utan gröfuna.

Búnaðurinn var upphaflega í annarri gröfu sem notuð var til að hlaða sjóvarnargarð í Þorlákshöfn. Þar var hann notaður til að vinna með skófluna neðansjávar, með mikilli nákvæmni.

Eyþór lætur vel af Caterpillargröfunni og GPS-búnaðinum. Hann segir véladellu hafa rekið hann út í starfið fyrir 16 árum en þá byrjaði hann á traktorsgröfu. En er maður ekki lengi að ná tökum á svona flóknum búnaði eins og er í gröfunni? „Nei nei, maður þarf bara að kunna aðeins á tölvu,“ segir Eyþór að lokum.



Eyþór við gröfuna góðu. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.



Kristján er ánægður með nýja sorpbílinn og þá stefnu borgarinnar að nota umhverfisvænni bíla. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Hljóðlátari og þrifalegri

Nýr sorpbíll lyktar vel.

Síðasta sumar var tekinn í notkun nýr Mercedes Benz sorpbíll í Reykjavík. Það sem gerir hann allsérstæðan er að hann gengur á metangasi. „Kostnaðarlega sýnist mér að hann komi svipað út og olíubíll, frekar ódýrara en hitt,“ segir Kristján Ómarsson, bílstjóri bílsins.

„Mesti munurinn er sá að hann er hljóðlátari og þrifalegri. Það er engin sótmengun af honum. Mér finnst það góð stefna og framtak hjá borginni að taka í notkun metanbíla og mér skilst að það séu tveir í viðbót á leiðinni. Þessi bíll er að vinna vel og það er enginn hörgull á afli,“ segir Kristján. Bíllinn tekur tæp sex tonn af sorpi eða um 300 tunnur. Hann er töluvert lægri en eldri bílarnir og segir Kjartan að hann sé líkastur strætó að stíga upp í, gólfið sé svo lágt. „Það er mjög þægilegt að ganga um hann, hurðin opnast meira að segja eins og á strætó. Svo er engin lykt af honum, nema af sorpinu í allra verstu tilfellum,“ segir Kjartan að lokum.


vísir VEF TV

NFS Í BEINNI Á VISIR.IS

35.000 gestir vikulega sem dvelja í u.þ.b. eina klst. hver.

Auglýsingasími 550 5000. NFS



AUGLÝSINGASÍMI 550 5000 FRÉTTABLAÐIÐ






VOLVO

ÞÚ TREYSTIR REKSTRARÖRYGGI VOLVO

**Volvo uppfyllir þarfir þínar fyrir traustar vinnuvélar með breiðu vöruframboði vinnuvéla. Rekstraröryggi og ending atvinnutækja byggist á gæðum vélanna og öflugri þjónustu.**

Volvo EC240B beltagrafan er leiðtogi og er ein sú afkastamesta í sínum stærðarflokki í heiminum. Við hönnun hennar voru skoðanir og ábendingar stjórnenda vinnuvéla hafðar að leiðarljósi. Útkoman er traust og þægileg beltagrafa sem uppfyllir kröfur stjórnandans um rekstrarhagkvæmni, nútíma vinnuumhverfi og stjórntæki, afköst og endingu ásamt góðu aðgengi að öllum viðhaldsstöðum vélarinnar.

Komdu í Brimborg og kynntu þér breiða vörulínu á beltagröfum frá Volvo, allt frá 14 tonna gröfunni EC140B til hinnar framúrskarandi 46 tonna beltagröfu EC460B.

Brimborg, umboðsaðili Volvo, rekur öfluga þjónustu við eigendur og notendur atvinnutækja Volvo af öllum tegundum og stærðum.

Brimborg leggur metnað sinn í að uppfylla kröfur viðskiptavina sinna með það að markmiði að hámarka nýtingu atvinnutækjanna og að viðhald fjárfestingarinnar og þjónusta við hana sé í sérflokki. Þess vegna hafa þjónustuverkstæði Brimborgar fyrir atvinnutæki Volvo yfir að ráða fullkomnasta viðhalds- og tæknibúnaði sem völ er á auk þess sem þjónustan getur einnig farið fram á þeim stað, þar sem tækin eru í notkun.

**Nýttu þér þjónustusamninga Brimborgar. Þannig getur þú einbeitt þér að starfi þínu og látið fagmenn Brimborgar um að tryggja hámarksnýtingu vélanna.**

**Hafðu samband. Kynntu þér breiða vörulínu vinnuvéla Volvo.**

Ráðfærðu þig við sérfræðinga Brimborgar í atvinnutækjadeild. Tryggðu þér áreiðanleg atvinnutæki og öfluga þjónustu Brimborgar.

Til á lager Volvo EC20B smágrafa Volvo ECR58 smágrafa Volvo ED750 smádumper Hafðu samband!

Til á lager Volvo EW160B. Hafðu samband!

Til á lager Volvo EC180B. Hafðu samband!



**Volvo smávélar** Hjólaskóflur þyngd frá 4,3 t til 8,9 t Gröfur þyngd frá 1,3 t til 8,5 t

**Volvo hjólagröfur** Þyngd frá 13,4 t til 19,8 t

**Volvo traktorsgrafa** BL71 þyngd 8,6 t

**Volvo beltagröfur** Þyngd frá 13,4 t til 46,6 t

**Volvo vegheflar** Þyngd frá 15,5 t til 21 t

**Volvo búkollur** Burðargeta frá 24 t til 37 t

**Volvo hjólaskóflur** Þyngd frá 8,2 t til 52 t

brimborg

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.volvo.is**

*Öruggur staður til að vera á*



Sigtún 40

# RISASTÓR MARKAÐUR

## með geisladiska, DVD, músik og myndir

**Opnar sunnudaginn 2. apríl kl. 12.00**
**í Sigtúni 40 (gamla Blómaval)**

Opið alla virka daga frá 12.00 - 18.00

BERGVÍK — 12 Tónar — Músik ehf — MÚSIK & MYNDIR

Gott skíðafæri, spennandi menningarviðburðir. www.nordurland.is

## Gisting

Páskar á Akureyri, keahotel.is

## Fyrir veiðimenn






**Sauðnautaveiði**
Hreindýraveiði, stangveiði á Grænlandi í sumar. Nánari upplýsingar hjá Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónassonar ehf. S. 511 1515.




**Komdu að veiða!**
Uppl. á www.strengir.is og ellidason@strengir.is. Sími 567 5204 eða gsm 660 6890.

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

**Íbúð til leigu**
90 fm íbúð í 105 Reykjavík, laus í 4 mán. Leigurverð 100 þús./mán. S. 462 2229 & 862 0229.

150 fm 5 herb. raðhús með bílskúr í Setbergshverfi í Hfj. Leigutími frá 15. júlí í 1-2 ár. S. 895 0543.

Mínístúdíó. v/Laugav. kjallari. Laus. Hentar einstakl. Íssk. og þvtv. Sími: 868-9876

**Herbergi í 105 til leigu!**
Ný standsett 16 fm herbergi með sameiginl. aðg. að sturtu og WC, tengi fyrir sjónvarp (örbylgjuloftnet) og aðg. að þvottavél. Leiguverð kr. 35 þús. Innifalið rafm. og hiti. 2 mán. í tryggingu. Laust nú þegar. S. 567 2642 & 846 7011

Herbergi til leigu við Kleppsveg, sérinngangur. Uppl. í síma 553 2736.

Herbergi til leigu nálægt Hlemmi fyrir reyklausa. Aðgangur að baði, eldhúsi og þvottahúsi. Sími 562 4114 e. kl. 17.

Herbergi til leigu með aðgang að WC og eldhúsi gegn smá heimilisaðstoð. S. 864 6673.

## Húsnæði óskast

Reykl. par með ungt barn bráðv. 3-4 herb íbúð.Góð meðmæli uppl. í sima: 8458885/8468609

**HJÁLP!**
Vantar húnæði strax, er með hund (tík). Greiðslugeta 60 þús. á mán. Greiðsluþjónusta möguleg. Uppl. í s. 662 1494.

## Húsnæði til sölu

**Íbúð til sölu í Garðabæ.**
Glæsileg 121 fm 4herb íbúð með stæði í bílageymslu, að Strandvegi Garðabæ til sölu á 34,9m. Upplýsingar í síma 5887787 & 864-0803
**Nánari upplýsingar í síma 588 7787 & 864 0803**

## Geymsluhúsnæði




Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

## Gisting

Flóki Inn - Heimilisleg herbergi til leigu í lengri eða skemmri tíma á frábæru verði. Hafðu samband í síma 552 1155 eða sendu fyrirspurn á floki@inns.is

## Sumarbústaðir




**Hlið**
Á göngustíga, heimreiðar, vegi, girðingar, beitarhólf o.fl. Mikið úrval, margar gerðir og stærðir. Smíðað úr galvaniseruðu stáli. Öflugir burðarstaurar, einnig staurar með læsingu, nokkrar gerðir. Vélaborg Krókhálsi 5F 110 Rvk, 414 8600, Njarðarnesi 2, 603 Ak, 464 8600.

**Stéttarfélög, sumarhús til leigu**
Til leigu er gott 60 fm sumarhús á fallegum stað í uppsveitum Borgarfjarðar. Leigutími er júní, júlí og ágúst. Ódýr Lax og Silungsveiði er í næsta nágrenni, stutt er í sund, golf og hestaleigu. Uppl. í s. 891 9413 & 692 2164.

## Atvinnuhúsnæði

Skrifstofuherbergi til leigu í Ármúlanum. Góð aðstaða, hagstæð kjör. S. 899 3760.

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**Hvar ert þú að vinna í vor?**
Hive vantar gott fólk í úthringiver sitt með vinnutíma milli 18-22, mán-fim. Starfsmenn vinna 2-3 kvöld í viku og ef þú ert dugleg/duglegur og hefur áhuga á frábærum tekjumöguleikum, skemmtilegri vinnu og góðu vinnuumhverfi þá ert þú sá sem við erum að leita að.
**Áhugasamir sendi póst með helstu upplýsingum um sig á hordur@hive.is**

**Keiluhöllin Öskjuhlíð**
óskar eftir starfsfólki Í afgreiðslu á kvöld og helgarvaktir.
**Upplýsingar í síma 864 6112 eða á keiluhollin.is**

**Skalli Vesturlandsvegi**
Skalli Vesturlandsvegi óskar eftir starfsfólki í fullt starf og hluta starf.Uppl. á staðnum í dag milli 16-20.

**AMERICAN STYLE Á BÍLDSHÖFÐA OG SKIPHOLTI**
leitar að duglegum og traustum liðsmönnum í fullt starf í vaktarvinnu í sal og á grilli. Vilt þú vera hluti af frábærri liðsheild og vinna á líflegum vinnustað? Góð laun í boði fyrir kröftuga einstaklinga.
**Umsóknareyðublöð fást á öllum stöðum American Style, einnig á www.americanstyle.is. Upplýsingar um starfið veitir starfsmannastjóri Herwig s. 892 0274 milli 8:30-17:00**

**Aktu Taktu Skúlagötu og Mjódd Viltu vinna með skemmtilegu fólki?**
Ertu dugleg/ur og mætir á réttum tíma í vinnu? Góð laun fyrir líflegt og skemmtilegt starf í afgreiðslu. Hentar best fólki 18-40 ára en allir umsækjendur velkomnir! Hvort sem þú vilt vera í fullu starfi eða kvöldvinnu þá höfum við eitthvað fyrir þig. Aktu Taktu er á fjórum stöðum á höfuðborgasvæðinu.
**Umsóknir á aktutaktu.is og á stöðunum. Upplýsingar veitir framkvæmdastjóri (Óttar) í síma 898-2130, milli 9:00-17:00. Umsóknir á aktutaktu.is og á stöðunum.**

**Mosfellsbakarí**
Mosfellsbakarí á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu. Vinnutíminn er frá 7.30 - 13.00 virka daga og einn dag aðra hverja helgi frá 7:30 - 16:30.
**Nánari upplýsingar veitir Áslaug eða Ellisif í síma 553 5280.**

**Mosfellsbakarí**
Mosfellsbæ, óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu í eftirfarandi störf: fyrir hádegi frá 6:30-13:00, virka daga og einn dag aðra hverja helgi eða eftir hádegi frá 13:00-18:30, virka daga og einn dag aðra hverja helgi.
**Nánari upplýsingar veita Áslaug í síma 566 6145 & 660 2155.**

**Bakari Bakari.**
Bakarameistarinn Suðurveri óskar eftir alhliða góðum bakara sem er stundvís, ábyrgur og áreiðanlegur.
**Uppl.gefur Óttar Sveinsson framleiðslustjóri í síma 864 7733 eða á maili: ottar@bakarameistarinn.is**

**Rafvirkjar**
Óskum eftir að ráða rafvirkja til starfa við almennar raflagnir og tölvulagnir.
**Upplýsingar í síma 517 6900 eða 660 6901 á skrifstofutíma 9 til 17. Netfang: fagtaekni@fagtaekni.is**

**Viðhaldsvirkni ehf.**
Óskum eftir mönnum í múrviðgerðir og málingarvinnu utanhúss.
**Uppplýsingar í síma 661 0117.**

**Brauðberg Hagamel 67**
Óskar eftir góðu fólki til afgreiðslustarfa. Vinnutími 7-13 annan daginn og 13-18.30 næsta dag, Unnið er aðra hvora helgi eða eftir samkomulagi.
**Nánari uppl. gefur Steinar í s. 863 8009 & Anna Rósa í s. 869 3320.**

**Bifreiðasmiður**
Viljum ráða stundvísan bílasmið með starfsáhuga eða mann vanan bílaréttingum
**Uppl. í s. 482 2224.**

**Ræsting hentar vel fyrir heimavinnandi**
Morgunvinna, unnið til skiptis frá 8-12 og 8-14. Á vöktum, ca 50% starf.
**Uppl. og umsóknir á staðnum eða á www.kringlukrain.is**

**Starfsmaður óskast**
Dag, kvöld og helgarvinna. Umsóknareyðublöð á staðnum. Yngri en 19 koma ekki til greina. Ath. Reyklaus vinnustaður.
**Sólbaðstofan Smart, Við Ánanaust.**




## TIL SÖLU

## Laus störf hjá BYGG



**Verkstjóri garðyrkju**
Verkstjóri óskast til framtíðarstarfa. Byggingafélag Gylfa og Gunnars óskar eftir vönum manni í garðyrkjudeild fyrirtækisins. Starfið felst í að sjá um lokafrágang á lóðum. Einnig sér deildin um að fylla inn í grunna. Viðkomandi þarf að geta stjórnað mönnum og tækjum á nokkrum stöðum samtímis. Nánari uppl. gefur Guðjón í síma 562-2991.

**Gröfumaður á hjólavél**
Byggingafélag Gylfa og Gunnars óskar eftir vönum manni á nýlega hjólagröfu. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf fljótlega. Nánari uppl. gefur Gylfi í síma 693-7319.

**Byggingastjóri /Verkstjóri**
Byggingafélag Gylfa og Gunnars óskar eftir vönum byggingastjóra. Viðkomandi þarf að hafa reynslu af byggingastarfsemi og hæfileika til að stjórna hópi manna. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf fljótlega. Nánari uppl gefur Guðjón í síma 562-2991.

BYGG

## Leiðhamrar





Frum

Höll Fasteignasala er með til sölu eitt glæsilegasta einbýlishúsið í Grafarvoginum. Húsið er tæpir 200 fm og stendur á frábærum útsýnisstað innst í botnlanga þar sem Esjan skartar sýnu fegursta, húsið hefur verið endurnýjað að innan á afar smekklegan máta. Garðurinn er glæsilega hannaður og þarf mjög lítið viðhald, náttúrulegur gróður og móasteinar eru í bland við Ítalskar steinflísar og skjólveggi sem mynda stóra skjólgóða suðurverönd. Búið er að sækja um leyfi til stækkunar á húsinu og liggur það fyrir, en leyfilegt er að byggja um 150 fm til viðbótar við húsið sem gerir eignina enn meira áhugaverða.

***Allar nánari upplýsingar veitir Kristberg Snjólfsson í síma 892-1931***

HÓLL

Höll fasteignasala | Franz Jezorski lögg.fasteignasali | Skúlagata 17 | 101 Reykjavík

## Akkurat

**594 5000** Stórhöfða 27 // 110 Reykjavík
akkurat@akkurat.is // www.akkurat.is
Halla Unnur Helgadóttir, löggiltur fasteignasali

### OPIÐ HÚS Í DAG MILLI 17:00 - 18:00
### GVENDARGEISLI 48 - 113 RVK

Frum





**Sérhæð í Grafarholti.** Glæsileg, stór 3ja herb. 121,3 fm íbúð á 1. hæð með sérinng, stæði í lokaðri bílageymslu, sérverönd og garður. Vandaðar innréttingar, fullbúin án gólfefna. **VERÐ 25,8 millj.**

## Akkurat

**594 5000** Stórhöfða 27 // 110 Reykjavík
akkurat@akkurat.is // www.akkurat.is
Halla Unnur Helgadóttir, löggiltur fasteignasali

### OPIÐ HÚS Í DAG MILLI 18:30 - 19:00
### AKURHVARF 5 - 203 KÓP.

Frum





Glæsileg rúmgóð 3ja herb., ca. 108 fm íbúð ásamt stæði í bílageymslu. Í nýju lyftuhúsi. Glæsil. eikarinnrétt., fullb. með vönduðum gólfe. Þv.hús í íbúð. **VERÐ 25,7 millj.**

# Opið hús í dag, þriðjudag frá kl. 17-18




Frum

- 2ja, 3ja og 4ra herbergja íbúðir með sérinngangi
- Stæði í bílageymslu fylgir öllum íbúðum
- Ísskápur og uppþvottavél fylgja
- Granít á borðum í eldhúsi og baði, einnig í sólbekkjum
- Geymsla og þvottahús innan íbúðar
- Hagstæð áhvílandi lán



# Rauðavað 13-25
## Til afhendingar strax

HÚSIÐ
FASTEIGNASALA
*Heilshugar um þinn hag*
Sími 513-4300
Salómon Jónsson - lögg. fast.sali

# Við þurfum her !

Okkur vantar þjónustulipra, samviskusama, harðduglega og metnaðargjarna einstaklinga í vaxandi "þjónustuher" Digital Ísland.

Umsækjendur þurfa að vera 20 ára og hafa gilt bílpróf, einnig væri kostur að þeir hefðu eigin bíl til umráða. Áhugi og/eða þekking á tæknimálum er ótvíræður kostur. Bæði er í boði aðalstarf og aukavinna sem hentar vel t.d. með námi.

Nánari upplýsingar veitir Lára Guðrún Gunnarsdóttir í síma 515 6158 frá klukkan 09-17 á virkum dögum. Umsóknir skulu sendar á netfangið: lara.gudrun.gunnarsdottir@365.is

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtæki landsins sem starfar á íslenskum ljósvaka- og prentmarkaði.

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

*KLUKKAN 14.00 í gær.

**ICEX-15** 5.778 **+1,96%**

**Fjöldi viðskipta:** 401
**Velta:** 3.205 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Mosaic Fashions** | 0,56% | **FL Group** | 5,56% |
| **Marel** | 0,14% | **Glitnir** | 3,33% |
| | | **Alfesca** | 2,70% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 59,10 -1,50% ... Alfesca 3,97 -2,70%... Atorka 5,85 -2,50% ... Bakkavör 50,60 -1,56% ... Dagsbrún 6,71 -1,32% ... FL Group 20,40 -5,56% ... Flaga 3,03 -1,62% ... Glitnir 17,40 -3,33% ... KB banki 804,00 -1,47% ... Kögun 74,70 -0,40% ... Landsbankinn 24,00 -2,04% ... Marel 73,90 +0,14% ... Mosaic Fashions 17,90 +0,56% ... Straumur-Burðarás 16,90 -2,31% ... Össur 115,00 -0,43%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Skipst á kortunum

## Glitnir eignast meirihluta í Kreditkorti hf.

Glitnir og KB banki hafa gert með sér samkomulag um viðskipti á eignarhlutum í kortafyrirtækjunum Greiðslumiðlun (VISA) og Kreditkortum (Mastercard). Glitnir hefur keypt sextán prósent hlutafjár í Kreditkorti af KB banka og á þar með 51 prósent í félaginu. Jafnframt hefur Glitnir tryggt sér kauprétt að tæplega fjögurra prósenta hlut KB banka í Kreditkorti. KB banki kaupir 18,45 prósent í Greiðslumiðlun af Glitni og fer hlutur KB banka upp í 39,45 prósent af heildarhlutafé félagsins. Í tilkynningu frá bönkunum segir að markmiðið með viðskiptunum sé að aðgreina frekar eignarhald bankanna í greiðslukortafyrirtækjum á Íslandi. Bankarnir munu eftir sem áður bjóða viðskiptavinum sínum upp á greiðslukort frá hvoru kortafyrirtækjanna.

Landsbankinn var stærsti hluthafinn í Greiðslumiðlun með 38 prósenta hlut og heldur einnig utan um 20 prósent í Kreditkorti.

- eþa

# IG kaupir Saltur

Icelandic Group hefur keypt allt hlutafé í Saltur A/S í Danmörku, sem á allt hlutafé í Jeka Fish A/S í Danmörku. Jeka Fish hefur nýverið gengið frá kaupum á Atlantic Cod A/S og verða félögin sameinuð á þessu ári. Í sameiningu reka félögin tvær saltfiskvinnslur í bænum Lemvig á Jótlandi. Starfsmenn félaganna eru um 115 og árlega er framleitt úr um 14 þúsund tonnum af hráefni.



BJÖRGÓLFUR JÓHANNSSON, FORSTJÓRI ICELANDIC GROUP

Áætluð velta Saltur-samstæðunnar á árinu 2006 er um 300 milljónir DKK eða um 3.500 milljónir íslenskra króna og hefur hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) verið um 11 til 12 prósent af veltu.

Eigendur Saltur eru Sighvatur Bjarnason og Halldór Arnarson, sem jafnframt er framkvæmdastjóri, og tengdir aðilar. Kaupverðið verður greitt með nýju hlutafé í Icelandic Group að nafnvirði 135 milljónir króna. Eftir viðskiptin og hlutafjáraukningu í Icelandic Group munu hluthafar Saltur eiga 4,7 prósent hlutafjár í Icelandic Group.

- hhs

# TM leggur ekki fram tilboð í NEMI

Tryggingamiðstöðin mun ekki gera tilboð í norska tryggingafélagið NEMI eftir að stjórn félagsins félagins féllst ekki að styðja hugmyndir TM þrátt fyrir að meirihluti hlutafa í norska félaginu hefði lýst sig fylgjandi að selja bréfin. TM, sem á tæp tíu prósent í NEMI, lýsti því yfir við stjórnina að félagið hefði áhuga að leggja fram vinveitt kauptilboð í öll hlutabréf norska fyrirtækisins. Kemur það stjórn TM mjög á óvart að stjórn NEMI skuli ekki vera fylgjandi hugmyndinni þar sem að stuðningur meirihluta hluthafa var auðfenginn.

Stjórn NEMI segir að hún sé opin fyrir tilboði í félagið en á þessum tímapunkti geti hún ekki mælt með áætlunum TM, sem ætlaði að bjóða 62,5 norskar krónur í hvern hlut.

- eþa

# Nýr Norðurlandaforstjóri 365 ráðinn til starfa

Dagsbrún hefur ráðið Svenn Dam í starf forstjóra og varastjórnarformanns 365 Media Scandinavia A/S. Mun hann bera ábyrgð á uppbyggingu fjölmiðlastarfsemi í Danmörku en jafnframt kanna ný viðskiptatækifæri á sviði fjölmiðlunar á Norðurlöndunum. Svenn Dam hefur starfað í fjölmiðlum í fjöldamörg ár og hefur reynslu af stjórnun fyrirtækja, bæði á dönskum markaði og alþjóðlegum mörkuðum, meðal annars hjá Jyllands-Posten og Metro International. Fyrsta verkefni hans verða að koma á fót daglegu fríblaði í Danmörku í líkingu við Fréttablaðið.

- hhs




# Nýir tímar í verslunarmenntun

**Fundur á Grand Hótel 6. apríl kl. 8:15 – 10:00**

**Fylgist með stærstu breytingu í starfsmenntun á Íslandi**

**Fundurinn er öllum opinn sem hafa áhuga á nýjungum í starfsmenntun**

- **Nýir tímar í starfsmenntun verslunarfólks:** Emil B. Karlsson, SVÞ-Samtök verslunar og þjónustu
- **Education in the danish retail sector and future challenges:** Gorm Johansen, Menntaráðgjafi hjá Dansk handel & Service
- **Samstarf skóla og atvinnulífs í Danmörku (danska):** Herdis Poulsen, varaform. HK Handel í Danmörku
- **Ný námsskrá fyrir verslunar- og þjónustugreinar:** Ólafur Jónsson, ritstjóri námsskrár um Starfsnám þjónustugreina
- **Verslunarfagnám og nýliðafræðsla:** Hildur Friðriksdóttir, verkefnisstjóri í Verzlunarskóla Íslands
- **Diplómanám í verslunarstjórnun og viðskiptafræði með áherslu á smásölu:** Geirlaug Jóhannsdóttir, verkefnisstjóri á Viðskiptaháskólanum á Bifröst.
- **Fundarstjóri:** Stefanía Magnúsdóttir varaformaður VR

**Skráning hjá svth@svth.is eða í síma 511 3000**

Virðing Réttlæti VR

SVÞ Samtök verslunar og þjónustu

LÍV

# Sjómenn! - hver er staðan í öryggismálum í dag?

**Málfundir um öryggismál sjómanna hafa verið haldnir víða um land í vetur.**

***Lokafundur í málfundaröð um öryggi sjómanna verður haldinn í Hraunholti (Dalshrauni 15) í Hafnarfirði þriðjudaginn 4. apríl n.k. kl. 16.00 til 18.00***

**Sjómenn, útgerðarmenn og aðrir sem láta sig öryggi sjómanna varða eru hvattir til að mæta.**

**Dagskrá:**

1. *Setning fundar.* Fundarstjóri: Helgi Laxdal, formaður Vélstjórafélags Íslands.
2. *Áætlun um öryggi sjófarenda.* Samgönguráðuneyti.
3. *Staða verkefna áætlunar um öryggi sjófarenda 2005.* Siglingastofnun.
4. *Nýjungar í öryggisfræðslu sjómanna.* Slysavarnafélagið Landsbjörg og Slysavarnaskóli sjómanna.
5. *Upplýsingakerfi fyrir sjófarendur - Veður og sjólag.* Siglingastofnun.
6. *Kaffihlé (nýjungar í upplýsingakerfi um veður og sjólag).*
7. *Vakstöð siglinga. Leit og björgun á sjó.* Vaktstöð siglinga.
8. *Áherslur útgerðarmanna í öryggismálum sjófarenda.*
9. *Áherslur sjómanna í öryggismálum sjófarenda.*

Almennar umræður um öryggismál sjómanna að loknum erindum.

Léttar veitingar að loknum fundi.



**Fundirnir eru haldnir í tengslum við áætlun um öryggi sjófarenda og að þeim standa: Samgönguráðuneyti, Slysavarnafélagið Landsbjörg, Landhelgisgæsla Íslands, Samband íslenskra kaupskipaútgerða, Landssamband íslenskra útvegsmanna, Landssamband smábátaeiganda, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Vélstjórafélag Íslands, Sjómannasamband Íslands, og Siglingastofnun sem fer með framkvæmd áætlunarinnar.**

GLORIA SWANSON (1897-1983) LÉST ÞENNAN DAG

*„Allt skapandi fólk ætti að vera skyldað til að yfirgefa Kaliforníu í þrjá mánuði á hverju ári.“*

***Bandaríska kvikmyndaleikkonan Gloria Swanson lék í fjölmörgum frægum kvikmyndum, bæði þöglum og talmyndum.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST: 4. APRÍL 1973

# Tvíburaturnarnir opnaðir almenningi

Á þessum degi árið 1973 var World Trade Center-miðstöðin í New York borg opnuð með með mikilli viðhöfn. Bygging miðstöðvarinnar hafði þá staðið yfir frá árinu 1966. Hönnun World Trade Center var í höndum japansk-ameríska hönnuðarins Minoru Yamasaki og samanstóð miðstöðin af sex byggingum. Um fimmtíu þúsund manns sóttu vinnu sína í miðstöðina þegar mest var og hafði hún meira að segja eigið póstnúmer til að auðvelda póstþjónustu til fjöldans.

Frægastar bygginganna eru án efa svokallaðir tvíburaturnar sem teygðu sig 417 metra upp frá jörðinni. Turnunum var ætlað að verða hæsta bygging í heimi og tókst sú áætlun þótt metið hafi ekki staðið nema í eitt ár.

Miðstöðin hvarf svo sviplega af sjónarsviðinu í hryðjuverkaárás árið 2001 þegar tvær flugvélar flugu inn í tvíburaturnana. Nú stendur yfir endurbygging á svæðinu þar sem World Trade Center stóð.



ÚTSÝNI UPP Á TVÍBURATURNANA

## MERKISATBURÐIR

1897 Hið íslenska prentarafélag er stofnað. Nú starfar það sem hluti af Félagi bókagerðamanna.

1956 Alþýðubandalagið er stofnað en félagið er gert að skipulögðum stjórnmálaflokki árið 1968.

1964 Bítlarnir ná fimm efstu sætunum á Bilbord listanum yfir vinsælustu smáskífur Bandaríkjanna.

1968 Martin Luther King er myrtur í Memphis.

1968 Geimvísindastofnun Bandaríkjanna sendir geimfarið Apollo 6 af stað út í geiminn.

1970 Rúgbrauðsgerðin í Reykjavík skemmist mikið í eldi.



†

*Ástkær sonur okkar, unnusti og bróðir,*

**Pétur Benediktsson**

sem lést 27. mars sl., verður jarðsunginn frá Digraneskirkju miðvikudaginn 5. apríl kl 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Slysavarnarfélagið Landsbjörg sími 570 5900 eða Landsbjorg.is.

**Benedikt Þór Guðmundsson** **Guðrún Pétursdóttir**
**Sigríður Mogensen**
**Vignir Benediktsson**
**Sindri Benediktsson**
**Sigríður Birta Benediktsdóttir**



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Geir U. Fenger**
Lynghaga 7, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 5. apríl kl. 13.

**Pétur U. Fenger** **Sigrún Guðmundsdóttir Fenger**
**Anna Kristín Fenger** **Herjólfur Guðjónsson**
**Ida Hildur Fenger** **Skafti Jóhannsson**
**og afabörnin Úlfhildur, Kristján Geir, Geir Torfi, Tinna Björk, Kristjana, Kristín Dagbjört, Geir Ulrich og Anna María.**



†

*Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Jón Ólafur Halldórsson**
Birkiholti 4, Bessastaðahreppi,

verður jarðsunginn frá Bessastaðakirkju miðvikudaginn 29. mars kl. 13.00.

**Guðrún Ragnheiður Júlíusdóttir**
**Halldór Jónsson** **Erla K. Magnúsdóttir**
**Sigurður J. Jónsson** **Jenný K. Valberg**
**Jón Ragnar Jónsson** **Auður B. Bragadóttir**
**og barnabörn.**

†

*Sonur okkar, faðir, afi, bróðir og mágur,*

**Gunnar Magnús Kristjánsson**

lést mánudaginn 27. mars. Útför fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 7. apríl kl. 14.00.

**Gunnfríður Sigurðardóttir** **Bragi Valdimarsson**
**Guðrún Helga Gunnarsdóttir**
**G. Christooffer Gunnarsson**
**Óli J. Kristjánsson** **Jóhanna Jónasdóttir**
**Nanna R. Kristjánsdóttir** **George M. Vollmar**
**Þór R. Kristjánsson** **Elva B. Guðbjartsdóttir**
**Vernharður Ó. Kristjánsson** **Reneé Kristjánsson**
**og barnabörn.**



INGIBJÖRG JÓNA SIGURÐARDÓTTIR, KAFFIBARÞJÓNN ÍSLANDS Á Kaffitári í Kringlunni er hægt að bragða kaffið sem dómarar Íslandsmeistaramóts kaffibarþjóna urðu hrifnastir af. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

INGIBJÖRG JÓNA SIGURÐARDÓTTIR: ÍSLANDSMEISTARI KAFFIBARÞJÓNA

# Gamli uppáhellingurinn stendur alltaf fyrir sínu

Íslandsmeistaramót kaffibarþjóna hefur fest sig í sessi sem stórviðburður í heimi góða kaffisins. Sex ár eru liðin frá fyrstu keppinni og hefur hún verið haldin árlega síðan. Ingibjörg Jóna Sigurðardóttir, kaffibarþjónn á Kaffitári í Kringlunni, var sigurvegari keppninnar í ár sem haldin var um helgina.

„Þetta er alveg ólýsanlegt. Ég skil þetta eiginlega ekki,“ voru viðbrögð Ingibjargar þegar blaðakona spurði hana hvernig tilfinning væri að vera orðin kaffibarþjónn Íslands. Hún segist eiga mikið að þakka þjálfurum sínum og samferðafólki og að sigurinn væri ekki í höfn án þeirra hjálpar. Aðspurð segir Ingibjörg að í keppninni reyni á kaffigerðartæknina sem og kaffið sjálft. „Við gerum fjóra espresso og fjóra cappucino og svo er það frjáls drykkur sem keppandinn hannar sjálfur. Allt þarf þetta að gerast innan tímamarka og svo er litið til framkomunnar og hvort maður sé hress og skemmtilegur.“ Frjálsi drykkurinn hennar Ingibjargar var kaldur að þessu sinni, espresso kaffi með lavander sírópi og amaretto rjómasæng. „Mjög bragðgott,“ bætir hún við.

Framundan eru miklar æfingar hjá Ingibjörgu sem mun keppa fyrir hönd Íslands á heimsmeistaramóti kaffibarþjóna í Bern í Sviss 19. til 21. maí. „Núna er pínulítil hvíld í einn til tvo daga og svo taka við harðar æfingar fram að heimsmeistaramótinu,“ segir hún. Íslenskir keppendur hafa iðulega staðið sig með mikilli prýði á mótinu en Ingibjörg segist þó ekki ætla að láta miklar kröfur slá sig út af laginu. „Ég ætla að gera mitt allra besta. Ísland hefur verið mjög hátt skrifað í þessari keppni og farið hæst í annað sætið.“ Íslandsmeistaratitill Ingibjargar batt enda á tveggja ára sigurgöngu Te og kaffi í keppninni en fyrir þann tíma hafði Kaffitár hrósað sigri í fjögur ár í röð. „Í keppninni í ár voru bara þessi tvö fyrirtæki að keppa og ég myndi segja að þetta væru bara metnaðarfyllstu kaffifyrirtækin á Íslandi.“

Ingibjörg er verkstjóri í verslun Kaffitárs í Kringlunni og hefur starfað við kaffigerð í um eitt og hálft ár. „Ég byrjaði í hlutastarfi á Kaffitári í nóvember 2004 en svo fannst mér þetta bara vera svo æðislegt að ég fór að vinna í fullu starfi.“ Hún segist ekki beint vera kaffifíkill en kunna mjög að meta stundirnar yfir virkilega góðum kaffibolla. Aðspurð segist hún heldur ekki hafa hafnað gamla uppáhellingnum eftir að hún komst upp á lagið með fína kaffið. „Mér finnst uppáhellt kaffi mjög gott en þá sérstaklega gæðategundir frá Kaffitári þar sem ég kýs sumar tegundir fram yfir aðrar.“

## JARÐARFARIR

13.00 **Bjarni Jörgensson** verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.

13.00 **Már Ágúst Björgvinsson**, verslunarmaður, frá Hörgslandi á Síðu, Sóltúni 28, verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju.

13.00 **Kristín Kristjánsdóttir**, frá Hnífsdal, Sjafnarvöllum 2, Keflavík, verður jarðsungin frá Víðistaðakirkju, Hafnarfirði.

13.00 **Eilífur Gópi Hammond**, Egilsgötu 30, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík.

15.00 **Þorkell Stefánsson**, Aflagranda 26, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Neskirkju við Hagatorg.

15.00 **Guðlaugur Björgvin Þórðarson**, kaupmaður, Suðurgötu 36, Hafnarfirði, verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði.




Rúnar Geirmundsson · Sigurður Rúnarsson · Elís Rúnarsson

**Þegar andlát ber að**

**Síðastliðin 15 ár höfum við feðgar aðstoðað við undirbúning útfara.**
**Alhliða útfararþjónusta**
**Símar: 567 9110,**
**893 8638 og 897 3020**

Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990


## AFMÆLI



**Magnús Oddsson** ferðamálastjóri er 59 ára.



**Tómas A. Tómasson** veitingamaður er 57 ára.



**Gyrðir Elíasson** skáld er 45 ára.



**UNGT OG LEIKUR SÉR** Þessi myndarlegi pandabjörn heitir Tai Shan og leikur sér í dýragarðinum sínum í Washington. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


ORMSSON
SMÁRALIND 530 2900
SÍÐUMÚLI 9 530 2800
AKUREYRI 461 5000
KEFLAVÍK 421 1535
FRÁBÆRAR FERMINGARGJAFIR!
Pioneer
DCS-333 Heimabíóstæða
600 W Magnari (6x100 W) RMS
Tilboðsverð: 49.900
12 mán vaxtalausar greiðslur
Pioneer
DCS-232 Heimabíóstæða
360 W Magnari (5x60 W) RMS
Tilboðsverð: 29.900
SAMSUNG
Mp3 spilari
F1-XB 512mb Tilboðsverð: 14.990
F1-ZW 1 GB Tilboðsverð: 19.990
MIRAI
20" LCD sjónvarp
Upplausn 640 x 480
Skerpa 400:1
2x skart tengi
Textavarp
Tilboðsverð: 54.900
SAMSUNG
DVD-L70 Ferða DVD spilari
Tilboðsverð: 34.990
SAMSUNG
DVD-v6500
Sambyggt DVD & Video
Tilboðsverð: 19.900
SHARP 2x 50W
XL-MP110 Hljómtæki
Tilboðsverð: 22.900
SHARP 2x 5W
XL-MP40 Hljómtæki
Tilboðsverð: 12.900
Nikon Coolpix L1
5,1 milljón pixla myndavél
5x Optical aðdráttur
Tilboðsverð: 23.900
6
6 tæki í 1
SAMSUNG
VP-MS11
6 milljón pixla myndavél,
Mp3 spilari, Vefmyndavél,
video uptaka og hljóð uptaka.
Tilboðsverð: 39.900
Taska, hleðslutæki og hleðslurafhlöður fylgja!
OLYMPUS FE-115
5 milljón pixla myndavél
2.8x Optical aðdráttur
Tilboðsverð: 12.900
FYRIR iPOD
JAMO Ipod Hátalarar & tengikví
2x 75w + 150w bassi
Tilboðsverð: 33.900
OLYMPUS MJU-700
7,1 milljón pixlar
3x optical aðdráttur (35-105mm)
5x stafrænn aðdráttur
Val á milli 23 program stillinga
2.5" LCD skjár
Tekur upp myndskeið (video) með hljóði
Innbyggt 19,1 Mb minni
Notar XD minniskort
Vegur aðeins 103 gr.
Tilboðsverð: 24.900
SAMSUNG
Mp3 spilari
U1X 512mb: Tilboðsverð: 12.990
U1Z 1 GB: Tilboðsverð: 17.990
Smáralind
BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA
OLYMPUS SHARP SAMSUNG Pioneer Nikon MIRAI
www.ormsson.is
Þú gengur að gæðunum vísum...

**Vectavir** krem er áhrifaríkt lyf til meðferðar á frunsu af völdum Herpes Simplex. Vectavir virkar á öllum stigum frunsunnar frá sting eða æðasláttar til blöðru. Í Vectavir er virka efnið penciklóvír sem stöðvar framgang veirunnar. Vectavir er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Berið Vectavir á frunsusvæðið á 2 klst fresti í 4 daga. Berið á rétt fyrir svefn og um leið og vaknað er. Dæmigert er að frunsa komi fram við ofreynslu, kvef eða inflúensu eða í mikilli sól (t.d. á skíðum). Ekki á að nota lyfið ef að áður hefur komið fram ofnæmi fyrir penciklóvír, famciklóvír eða öðrum innihaldsefnum. Með Vectavir grær frunsan hraðar, verkir minnka og smittími styttist. Vectavir kremið 2 g fæst án lyfseðils. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.
**Otrivin** nefúðinn og nefdroparnir innihalda xýlómetasólin sem vinnur gegn bólgu, nefstíflu og slímmyndun vegna kvefs og bráðrar bólgu í ennis- og kinnholum. Otrivin virkar fljótt og áhrifin vara í 6-10 klst. Otrivin getur valdið aukaverkunum, s.s. ertingu í slímhúð og sviðatilfinningu. Einnig ógleði og höfuðverk. Otrivin má nota þrisvar á dag en ekki lengur en í 10 daga í senn. Varúð: Langtímanotkun Otrivin getur leitt til þurrks í nefslímhúð. Sjúklingar með gláku eða þeir sem hafa ofnæmi fyrir xýlómetasólin ættu ekki að nota Otrivin. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.
**Strepsils** töflur eru látnar renna í munni og leysast þar hægt upp. Þannig nást fram staðbundin sótthreinsandi áhrif í munni og koki. Auk þess hafa bragðefnin væg kælandi áhrif sem slá á ertingu. Venjulega er ein tafla látin leysast hægt upp í munni á 2-3 klst fresti. Lyfið þarf venjulega að nota í 3-4 daga og stundum í allt að eina viku. Einnig má leysa upp 1-2 töflur í heitu vatni og drekka sem heitan drykk. Notkun lyfsins hefur engin áhrif á önnur lyf sem notuð eru samtímis. Ofnæmi eða ofnæmislík viðbrögð geta komið fyrir en eru afar sjaldgæf. Hver pakki af Strepsils inniheldur 24 munnsogstöflur, sem eru í hentugum þynnupakkningum. Hverri pakkningu fylgja viðurkenndar leiðbeiningar á íslensku um notkun lyfsins, sem gott er að kynna sér vel. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.
**Voltaren Dolo®** (díklófenak kalíum) 12,5 mg töflur. Notaðar við vægum eða frekar vægum verkjum, svo sem höfuðverk, tannpínu og tíðaþrautum. Verkar einnig hitalækkandi. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða hafa haft sögu um maga- eða skeifugarnarsár eða skerta lifrarstarfsemi ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetýlsalisýru, íbúprófen eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leitið ráða læknis eða lyfjafræðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

KVEF?




Lyf & heilsa
Við hlustum!

Austurstræti · Austurveri · Domus Medica · Firði, Hafnarfirði
Fjarðarkaupum · Glæsibæ · Hamraborg Kópavogi
JL-húsinu · Kringlunni 1.hæð · Kringlunni 3.hæð · Melhaga · Mjódd
Mosfellsbæ · Salahverfi · Eiðistorgi · Hellu · Hveragerði · Hvolsvelli
Kjarnanum Selfossi · Vestmannaeyjum · Þorlákshöfn · Dalvík
Glerártorgi Akureyri · Hrísalundi Akureyri · Ólafsfirði · Akranesi · Keflavík

## STUÐ MILLI STRÍÐA Litlir kassar á lækjarbakka

**ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON** ÓTTAST AÐ ALLIR SÉU AÐ VERÐA EINS.



Það fór kuldahrollur um mig þegar ég las frétt um að meirihluti þjóðarinnar væri fylgjandi skólabúningum. Erum við virkilega orðin svo laustengd við raunveruleikann að við trúum að hægt sé að leysa félagsleg vandamál, einelti í skólum og aðra óáran með því að steypa allt unga fólkið okkar í sama mót? Drepa niður sköpunargleði og afmá persónueinkenni ungs fólks í mótun með því að troða krökkunum okkar í stöðluð júníform?

Ég veit ekki betur en efnamunur hafi verið áberandi í klæðaburði Íslendinga í það minnsta allt frá því Jón Hreggviðsson stal snærinu sællar minningar og samt höfum við þrifist ágætlega hingað til.

Þetta er galið og sjálfsagt versta hugmynd sem sögur fara af allt frá því Abraham Lincoln sagði við spúsu sína að sér leiddist heima og dró hana svo með sér í leikhús. Þar fyrir utan er þetta móðgun við alla uppreisnarseggi mannkynssögunnar sem margir hverjir fórnuðu lífi sínu til þess að rjúfa höft kúgunar og bælingar. Þau hljóta að snúast eins og rjómaþeytarar í gröfum sínum þau Sókrates, Janis Joplin, Pocahontas, Nietzsche, Jim Morrison og Sid Vicious. Til hvers var barist ef við ætlum á 21. öldinni að hraðspóla afturábak, stunda heilaþvott á unglingum og hlaða frekar undir bölvaða hjarðmenninguna?

Stéttamunur, hópþrýstingur og einelti ríkir víðar en innan skólalóðarmarkanna, fyrir utan það að fjöldi krakka hefur engan áhuga á því að ganga í merkjavöru, þau þora að standa á sínu og skera sig úr. Skólabúningar eru því engin lausn, aðeins ávísun á litleysi og leiðindi.

Þessi hugmynd og fyrirhugað reykingabann á opinberum stöðum eru nýjustu dæmi þess hvernig fasismi er farinn að skjóta rótum í gervi pólitískrar rétthugsunar. Þegar búið verður að staðla börnin okkar og úthýsa reykingafólki verða fitubollurnar skornar niður við trog. Fólk ætti því að fara varlega í að samþykkja svona vitleysu enda veit enginn hvenær röðin kemur að honum.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Pú og pa
Eftir SÖB




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott




ÍSÖLD
BÍÓMIÐI
ÍSÖLD 2
ICE AGE 2
PÁSKAMYNDIN 2006
ÍSÖLD 2
FRUMSÝND 6. APRÍL
UM LAND ALLT MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI
SONYERICSSON
SENDU SMS SKEYTIÐ
JA BTV
Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MIÐA FYRIR 2 OG FLEIRA!
9. HVER VINNUR
I
II
III
IV
VINNINGAR VERÐA AFHENDIR HJÁ BT SMÁRALIND, KÓPAVOGI. MEÐ ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB. 99 KR/SKEYTIÐ.
D3 MOBILE
BÍÓ.IS
Kellogg's
Pizza Hut
Landsbankinn





**Kl. 20.00**

*Lafleur fagnar nýrri heildarútgáfu á smásögum Tolstoys í þýðingu Gunnars Dal á Skáldaspírukvöldi í Iðuhúsinu. Þýðandinn les úr verkinu og síðan verður opið fyrir líflegar umræður.*

> **Ekki missa af...**

Fyrirlestri um særingar í húsi Sögufélagsins við Fischersund í kvöld kl. 20.30. Dr. Einar G. Pétursson flytur erindi um þetta krassandi efni.

Hádegistónleikum í Hafnarborg á fimmtudaginn. Bragi Bergþórsson syngur og Antonía Hevesi leikur á píanó. Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

Myndlistarsýningu Jónu Hlífar Halldórsdóttur „Gegnum - Through" í Kunstraum Wohnraum í Ásabyggð 2 á Akureyri. Sýningunni lýkur á fimmtudag kl. 17.00.

# menning

menning@frettabladid.is

# Luðrur og lúðar á tjaldinu

**Sigríður Pétursdóttir kvikmyndafræðingur veltir fyrir sér karlmennsku í íslenskum kvikmyndum í erindi á Kynjadögum Listaháskóla Íslands í dag.**



**SIGRÍÐUR PÉTURSDÓTTIR KVIKMYNDAFRÆÐINGUR** „Hvar eru hetjurnar, úrræðagóðir, atkvæðamiklir og heiðarlegir menn?" FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Karlmenn í íslenskum kvikmyndum eru upp til hópa óttalegir lúðar eða kvikindi að mati Sigríðar, sem hefur grúskað í íslenskum bíómyndum. Áhugi hennar kviknaði þegar hún velti fyrir sér persónuleika Hlyns Björns í 101 Reykjavík. „Hlynur Björn er alger liðleskja og skrýtinn karakter og síðan fór ég að telja upp fleiri íslenskar myndir og á endanum var ég búin að telja upp það margar að ég fór að halda að eitthvað væri til í þessu," segir Sigríður en áréttar að rannsókn hennar sé ekki vísindaleg heldur skemmtileg pæling sem hefur undið töluvert upp á sig.

Nú er Sigríður búin að skoða yfir þrjátíu myndir en í þeim koma sömu manngerðirnar fyrir aftur og aftur, eins og til dæmis aularnir - karlmenn sem ekki eru svo slæmir en allt gengur á afturfótunum hjá þeim. Til þeirra Bakkabræðra telur hún menn á borð við Salómon hinn drykkfellda í Stellu í orlofi, Tóta í Íslenska draumnum eftir Róbert Douglas og félagana Þór og Danna úr Lífsmyndum Þráins Bertelssonar. Svo koma kúgaðir eiginmenn, kynferðisbrotamenn, krimmar og dópistar ítrekað fyrir í ýmsum myndum.

„Í hnotskurn eru konurnar sterkar, konurnar hafa völdin en karlarnir eru veikir - ýmist kúgaðir eða ofbeldisfullir, halda framhjá konunum sínum eða eru algerir lúðar," segir Sigríður og bætir við að á þessu séu sárafáar undantekningar. „Mér var bent á að fyrirlesturinn gæti líka heitið „Bruce Willis er ekki íslenskur"."

Sigríður bendir á að þessar manngerðir megi finna í bókmenntunum og arfurinn þar sé ákveðin fyrirmynd. „Þó maður líti bara á verk Halldórs Laxness, Sölku Völku til dæmis. Það er næstum sama hvar mann ber niður, alls staðar eru menn sem ekki þora að taka af skarið." Hún vill þó ekki láta neitt með speglun menningarinnar á þjóðlífinu almennt. „Ég þekki marga menn sem eru miklar hetjur," segir hún hlæjandi.

Sigríður kveðst vilja sjá meiri breidd í íslenskum myndum. „Ég er alls ekki að segja að þetta séu vondar manngerðir sem við erum með, við eigum til dæmis alveg yndislegar andhetjur eins og Nóa Albínóa," segir Sigríður og bætir við að gamlir menn í íslenskum myndum séu oft dásamlegir og miklar hetjur. „En af hverju gerum við ekki myndir þar sem aðalpersónan er hetjan sem kemur til bjargar en ekki fórnarlambið sem lendir í hremmingunum?"

Erindi sitt flytur Sigríður í húsnæði LHÍ í Skipholti 1 kl. 12.30 í dag og eru allir velkomnir.

**kristrun@frettabladid.is**


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
ÁTTA KONUR
4. sýn. fim. 6/4 örfá sæti laus, 5. sýn. fös. 7/4 örfá sæti laus, 6. sýn. lau. 8/4 örfá sæti laus, 7. sýn. mið. 19/4 **síðasti vetrardagur** nokkur sæti laus, 8. sýn. fim. 20/4, 9. sýn. fös. 21/4, 10. sýn. lau. 22/4.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00
ELDHÚS EFTIR MÁLI
Fim. 6/4 örfá sæti laus, fös. 7/4 örfá sæti laus, lau. 8/4 **uppselt**, mið. 19/4 **síðasti vetrardagur**, fim. 20/4, fös. 21/4. **Sýningum fer fækkandi.**

KASSINN KL. 20:00
PÉTUR GAUTUR
Í kvöld þri. 4/4 **uppselt**, mið. 5/4 **uppselt**, fim. 6/4 **uppselt**, fös. 7/4 **uppselt**, lau. 8/4 **uppselt**, sun. 9/4 **uppselt**, fös. 21/4 **uppselt**, lau. 22/4 **uppselt**, sun. 23/4 **uppselt**, þri. 25/4 **uppselt**, mið. 26/4 **uppselt**, fim. 27/4 **uppselt**, fös. 28/4 **uppselt**, lau. 29/4 **uppselt**. **Aukasýningar í maí:** fös. 5/5 **uppselt**, lau. 6/5 **uppselt**, sun. 7/5 **uppselt**, lau. 13/5 **uppselt**. **Síðustu sýningar í vor.**

LEIKHÚSKJALLARINN
**Jassklúbburinn Múlinn - Eiríkur Orri og félagar.** Mið. 5/4 kl. 21:00
**Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!**
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295**.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.



BORGARLEIKHÚSIÐ

Stóra svið

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Lau 8/4 kl. 14 UPPS. Su 9/4 kl. 14 UPPS.
Su 23/4 kl. 14 UPPS. Su 23/4 kl. 17:30
Lau 29/4 kl. 14 Su 30/4 kl. 14
Lau 6/5 kl. 14 Su 7/5 kl. 14
Lau 20/5 kl 14 Su 21/5 kl. 14
Su 28/5 kl. 14
ÓSÓTTAR PANTANIR SELDAR DAGLEGA

KERTALJÓSATÓNLEIKAR
HARÐAR TORFA
FIMMTUDAGINN 6/4 Kl. 20

KALLI Á ÞAKINU
Fi 13/4 kl. 14 skírdagur UPPSELT
Lau 15/4 kl. 14 UPPSELT
Má 17/4 kl. 14 annar í páskum UPPS.
Fi 20/4 kl. 14 sumardagurinn fyrsti UPPS.
Lau 22/4 kl. 14

FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP
Su 30/4 kl. 20 UPPS. Má 1/5 kl. 20 UPPS.
Þri 2/5 kl. 20 UPPS. Mi 3/5 kl. 20 UPPS.
Su 7/5 kl. 20 UPPS. Má 8/5 kl. 20 UPPS.
Þr 9/5 kl. 20 UPPS. Mi 10/5 kl. 20 AUKAS.
Fi 18/5 kl. 20 UPPS. Fö 19/5 kl. 20 UPPS.
Fö 19/5 kl. 22:30 Su 21/5 kl. 20 UPPS.
Fi 25/5 kl. 20 AUKAS Fö 26/5 kl. 20 UPPS.
Fö 26/5 kl. 22:30 Su 28/5 kl. 20 UPPS.
Fi 1/6 kl. 20 Fö 2/6 kl. 20

VORSÝNING 2006
Listdansskóli Íslands
Þri 11/4 kl. 20 Mi 12/4 kl. 20

Nýja svið / Litla svið

BELGÍSKA KONGÓ
Fi 6/4 kl. 20 UPPS. Fö 7/4 kl. 20 UPPS.
Fi 20/4 kl. 20 Fö 21/4 kl. 20
Lau 29/4 kl. 20 Lau 6/5 kl. 20

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Lau 8/4 kl. 20
Fi 27/4 kl. 20 AUKASÝNING, á Stóra sviði
Su 30/4 kl. 20 AUKASÝNING
SÍÐUSTU SÝNINGAR Í REYKJAVÍK

HUNGUR
Fi 4/5 kl. 20 Su 7/5 kl. 20

NAGLINN
Fö 28/4 kl. 20 Lau 29/4 kl. 20

GLÆPUR GEGN DISKÓINU
Lau 22/4 kl. 20 Fö 28/4 kl. 20
Fö 5/5 kl. 20 SÍÐUSTU SÝNINGAR

FORÐIST OKKUR
Mi 5/4 kl. 20 Fi 6/4 kl. 20 UPPS.
Fö 7/4 kl. 20:30 UPPS. Lau 8/4 kl. 20 UPPS.
Su 9/4 kl. 20 Fi 20/4 kl. 20
Fö 21/4 kl. 20 Lau 22/4 kl. 20

DANSleikhúsið
Su 9/4 kl. 20 Þri 11/4 kl. 20
Mi 19/4 kl. 20 23/4 KL. 20

SÖNGLIST
Í dag kl. 17 Í dagkl. 20
Mi 5/5 kl. 17 Mi 5/5 kl. 20

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is



ÓPERUSTÚDÍÓ
NÓTT Í FENEYJUM
EFTIR JOHANN STRAUSS
Nótt í Feneyjum

**NÓTT Í FENEYJUM - eftir JOHANN STRAUSS**
4. sýn. þri. 4. apríl kl. 20 – 5. sýn. fim. 6. apríl kl. 20
6. sýn. lau. 8. apríl kl. 20 - SÍÐASTA SÝNING
Glitnir er bakhjarl Óperustúdíós Íslensku óperunnar
**Hádegistónleikar fim. 6. apríl kl. 12.15 - Kansónur úr suðri og norðri**
Kolbeinn J. Ketilsson, tenór og Anna Guðný Guðmundsdóttir, píanó
www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN



SÍÐUSTU SÝNINGAR
TYPPATAL MEÐ AUDDA
LEIKSTJÓRN: SIGGI SIGURJÓNS
Sýnt á NASA við Austurvöll
Miðvikudagur 12. apríl
Laugardagur 15. apríl
Miðvikudagur 19. apríl
Miðasala í síma 575 1550, verslunum Skífunnar og www.midi.is



IÐNÓ
*Leikfélagið Snúður og Snælda* sýnir leikritið
**GLÆPIR OG GÓÐVERK**
Byggð á verki Antons Delmer, "Don´t utter a note"
Leikstjóri: Bjarni Ingvarsson
leikgerð: Sigrún Valbergsdóttir
**Sýningar í IÐNÓ**
**Síðasta sýning fyrir páska**
**Aukasýning föstudaginn 7. april**
kl. 14.00 *ath. breyttan sýningardag*
**12. sýning fös. 21. april** kl. 14.00
**13. sýning sun. 23. april** kl. 14.00
**14. sýning mið. 26. april** kl. 14.00
**15. sýning sun. 30. apríl** kl. 14.00
*Ath síðasta sýning*
**Miðapantanir í Iðnó s. 562 9700 og við innganginn www.midi.is Miðaverð kr. 1.200**



AUGLÝSINGASÍMI
FRÉTTABLAÐIÐ 550 5000

# Fermingarbarn í vítislogum Hugleiks

MYNDASÖGUR

[UMFJÖLLUN]

Fjöllistamaðurinn Hugleikur hefur slegið verðskuldað í gegn með örmyndasögum sínum sem hann kynnti fyrst til sögunnar árið 2002 í bókinni Elskið okkur. Hver saga er yfirleitt ekki nema ein mynd, dregin einföldum, dálítið barnalegum dráttum en kolsvartur húmorinn og groddaskapurinn ber hins vegar vitni þroskuðu og næmu auga höfundar á nánast allt sem er brenglað, bogið og brjálað í mannlegri tilveru.

Hugleikur fer oftast nær langt yfir öll hefðbundin velsæmismörk (sem er gott) í örsögum sínum, sem eru fyrir vikið skarpar og hugvekjandi ádeilur.

Hugleikur heldur sig við þetta ágæta heygarðshorn í nýjustu bókinni sinni, Fermið okkur, en segir þó í fyrsta sinn eina eina langa sögu. Það vefst ekkert fyrir honum og ég er ekki frá því að hann toppi sín fyrri verk með Fermið okkur sem er einfaldlega frábær lesning, drepfyndin og baneitruð.

Sagan hefst á falli Lúsífers, sem er kastað úr himnaríki fyrir að éta flatbökur, drekka bjór og glápa á sjónvarp. Tónninn hefur verið gefinn og svo er hvergi slegið af á meðan fylgst er með honum Pétri sem er uppálagt af foreldrum sínum að fermast „eins og önnur börn“.

Pétur er hikandi og kynnir sér alla möguleika, ræðir við prest (en eins og í öllum alvöru bókmenntum er ekki að finna ærlega prestsskepnu í þessu verki) og kynnir sér borgaralega fermingu. Pétur glímir í leit sinni við flóknar guðfræðilegar spurningar um fyrirgefningu Guðs og fleira í þeim dúr. Allar þessar flækjur matreiðir Hugleikur á sinn einstaka og sýrða hátt og kryddar frásögnina dásamlegum aukapersónum eins og besta vininum Bergi, sem er með sjö augu og sér inn í framtíðina, lífsdagasöddum afa Bergs og draumadísinni Láru.

Þessar persónur öskra beinlínis „lesið okkur!“ og þeir sem hlýða ekki því kalli eru á villigötum og munu fara á mis við magnaða skemmtun. **Þórarinn Þórarinsson**




FERMIÐ OKKUR

**HÖFUNDUR: HUGLEIKUR DAGSSON**

**Niðurstaða:** Með þessu verki er Hugleikur tvímælalaust kominn í fullorðinna manna tölu. Tök hans á mínimalískum frásagnarhættinum og kolsvörtum húmor eru fullkomin og þessi fyrsta „langa“ saga hans toppar fyrri bækur hans með glæsibrag.

# Apríltangó í Iðnó

Í frosthörkunum er tilvalið að ylja sér við eldheita tangótónlist en í kvöld geta fótafimir og aðrir unnendur tónlistarinnar notið ljúfra tóna í Iðnó. Tangósveit lýðveldisins hefur staðið fyrir mánaðarlegu tangókvöldum við góðan orðstír en dagskráin hefst kl. 20.00 með leiðsögn fyrir byrjendur í danslistinni og klukkustund síðar mætir sveitin á svið og leikur undir ástríðuþrungnum dansi til kl. 23.00.

Tangósveitina skipa þeir Hjörleifur Valsson fiðluleikari, Tatu Kantomaa bandoneonleikari, Ástvaldur Traustason harmónikuleikari, Vignir Þór Stefánsson píanóleikari og Gunnlaugur T. Stefánsson kontrabassaleikari. Aðgangseyrir er 1.500 krónur.



**TANGÓSVEIT LÝÐVELDISINS** Bræðir svölustu hjörtu og fær fólk út á gólf.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRÍL

1 2 3 **4** 5 6 7

**Þriðjudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 20.00 **Ólafur Rúnarsson** tenórsöngvari og **Peter Ford** píanóleikari koma fram á Ljóðatónleikum í **Tíbrártónleikaröðinni** í **Salnum**.

### FYRIRLESTRAR

☐ 12.00 **Gísli Hrafn Atlason** heldur erindi á **Kynjadögum Listaháskóla Íslands** í húsnæði skólans í **Skipholti 1**. Fyrirlesturinn nefnist Hvað er femínismi?

☐ 12.10 **Örn Daníel Jónsson** fjallar um fjölgun erlendra starfsmanna á íslenskum vinnumarkaði í fyrirlestri á hádegisfundaröð **Sagnfræðingafélags Íslands** í **Þjóðminjasafni Íslands**.

☐ 20.30 **Dr. Einar G. Pétursson** flytur erindi um særingar að loknum aðalfundi **Félags þjóðfræðinga á Íslandi** í húsi **Sögufélagsins** við **Fichersund**.

### DANSLIST

☐ 20.00 **Tangókvöld** í **Iðnó**, kennsla í grunnsporum hefst kl. 20.00 en klukkutíma síðar stígur **Tangósveit Lýðveldisins** á stokk og leikur til kl. 23.00. Miðaverð 1.500.

### UPPÁKOMUR

☐ 20.00 **Lafleur** fagnar nýrri heildarútgáfu á smásögum **Tolstoys** í þýðingu **Gunnars Dal** á **Skáldspírukvöldi** í **Iðuhúsinu**.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


**VIÐTALIÐ**
eftir Lailu Margréti Arnþórsdóttur

Fimmtud. 6. apríl kl. 20.00
Föstud. 21. apríl kl. 20.00
Fimmtud. 27. apríl kl. 20.00

HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is



fjörið ... **Fólk** folk@frettabladid.is

# Slétt húð og löng augnhár

Hvern dreymir ekki um ofsalöng og fögur augnhár? Nýi lengingarmaskarinn L'extréme frá Lancome inniheldur silkiþræði og hefur góða viðloðun sem lengir augnhárin. Þessir þræðir hjúpa augnhárin frá rót að enda og tryggja þannig ótrúlega lengingu, allt að sextíu prósent. Burstinn grípur hvert hár fyrir sig svo það er fullkomlega þakið en augnhárin haldast þó aðskilin. Það dugir að nota maskarann einu sinni á dag því hann endist allan daginn. Þetta er nokkuð sem engin kona má láta framhjá sér fara. Maskarinn fæst í nokkrum litum og mælum við með þessum bláa sem frískar svo sannarlega upp á útlitið.



Það er þó alls ekki nóg að augnhárin séu löng og glæsileg. Það verður að huga að húðinni. Nýi Teint Idole Ultra farðinn frá Lancome framkallar silkimjúka áferð en farðinn endist í allt að fjórtán klukkutíma án þess að renna. Farðinn hylur vel án þess að vera sýnilegur. Hann sléttir úr húðinni og jafnar húðlitinn.




FRJÁLSI LÍFEYRISSJÓÐURINN

ÁRSFUNDUR FRJÁLSA LÍFEYRISSJÓÐSINS

Ársfundur Frjálsa lífeyrissjóðsins verður haldinn í dag, 4. apríl, kl. 17.15 á Grand hóteli, Sigtúni 38.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning ársreiknings
3. Tryggingafræðileg athugun
4. Fjárfestingarstefna sjóðsins
5. Kjör endurskoðanda
6. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
7. Laun stjórnarmanna
8. Önnur mál

Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins eru birtar á heimasíðu Frjálsa lífeyrissjóðsins, frjalsilif.is. Einnig má nálgast þær í höfuðstöðvum KB banka að Borgartúni 19. Stjórn sjóðsins hvetur sjóðfélaga til að mæta á fundinn.

KB BANKI

ENNEMM / SÍA / 21103




**AUSTURLENSK ÁHRIF** Greina mátti japönsk áhrif hjá fyrirsætunum en þær voru farðaðar í austurlenskum stíl. Hárið var þó meira í ætt við Hollywood með miklum lyftingi og krullum.



**OFURSVÖL** Rúnar Ómarsson og Heiða Birgisdóttir í Nikita fylgdust vel með nýjustu tískustraumunum.



**HERMANNAÁHRIF** Hvítar gallabuxur eru komnar aftur í tísku. Þær eru þó með allt öðru sniði en tíðkaðist í kringum 1990.



# DIESEL-KJÓLLINN VERÐUR BOÐINN UPP

Það var margt um manninn á Diesel-tískusýningunni sem haldin var síðasta laugardagskvöld. Allar helstu tískuspírur bæjarins voru mættar með sínu fylgdarliði uppdressaðar og flottar. Það var því ekki bara hægt að fá innblástur af sýningunni sjálfri heldur var ævintýralegt að skoða gestina og klæðnaðinn á þeim. Sýndar voru nokkrar línur, hin hefðbundna Diesel-gallabuxnalína og Stylelab-línan sem er örlítið dýrari.

Hermannaáhrif og austurlensk áhrif blönduðust saman á skemmtilegan hátt. Hvítar gallabuxur voru sýnilegar ásamt svörtum. Þær voru þó ekkert í ætt við þær buxur sem þóttu töff í kringum 1990 heldur var allt annað yfirbragð í gangi.



**KEN ENDURBORINN** Það brutust út mikil fagnaðarlæti þegar þessi týpa steig á svið og ljóst að hann ætti marga aðdáendur í salnum.



**SKUTLUFÉLAGIÐ** Eva Dögg Sigurgeirsdóttir, starfsmaður í markaðsdeild Smáralindar, Sigríður Hjálmarsdóttir, stjórnublaðamaður á Séð og Heyrt, og Kolbrún Pálína Helgadóttir einkaþjálfari voru í góðum gír.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



Síðastur á svið var gallakjóll sem hannaður er af Renzo Rosso, eiganda Diesel. Það var mikill fengur að fá kjólinn til Íslands en aðeins tuttugu kjólar voru framleiddir allt í allt. Í stað þess að selja kjólinn í verslunum Gallerí Sautján verður hann boðinn upp. Mun ágóðinn renna til Forma, sem eru samtök átröskunarsjúklinga.

martamaria@frettabladid.is



Fermingargjafir
fyrir poppara, rappara og rokkara...
Hljómborð
frá 23.900 kr.
Trommusett
frá 36.500 kr.
Kassagítarar
frá 10.900 kr.
Premier
Gítarmagnarar
frá 9.900 kr.
Rafmagnsgítarar
frá 15.900 kr.
Mbox með Pro Tools
frá 41.500 kr.
HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ
Hljóðfærahúsið Laugavegi 176 105 Reykjavík www.hljodfaerahusid.is info@hljodfaerahusid.is Sími 591 5340




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| DATE MOVIE | kl. 4, 6, 8 og 10 B.I. 14 ÁRA |
| SÝND Í Í LÚXUS | kl. 4, 6, 8 og 10 B.I. 14 ÁRA |
| THE PRODUCERS | kl. 8 og 10.45 |
| BIG MOMMA'S HOUSE 2 | kl. 3.40, 5.45, 8 og 10.15 |
| PINK PANTHER | kl. 3.45, 5.50 og 10.10 |
| YOURS MINE AND OURS | kl. 4 og 6 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| DATE MOVIE | kl. 6, 8 og 10 B.I. 14 ÁRA |
| THE PRODUCERS | kl. 5.20, 8 og 10.45 |
| WALK THE LINE | kl. 5.15, 8 og 10.45 |
| RENT | kl. 5.20, 8 og 10.40 B.I. 14 ÁRA |

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| DATE MOVIE | kl. 6, 8 og 10 B.I. 14 ÁRA |
| TRISTAN & ISOLDE | kl. 5.45 og 10 B.I. 14 ÁRA |
| BIG MOMMA'S HOUSE 2 | kl. 8 |

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

Dolby SDDS THX BÍÓ.IS – allt á einum stað





# Nýtt par í Hollywood

Aðþrengda eiginkonan Teri Hatcher og Idol-kynnirinn Ryan Seacrest eru nýjasta parið í Hollywood ef marka má fréttir slúðurblaðanna. Ljósmyndarar náðu myndum af þeim þar sem þau létu vel að hvort öðru á strönd í Kaliforníu. Seacrest viðurkenndi að þau væru að slá sér upp og sagði Hatcher vera yndislega og fallega konu. Heimildarmaður tímaritsins US Weekly sagði parið vera rétt að byrja að hittast. „Þau eru ekkert á leiðinni upp að altarinu,“ sagði hann.



**TERI HATCHER** Er draumur margra karlmanna og hefur verið að gera það gott í þáttunum Aðþrengdar eiginkonur.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES









**SIMPSONS** Fjölskyldan vinsæla ratar brátt á hvíta tjaldið en kvikmynd byggð á sögu hennar verður frumsýnd árið 2007.

# Simpsons á hvíta tjaldið

Kvikmynd eftir hinum ofurvinsælu sjónvarpsþáttum um Simpson-fjölskylduna verður frumsýnd árið 2007. Þetta tilkynnti kvikmyndafyrirtækið 20th Century Fox á dögunum. Gestir á forsýningu kvikmyndarinnar Ice Age: The Meltdown sáu kynningarbrot þar sem tilkynnt var um komu mestu hetju bandarískrar sögu á hvíta tjaldið en að henni lokinni kom Hómer Simpson fram á nærklæðunum einum saman. „Ég er búinn að gleyma setningunum mínum,“ sagði fjölskyldufaðirinn guli með sínum alkunna málróm.

Simpson-fjölskyldan er langlífasta sjónvarpsþáttaröð í sögu bandarísk sjónvarps en sautján ár eru liðin síðan hin skrautlega fjölskylda birtist sjónvarpsáhorfendum í fyrsta skipti. Þegar hefur verið ákveðið að þau Hómer, Marge, Bart, Lísa og Maggie verði á skjánum til ársins 2008 og ekkert útlit er fyrir að vinsældir þeirra muni dala að einhverju leyti. Matt Groening, skapari þáttanna, hefur sagt að Simpsons verði til svo lengi sem handritshöfundarnir haldi áfram að fá nýjar og ferskar hugmyndir. „Óvæntar uppákomur gera sjónvarpið að því sem það er í dag,“ var haft eftir honum fyrir ári síðan.



**BONO** Mynd af honum er notuð í kosningabæklingi ítalska forsætisráðherranas Silvio Berlusconi.

# Bono sár

Rokkgoðið smávaxna Bono hefur kvartað opinberlega til Silvio Berlusconi vegna mynda af honum sem ítalski forsætisráðherrann notar í kosningaherferð sinni. Ef þú ert trúr markmiðum þínum þarftu ekki að gorta þig af þeim heldur athugar hvað Ítalía hefur í raun og veru gert,“ sagði söngvarinn.

# Beckham með þráhyggju

Knattspyrnuhetjan David Beckham viðurkenndi í samtali við bresku sjónvarpsstöðina ITV1 að hann þjáðist af hrikalegri þráhyggju. Fyrirliði enska landsliðsins og leikmaður stjörnuliðs Real Madrid sagði í fyrsta skipti frá þeirri áráttu sinni að breyta hótelherbergjum og raða gosdrykkjum þannig að allt væri í röð og reglu. „Allt verður að vera þaulskipulagt og ekkert má út af bregða,“ útskýrði Beckham. „Þegar ég set Pepsi-dósirnar inn í ísskápinn en finnst þær vera of margar finn ég þeim nýjan stað,“ sagði knattspyrnukappinn tískuvæni. „Þegar ég kem mér fyrir á hótelherbergjum verður allt að vera fullkomið áður en ég get slappað af,“ bætti hann við og sagðist glaður vilja láta af þessari hegðun sinni. „Ég get það bara ekki,“ sagði hann. Leikmenn Real Madrid hafa ekki vitað af þessu vandamáli Beckhams en félagar hans hjá Manchester United voru með það alveg á hreinu. „Þeir gerðu í því að drasla til í herberginu mínu.“



**DAVID BECKHAM** Allt verður að vera í röð og reglu hjá leikmanninum til að hann geti slakað á. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES


við framleiðum:
einbýlishús
parhús
sumarhús
www.nytthus.is
NýttHús










## ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| BASIC INSTINCT 2 | KL. 5:30-8-10:30 | B.I. 16 |
| BASIC INSTINCT 2 VIP | KL. 5:30-8-10:30 | B.I. 16 |
| EIGHT BELOW | KL. 5:30-8-10:30 | |
| V FOR VENDETTA | KL. 5:30-8-10:45 | B.I. 16 |
| THE MATADOR | KL. 6-8-10:30 | B.I. 16 |
| LASSIE | KL. 3:50-6 | |
| AEON FLUX | KL. 10:30 | B.I. 16 |
| BLÓÐBÖND | KL. 8 | |
| BAMBI 2 ísl. tal | KL. 3:50 | |

ÁLFABAKKI S: 587-8900

## KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| BASIC INSTINCT 2 | KL. 8-10 | B.I. 16 |
| DATE MOVIE | KL. 8-10:20 | B.I. 14 |

## AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| BASIC INSTINCT 2 | KL. 8-10:15 | B.I. 16 |
| EIGHT BELOW | KL. 5:45-8 | |
| V FOR VENDETTA | KL. 10:15 | B.I. 16 |
| LASSIE | KL. 6 | |

AKUREYRI S: 461-4666 • KEFLAVÍK S: 421-1170

## KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| BASIC INSTINCT 2 | KL. 5:30-8-10:30 | B.I. 16 |
| EIGHT BELOW | KL. 5:30-8-10:30 | |
| V FOR VENDETTA | KL. 5:30-8-10:30 | B.I. 16 |

KRINGLAN S: 588-0800

## Háskólabíó

| | | |
|---|---|---|
| BASIC INSTINCT 2 | KL. 5:40-8-10:20 | B.I. 16 |
| V FOR VENDETTA | KL. 5:20-8-10:40 | B.I. 16 |
| THE MATADOR | KL. 6-8-10 | B.I. 16 |
| THE WORLD´S FASTEST INDIAN | KL. 5:30 | |
| SYRIANA | KL. 8-10:30 | B.I. 16 |
| BLÓÐBÖND | KL. 6-8 | |
| THE NEW WORLD | KL. 10 | B.I. 12 |

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919


# FRÉTTIR AF FÓLKI

Söngkonan **Pink** segist einungis hafa séð bónda sinn, Carey Hart, þrisvar sinnum síðan þau giftu sig í janúar. Hún segir þó að samband þeirra sé heilbrigt og játar að þau stundi kynlíf í gegnum netmyndavél. „Við Carey höfum hist þrisvar sinnum síðan í brúðkaupsferðinni. En samband okkar hefur líka verið þannig allan þann tíma sem við höfum verið saman. Við erum búin að vera saman í fimm ár og oft gátum við aðeins hist á hótelherbergjum. Núna notum við vefmyndavél," sagði hún.



Tískuhönnuðurinn **Karl Lagerfeld** hefur leikið í sinni fyrstu kvikmynd og er það frönsk mynd sem kallast La Doublure. Tískumógúllinn hvíthærði leikur á móti Kristin Scott Thomas og Virginie Ledoyen í myndinni en Lagerfeld leikur sjálfan sig. Myndin er frumsýnd í Frakklandi á miðvikudaginn en þar sést Lagerfeld meðal annars á hátískusýningu sinni í fyrrasumar.



Breski leikarinn **Clive Owen** er þakklátur meðleikara sínum **Juliu Roberts** fyrir að sannfæra **Jennifer Aniston** um að vinna með honum við myndina Derailed. „Julia sagði fallega hluti um mig við Jennifer og núna get ég ekki annað en sagt góða hluti um hana," sagði Clive, sem hefur hrósað Aniston fyrir mikið hugrekki þegar mest gekk á í einkalífi hennar.



Ofurfyrirsætan **Naomi Campbell** hefur verið sökuð um að ráðast að öryggisverði á U2-tónleikum í New York í fyrra. Vörðurinn bað Naomi um að fara af handriði sem aðskildi áhorfendur og hljómsveitina og brást Naomi illa við. „Campbell sagði að hann væri hálfviti og skyrpti framan í hann," sagði vitni. „Svo spurði hún hann hvort hann vissi ekki hver hún væri. Hún hagaði sér eins og dekruð prímadonna." Naomi er nú þegar í vandræðum þar sem aðstoðarkona hennar hefur kært hana fyrir að henda farsíma í sig.











# Geit getur bjargað!

Mikil hungursneyð ríkir nú í Malaví vegna þurrka og uppskerubrests og þarf að bregðast hart við henni. Hér nægja ekki aðgerðir sem slá á sárasta hungrið í nokkra daga, heldur þarf að leggja grunn að framtíð án ótta um hungurdauða. Geitur, hænur og önnur harðgerð húsdýr leika hér lykilhlutverk.

Þannig gefur geit mjólk, kjöt og afkvæmi sem má selja fyrir nauðþurftum. Samt kostar hún ekki nema 2.400 krónur.

Með aðstoð sem þessari er raunhæft að ætla að framlög Íslendinga til hjálparstarfsins nú um páskana geti breytt framtíðarhorfum fólks á starfsvæði Hjálparstarfs kirkjunnar verulega.

**Munið heimsenda gíróseðla.**




## Framlag þitt nýtist á áhrifaríkan hátt!

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



## Velkomið að vera áfram

Hlynur Sigmarsson, formaður handknattleiksdeildar ÍBV, segist gjarna vilja halda Alfreð Finnssyni, kvennaþjálfara ÍBV, en er ekki viss um hvort Alfreð ætli að vera áfram. Eiginkona hans er ólétt og hann mun vera að spá í að halda áfram í háskólanámi.

**sport**

sport@frettabladid.is

HASAR Í BLAKINU: ÞJÁLFARI KA DÆMDUR Í LANGT BANN OG MISSIR KANNSKI LANDSLIÐSÞJÁLFARASTARF

# *Lét dómarann heyra það og tók lið sitt af velli*

Uppi varð fótur og fit í íþróttahúsinu á Norðfirði á dögunum þegar Konstantin Shevd, þjálfari kvennaliðs KA, gerði sér lítið fyrir og tók lið sitt af velli í þriðju hrinu tapaðs leik gegn Þrótti frá Neskaupstað. Konstantin var mjög ósáttur við störf Ólafs Sigurðssonar dómara, sem oft er kallaður Guðfaðir blaksins á Austurlandi.

Þróttur var á góðri leið með að landa sigri í leiknum þegar KA-stúlkur gengu af velli en Þróttur vann fyrstu hrinuna 25-21 og aðra hrinuna 25-22. Staðan var síðan 16-10 fyrir Þrótt í þriðju hrinu þegar Konstantin gekk inn á völlinn, las Ólafi dómara pistilinn, kallaði lið sitt saman, tók með því stuttan fund og gekk í kjölfarið með stelpurnar af velli.

„Þessi dómari er ekki nógu góður og gerði mörg mistök. Við höfum aldrei séð annað eins. Við skiljum ekki þessa dómgæslu og mögulega vildi hann hjálpa hinu liðinu,“ sagði Konstantín við Austurgluggann eftir leikinn.

Ólafur dómari sagði við Austurgluggann að framkoma KA-liðsins væri einkennileg en vildi að öðru leyti ekki tjá sig um málið.



MYND/GUNNAR GUNNARSSON

Blaksambandið gerði enga athugasemd við að Ólafur dæmdi leikinn enda skráður sem þjálfari og leikmaður Hugins á Seyðisfirði. Aganefnd blaksambandsins fundaði um málið seinni partinn í gær og niðurstaða aganefndar var að dæma sjö leikmenn KA í eins leiks bann.

Shevd fékk aftur á móti leikbann út árið og má ekki koma nálægt neinum leikjum á vegum blaksambandsins á þeim tíma. Þetta er einn þyngsti dómurinn í íslensku íþróttalífi í langan tíma og á sér engin fordæmi. Shevd var ráðinn landsliðsþjálfari kvenna í febrúar og landsliðsnefnd mun ákveða á næstu dögum hvort hún vilji halda honum.

## > ÍR-ingar á heimleið?

Heyrst hefur að markvörðurinn Ólafur Haukur Gíslason og Ingimundur Ingimundarson séu á heimleið eftir eins árs dvöl hjá Winterthur í Sviss. Ólafur ku þegar hafa sagt upp samningi sínum við félagið og ekki er ólíklegt að Ingimundur geri slíkt hið sama. Ingimundur var einnig með tilboð frá Danmörku áður en hann fór til Sviss og talið er að hann muni skoða þann möguleika að komast að hjá liði í Danmörku áður en hann sættir sig við að koma heim en lítið hefur heyrst um fyrirætlanir Ólafs.



# Seiglusigur Skallagríms

**Skallagrímur sýndi mikinn karakter á heimavelli í gær með því að leggja Keflavík að velli, 94-85, og tryggja sér þar með oddaleik. Njarðvík tryggði sér aftur á móti sæti í úrslitarimmunni með sigri á KR, 85-90.**

**KÖRFUBOLTI** Það var mikið líf í fyrri hálfleik í Borgarnesi en Skallarnir hafa verið erfiðir heim að sækja í vetur og unnu Keflvíkinga sannfærandi síðast þegar Keflavík kom í heimsókn. Þá voru Keflvíkingar teknir í bólinu í upphafi leiks en Suðurnesjamenn mættu betur tilbúnir til leiks núna og eftir fjörugan fyrsta leikhluta voru þeir stigi undir, 23-22.

Sama baráttan var uppi á teningnum í öðrum leikhluta en um tíma leit út fyrir að Keflavík ætlaði að stinga af. Skallarnir náðu þó að saxa á forskotið fyrir leikhlé og munaði þá aðeins tveim stigum á liðunum, 48-50.

Keflvíkingar komu geysilega vel stemmdir til þriðja leikhluta og voru margoft líklegir til að sting af en Skallagrímur neitaði að láta sig hverfa og kom ávallt til baka og aðeins munaði fimm stigum á liðinum fyrir lokaleikhlutann, 72-77.

Skallgrímur gerði sér síðan lítið fyrir fljótlega í fjórða leikhluta og tók forystu í leiknum. Liðin héldust síðan í hendur út allan leikinn og taugar áhorfenda voru þandar til hins ítrasta. Heimamenn fylgdu þessu eftir og léku við hvurn sinn fingur undir lokin og lönduðu sigri, 94-85, og þar með oddaleik í Keflavík.



**KEYRT Í ÁTT AÐ KÖRFU** Skallagrímsmaðurinn Pétur Sigurðsson keyrir hér fast í átt að körfu Keflavíkur án þess að Magnús Gunnarsson komi nokkrum vörnum við. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**TAUGARNAR ÞANDAR** Herbert Arnarson, þjálfari KR, var vel stressaður á hliðarlínunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Spenna í Vesturbænum

Það var ekki síður mikið fjör í Vesturbænum þar sem KR tók á móti Njarðvík. Fyrstu tveir leikir liðanna voru ójafnir en þriðji leikurinn var jafn og spennandi og sama spenna var í boði í gær. Njarðvík hóf leikinn betur og leiddi eftir fyrsta leikhluta, 16-19. Njarðvík náði drjúgri forystu í öðrum leikhluta en þá kom frábær leikkafli hjá KR sem komst yfir en gaf forystuna eftir undir lokin og Njarðvík leiddi með þrem stigum í leikhléi, 42-45.

Þriðji leikhluti var að mestu eign gestanna sem byggðu upp vænlegt forskot og voru í fínum málum fyrir lokaleikhlutann, 59-68.

KR-ingar komu mjög grimmir inn í síðasta leikhlutann enda að berjast fyrir lífi sínu. Með mikilli baráttu tókst þeim að komast aftur inn í leikinn. KR komst síðan yfir, 73-70, en þá kom hryllilegur kafli hjá heimamönnum sem tapaðist 13-3 og Njarðvík yfir 76-83 og aðeins ein og hálf mínúta eftir.

Njarðvíkingar nýttu vítaskot sín vel undir lokin og fyrir vikið náði KR ekki að komast upp að þeim á ný og grænu ljónin stigu sigurdans eftir 5 stiga sigur, 85-90.

**henry@frettabladid.is**



**FÉLAGAR TAKAST Á** Barkley reynir hér að stöðva Wilkins í einum af mörgum leikjum þeirra félaga.

Heiðurshöllin í körfubolta:

## Barkley hleypt í höllina

**KÖRFUBOLTI** Í gær var tilkynnt hvaða leikmenn kæmust í heiðurshöllina í körfubolta árið 2006. Þekktustu nöfnin eru Charles Barkley, Dominique Wilkins og Joe Dumars.

„Við Charles höfum þekkst síðan í háskóla,“ sagði Wilkins. „Við áttum ekki von á því að komast í heiðurshöllina á þeim tíma. Þetta er mesti heiður sem leikmanni getur hlotnast og ég er orðlaus.“ **- hbg**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**APRÍL**

1 2 3 **4** 5 6 7

**Þriðjudagur**

### LEIKIR

- 20.00 **Keflavík** og **Haukar** mætast í Iceland Express-deild kvenna í körfubolta. Þetta er önnur viðureign liðanna í úrslitum Íslandsmótins.

### SJÓNVARP

- 18.00 **Meistaradeildin með Guðna Bergs** á Sýn.
- 18.30 **Meistaradeild Evrópu** á Sýn. Leikur AC Milan og Lyon í beinni. Leikur Villarreal og Inter er sýndur á Sýn Extra.
- 20.35 **Meistaramörk** á Sýn.
- 20.55 **Villarreal-Inter** á Sýn.



**ÁSTHILDUR HELGADÓTTIR** Fyrirliðinn er leikreyndasti leikmaður liðsins með 61 landsleik á bakinu.

Íslenska kvennalandsliðið:

## Á leið til Hollands

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið leikur vináttuleik gegn Hollendingum ytra þann 12. apríl næstkomandi og Jörundur Áki Sveinsson landsliðsþjálfari tilkynnti 18 manna leikmannahóp í gær.

Enginn nýliði er í hópnum og liðið nokkuð reynt en engin þó eins og fyrirliðinn Ásthildur Helgadóttir. **- hbg**

**HÓPURINN:**

| | |
|---|---|
| Þóra Björg Helgadóttir | Breiðablik |
| Sandra Sigurðardóttir | Stjarnan |
| Ásthildur Helgadóttir | Breiðablik |
| Olga Færseth | KR |
| Guðlaug Jónsdóttir | Breiðablik |
| Edda Garðarsdóttir | Breiðablik |
| Guðrún Sóley Gunnarsdóttir | Breiðablik |
| Margrét Lára Viðarsdóttir | Valur |
| Dóra Stefánsdóttir | Malmö FF |
| Hólmfríður Magnúsdóttir | KR |
| Dóra María Lárusdóttir | Valur |
| Málfríður Erna Sigurðardóttir | Valur |
| Erla Steina Arnardóttir | Mallbackens |
| Ásta Árnadóttir | Valur |
| Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir | Breiðablik |
| Laufey Jóhannsdóttir | Valur |
| Greta Mjöll Samúelsdóttir | Breiðablik |
| Harpa Þorsteinsdóttir | Stjarnan |




Seinni helmingur átta liða úrslita Meistaradeildar Evrópu hefst í kvöld:

# Hvað gerir Lyon í Mílanó?

**FÓTBOLTI** Sverfa mun til stáls í Meistaradeild Evrópu í kvöld þegar í ljós kemur hver verða tvö fyrstu liðin sem tryggja sér farseðil í undanúrslit keppninnar. Flestra augu verða á leik AC Milan og Lyon í Mílanó en fyrri leik liðanna lyktaði með markalausu jafntefli. Á Spáni fer einnig fram áhugaverð viðureign þar sem Villarreal tekur á móti hinu Mílanó-liðinu, Inter.

Benoit Pedretti, miðjumaður Lyon, segir að ekkert verði gefið eftir í kvöld og Lyon muni ekki falla aftur í þá gryfju að bera of mikla virðingu fyrir andstæðingi sínum.

„Við vorum mjög slakir framan af leiknum. Við spiluðum of djúpt og menn virtust sáttir við að horfa á Milan leika sér í stað þess að taka völdin í okkar hendur frá fyrstu mínútu, sem eðlilegt hefði verið þar sem við vorum nú á heimavelli,“ sagði Pedretti en hann hefur ekki áhyggjur af því að félagar sínir muni bera of mikla virðingu fyrir Milan í kvöld. „Það er búið að skrifa mikið um þetta lið en kannski er Milan ekki eins gott og margir halda. Leikmenn Milan voru ekki sterkari en við í fyrri leiknum og verða það heldur ekki í seinni leiknum. Þeir eru góðir með boltann en veikir þegar þeir þurfa að hreyfa sig án bolta og það verðum við að nýta okkur.“

Í hinum leik kvöldsins þarf Inter að hafa varann á þar sem mark Diego Forlan í Mílanó gæti reynst gulls ígildi fyrir Villarreal. Ítalarnir unnu fyrri leikinn 2-1, sem þýðir að Villarreal fer áfram með 1-0 sigri. **- hbg**



**Í STRANGRI GÆSLU** Gennaro Gattuso reynir hér að ná boltanum af Florent Malouda í fyrri leik liðanna. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES




* Bílasamningur til 84 mánaða með 30% útborgun. Mánaðarlegar greiðslur eru háðar vaxta- og gengisþróun.

HYUNDAI hefur gæðin

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444 | Akranes 431 2622 | Akureyri 461 2533 | Egilsstaðir 471 2524

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Hey, you wanna hear my philosophy of life? Do it to him before he does it to you."**

Svar: Terry úr On the Waterfront frá 1954

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR FYLGIST MEÐ SIGTINU.

# *Snillingar í laumubröndurum*

Eitthvað er fátt um hláturtaugakitlandi efni í sjónvarpinu þessa dagana. Sá þátt af Stelpunum um helgina og sat og þagði á meðan hann rann í gegn. Ekki hoppaði eitt „ha" og hvað þá „ha ha" upp úr skolti mínum. Sömu viðbrögð vekja Spaugstofumenn og Strákarnir hjá mér þessa dagana með örfáum undantekningum. Ég er orðin þreytt á söngbröndurum, pólitískum bröndurum og sé litla skemmtun í því að horfa á fólk baða sig upp úr rjóma eða hefta rasskinnarnar á sér saman.

Það eina sem fær mig til að flissa er íslenski þátturinn Sigtið. Ég er ekki frá því að þetta sé einn fyndnasti íslenski þátturinn síðan Fóstbræður voru og hétu. Landsins snjallasti fannst mér reyndar líka stórkostlega fyndinn en þá var maður meira að hlæja að þættinum en með honum. Sigtið er ekki hefðbundinn grínþáttur þar sem öllu er tjaldað til í þeirri tilraun að fá mann til að hlæja. Ekkert húllumhæ, óþarfa læti, stælar eða kjánaskapur. Sem betur fer. Alveg er ég komin með upp í kok af þáttum þar sem fólk er að kveikja í sér, slasa sig, kúka í sturtu eða er með einhvern fáránlegan fíflaskap í ömurlegri tilraun til að vera fyndið.

Strákarnir í Sigtinu eru snillingar í að gera fyndna laumubrandara. Brandara sem maður þarf að hlusta eftir til þess að ná húmornum og það eru sko bestu brandararnir. Ekki of augljósir en eru samt oftast stórkostlega aulalegir. Þeir eru líka snillingar í að búa til kostulega karaktera sem gaman er að fylgjast með og auk þess er tónlistin í þáttunum þrælgóð. Húrra fyrir Sigtismönnum!



**SIGTIÐ** Stórskemmtilegur íslenskur gamanþáttur sem allir ættu að kíkja á.



▶ 21.15 *Tónlist*

GRÆNA HERBERGIÐ



▶ 22.15 *Spenna*

PRISON BREAK



▶ 21.00 *Gaman*

AMERICAN DAD



▶ 20.00 *Raunveruleiki*

HOW CLEAN IS YOUR HOUSE



▶ 18.30 *fótbolti*

AC MILAN – LYON

## SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Fræknir ferðalangar (30:52) **18.25** Draumaduft (5:13)

**18.30 Gló magnaða (45:52)** (Kim Possible)
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.30 Mæðgurnar (5:22)** (Gilmore Girls V) Bandarísk þáttaröð.
▶ **21.15 Græna herbergið (6:6)** Þáttaröð þar sem Jónas Ingimundarson píanóleikari og Sigrún Hjálmtýsdóttir söngkona fjalla um tónlist og leika tóndæmi. Dagskrárgerð: Egill Eðvarðsson. Textað á síðu 888 í Textavarpi.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Tvíeykið (4:8)** (Dalziel & Pascoe IV) Syrpa úr breskri þáttaröð um rannsóknarlögreglumenn sem fá til úrlausnar æsispennandi sakamál.

**23.20** Króníkan (20:20) **0.20** Kastljós **1.10** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Martha **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Missing (9:18)

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi **13.05** Home Improvement **13.30** Veggfóður **14.15** Supernanny **15.05** Amazing Race **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.15** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** The Simpsons

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.45 Strákarnir**
**20.10 Amazing Race (2:14)** (Kapphlaupið mikla 8) Kapphlaupið mikla hefst á ný í mars og er þetta í áttunda skiptið sem hópur þátttakenda þeysist yfir heiminn þveran og endilangan.
**21.00 Walk Away and I Stumble** (Fallvölt ást) Framhaldsmynd í tveimur hlutum. Ástarþríhyrningar enda allir á einn veg: með svikum og sárindum. Bönnuð börnum.
▶ **22.15 Prison Break (10:22)** Þættirnir gerast að mest bak við lás og slá, innan veggja eins rammgirtasta fangelsis í Bandaríkjunum. Bönnuð börnum.

**23.00** Twenty Four (Str. b. börnum) **23.45** Nip/Tuck (Str. b. börnum) **0.30** FX 2 (Str. b. börnum) **2.15** Amnesia **3.25** Amnesia **4.40** Prison Break (B. börnum) **5.25** Fréttir og Ísland í dag **6.30** Tónlistarmyndbönd

## SIRKUS

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 My Name is Earl (e)**
**20.00 Friends (4:24)** (Vinir 8)
**20.30 Idol extra 2005/2006**
▶ **21.00 American Dad (6:16)**
**21.30 Reunion (12:13)**
**22.15 Supernatural (8:22)** (Bugs) Yfirnáttúrulegir þættir af bestu gerð. Bræðurnir Sam og Dean hafa frá barnæsku hjálpað föður þeirra að finna illu öflin sem myrtu móður þeirra. Einn daginn hverfur faðir þeirra og fara þeir bræður í mikið ferðalag til þess að finna föður sinn.

**23.00** Laguna Beach (16:17) **23.25** Extra Time – Footballers' Wive **23.50** Sirkus RVK (e) **0.20** Friends (4:24) (e) **0.45** Idol extra 2005/2006 (e)

## SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Innlit / útlit (e)

**15.45** Sigtið (e) **16.10** The O.C. (e) **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Cheers**
**19.25 Fasteignasjónvarpið**
**19.30 All of Us (e)**
▶ **20.00 How Clean is Your House** Bresku kjarnakonurnar Aggie MacKenzie og Kim Woodburn eru komnar vestur yfir haf og ætla að reyna að taka til í skítugustu húsunum í Bandaríkjunum.
**20.30 Heil og sæl** Heil og sæl er nýr íslenskur matreiðsluþáttur á SkjáEinum.
**21.00 Innlit / útlit**
**22.00 Close to Home** Annabeth rannsakar tvöfalt morð tengt fíkniefnum.
**22.50 Sex and the City – 6.**

**23.20** Jay Leno **0.05** Survivor: Panama (e) **1.00** Cheers (e) **1.25** Fasteignasjónvarpið (e) **1.35** Óstöðvandi tónlist

## SÝN besta sætið

**15.35** Iceland Expressdeildin **17.00** Gillette HM 2006 sportpakkinn **17.30** Meistaradeild Evrópu fréttaþáttur **18.00** Meistaradeildin með Guðna Bergs

▶ **18.30 Meistaradeild Evrópu** Bein útsending frá seinni leik AC Milan og Lyon í 8 liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu.
**20.35 Meistaradeildin með Guðna Bergs**
**20.55 Meistaradeild Evrópu** Útsending seinni viðureign Villarreal og Inter Milan í 8 liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu.
**22.45 Leiðin á HM 2006** Heimsmeistaramótið í knattspyrnu fer fram í Þýskalandi næsta sumar og verða allir leikir í beinni útsendingu á Sýn. Í Destination Germany er fjallað um liðin sem taka þátt í mótinu og leið þeirra í gegnum riðlakeppnina. Fjögur lið eru tekin fyrir hverjum þætti.

**23.10** Ensku mörkin **23.40** Meistaradeild Evrópu **1.20** Meistaradeildin með Guðna Bergs

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Laws of Attraction (Bönnuð börnum) **8.00** Mona Lisa Smile **10.00** How to Lose a Guy in 10 Days **12.00** Titanic **15.10** Hey Arnold! The Movie **16.25** Mona Lisa Smile **18.20** How to Lose a Guy in 10 Days **20.15 Laws of Attraction** B. börnum. **22.00 Matchstick Men** Þrælfyndin og dramatísk glæpagamanmynd. Aðalhlutverk: Nicolas Cage, Sam Rockwell, Alison Lohman. Bönnuð börnum. **0.00** Small Time Obsession (Bönnuð börnum) **2.00** Deeply (Bönnuð börnum) **4.00** Matchstick Men (Bönnuð börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** Fashion Police **13.00** The E! True Hollywood Story **15.00** What Hollywood Taught Us About Sex **17.00** Rich Kids: Cattle Drive **18.00** E! News **18.30** Gastineau Girls **19.00** The E! True Hollywood Story **20.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **21.00** The Soup **21.30** Wild On Tara **22.00** Party @ the Palms **22.30** Party @ the Palms **23.00** E! News **23.30** Gastineau Girls **0.00** The Soup **0.30** Wild On Tara **1.00** The E! True Hollywood Story

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## ENSKI BOLTINN

**7.00** Að leikslokum (e) **8.00** Að leikslokum (e) **13.45** Man. City – Middlesbrough frá 02.04 **15.45** Blackburn – Wigan frá 03.04 **17.45** Þrumuskot (e)

**18.35 Birmingham – Bolton (b)**
**20.45 WBA – Liverpool frá 01.04** Leikur sem fór fram síðast liðinn laugardag.
**22.45 Bolton – Man. Utd. frá 01.04** Leikur sem fór fram síðastliðinn laugardag.
**0.45** Þrumuskot (e) **1.45** Dagskrárlok



## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

AC Milan - Lyon **Sýn** kl.18.30

### *Bæði lið þurfa að skora*



Í kvöld verður bein útsending frá seinni leik AC Milan og Lyon í átta liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu. Silfurliðið frá því í fyrra, AC Milan, er til alls líklegt nú sem fyrr, sérstaklega þar sem titillinn heima fyrir virðist vera því úr greipum genginn. Mílanóbúar heimsækja franska liðið Lyon sem að margra mati er spútnik lið keppninnar í ár. Fyrri leikur liðanna endaði með markalausu jafntefli, þessi leikur verður meira spennandi enda nokkuð ljóst að bæði lið þurfa að sækja til sigurs.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 6 | 8 | | 4 | | | |
| | | 3 | | | 9 | | | 7 |
| 8 | | | 3 | | | | | |
| | | 4 | | | | | 2 | |
| 2 | 6 | | | | | | 5 | 8 |
| | 7 | | | | | 9 | | |
| | | | | | 7 | | | 9 |
| 3 | | | 1 | | | 6 | | |
| | | | 4 | | 5 | 1 | 7 | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 8 | 4 | 9 | 6 | 3 | 7 | 1 | 5 |
| 9 | 3 | 1 | 7 | 4 | 5 | 6 | 2 | 8 |
| 5 | 6 | 7 | 8 | 2 | 1 | 4 | 3 | 9 |
| 1 | 9 | 6 | 5 | 8 | 4 | 2 | 7 | 3 |
| 4 | 7 | 5 | 6 | 3 | 2 | 9 | 8 | 1 |
| 8 | 2 | 3 | 1 | 9 | 7 | 5 | 6 | 4 |
| 3 | 1 | 9 | 4 | 7 | 6 | 8 | 5 | 2 |
| 7 | 4 | 2 | 3 | 5 | 8 | 1 | 9 | 6 |
| 6 | 5 | 8 | 2 | 1 | 9 | 3 | 4 | 7 |



▶ **14.00** *Spjall*

HRAFNAÞING/MIKLABRAUT

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

**12.00** Hádegisfréttir / markaðurinn / Íþróttir / Veður / leiðarar dagblaða **12.40** Hádegið – fréttaviðtal. **13.00** Íþróttir/lífsstíll **13.10** Íþróttir – í umsjá Þorsteins Gunnarssonar. ▶ **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi

**19.45 Brot úr dagskrá**
**20.00 Fréttir**
**20.10 Kompás (e)** Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar. Í hverjum þætti eru tekin fyrir þrjú til fjögur mál og krufin til mergjar. Kynnar eru þulir NFS; Sigmundur Ernir Rúnarsson Logi Bergmann Eiðsson, Edda Andrésdóttir o.fl.
**21.00 Fréttir**
**21.10 48 Hours** (48 stundir) Bandarískur fréttaskýringaþáttur.
**22.00 Fréttir** Fréttir og veður
**22.30 Hrafnaþing/Miklabraut** Hrafnaþing er í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar og Miklabraut í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.

**23.15** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir **0.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Sáðmenn söngvanna **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp

**13.00** Vítt og reitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Hugsað heim. **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.05** Kvöldtónar **20.45** Kjarval, menningarsagan og samtíminn **21.25** Er ofbeldi fyndið? **22.15** Lestur Passíusálma **22.21** Til allra átta

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Ungmennafélagið **20.30** Konsert **22.00** Fréttir **22.10** Rokkland

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík síðdegis. **7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með ástarkveðju

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying


# Veldu Canon í fermingarpakkann

Frábær fermingartilboð á myndavélum og prenturum



Canon PowerShot A520 + taska + 256MB minniskort á aðeins **17.900 kr.**

- 4.0 milljón pixlar og 4x aðdráttur.
- 20 tökustillingar sem aðstoða þig að ná bestu myndinni.
- Betri myndir og gæði með Canon Visionary tækninni.
- VGA kvikmyndabútar m/ hljóði.
- Mikið af hugbúnaði fylgir með sem einfaldar notkun og eykur möguleika.



**Canon PowerShot A430 myndavél**
Einföld og ódýr fyrir alla fjölskylduna

- Fjórir litir: Silfurgrár, rauður, blár og gulur.
- 4.0 milljón pixlar og 4x aðdráttur.
- DIGIC II örgjörvi með iSAPS tækni sem eykur skilvirkni við myndatöku og gæði mynda.
- 15 tökustillingar sem aðstoða þig að ná bestu myndinni.
- VGA kvikmyndabútar m/ hljóði.
- Mikið af hugbúnaði fylgir með sem einfaldar notkun og eykur möguleika.

**Tilboðsverð 17.900 kr.**

Pakki 1



PowerShot A430 myndavél + CP510 ljósmyndaprentari á aðeins **26.900 kr.**

Pakki 2



Ixus myndavél + CP510 ljósmyndaprentari á aðeins **44.900 kr.**

**Canon Ixus 60 myndavél**
- Glæsileg og stílhrein hönnun.
- 6.0 milljón pixlar og 3x aðdráttur.
- DIGIC II örgjörvi með iSAPS tækni sem eykur skilvirkni við myndatöku og gæði mynda.
- 16 tökustillingar sem aðstoða þig að ná bestu myndinni.
- VGA kvikmyndabútar m/ hljóði.
- Mikið af hugbúnaði fylgir með sem einfaldar notkun og eykur möguleika.

**Canon CP510 ljósmyndaprentari**
- Einfaldur prentari til að varðveita minningarnar.
- Prentar beint af myndavélinni – þarft ekki tölvu.
- Nettur og léttur.
- Margar prentútfærslur og - stærðir.

Pakki 3



Þráðlaus Ixus myndavél + iP5200 prentari á aðeins **52.900 kr.**

**Canon Ixus Wireless**
- Ómótstæðileg hönnun og nýjasta tækni.
- 5.0 milljón pixlar og 3x aðdráttur.
- DIGIC II örgjörvi með iSAPS tækni sem eykur skilvirkni við myndatöku og gæði mynda.
- 14 tökustillingar sem aðstoða þig að ná bestu myndinni.
- VGA kvikmyndabútar m/ hljóði.
- Mikið af hugbúnaði fylgir með sem einfaldar notkun og eykur möguleika.

**Canon iP5200 prentari**
- Upplausn: Allt að 9600x1200 dpi.
- Fimm hylkja Single Ink kerfi sem lækkar rekstrarkostnað.
- Svarthvít prentun: Allt að 30 bls. á mín.
- Lita prentun: Allt að 24 bls. á mín.
- ChromaLife100 kerfi sem eykur endingu ljósmynda.
- Prentar 10x15 rammalausar ljósmyndir á u.þ.b. 36 sek.
- Mikið af hugbúnaði fylgir með sem einfaldar notkun og eykur möguleika.

þú þekkir Canon

Söluaðilar um land allt

www.nyherji.is/canon

## AÐ MÍNU SKAPI: ÓSKAR ARNGRÍMSSON TROMMARI Í HLJÓMSVEITINNI LOKBRÁ

# Bowie, Beethoven, Nexus og München

**TÓNLIST**
Bítlarnir, Led Zeppelin, Bowie kallinn er í miklu uppáhaldi sem og íslenskar hljómsveitir eins og Trúbrot, Hljómar, Sigurrós, Æla, Jan Mayen og svo má ekki gleyma Lokbrá. Beach Boys, Dungen, Doors, Hot Hot Heat, Oasis, The Streets, Arcade Fire, The Libertines, The Bees, Beyoncé Knowles, Kylie, Bob Dylan, Neil Young, Buddy Holly, Vilhjálmur Vilhjálmsson, Beethoven, Vivaldi, ég gæti haldið lengi áfram. Ég er líka voðalega hrifinn af kvikmyndatónlist.

**BÓK**
Hér er ég ekki eins mikið á heimalandi. Mér fannst Dýragarðsbörnin góð og er mikið fyrir Íslendingasögurnar. Las nýlega ævisögu Beethoven og fannst hún rosalega góð. Palli var einn í heiminum, ég las hana mjög mikið þegar ég var lítið. Ég las reyndar mun meira þegar ég var yngri.

**BORG**
Reykjavík er borgin mín, ég lifi og hrærist í henni. Ég fór reyndar til München einu sinni og kunni vel við mig þar. Arkitektúrinn í borginni er mjög skemmtilegur og það er alveg magnað hvað hún er hrein. Þarna er líka mikið úrval af góðum bjór. Á þessum tíma reyndar þoldi ég ekki Þýskaland og var alveg hundfúll þarna allan tímann en í minningunni er þetta stórgóð ferð.

**BÍÓMYND**
Þetta er erfitt, ég á svo margar uppáhalds myndir. Í fyrsta lagi verð ég að nefna 2001: A Space Odyssey. Það er uppáhaldsmyndin mín. Svo eru það A Nightmare Before Christmas, Edward Scissorhands, Amelié, Grease, Beetlejuice, Mars Attacks, Lolita, Fear and Loathing in Las Vegas, Star Wars, One Flew Over the Cuckoo's Nest, Home Alone 1 og 2 eru klassa flikkur, A Hard Day's Night og Help!, Spirited Away, Piano, Toy Story, Monty Python-myndir, The Big Lebowski, Charlie and the Chocolate Factory, Corpse Bride, Dumb and Dumber, Better Off Dead, Citizen Kane, Dr. Strangelove og fleira og fleira.

**BÚÐ**
Nexus er algjörlega uppáhaldsbúðin mín. Ég eyði öllum peningunum mínum í DVD-myndir sem ég kaupi þar og teiknimyndakalla. Ég var einu sinni mikið í teiknimyndasögunum líka en núna er ég aðallega að horfa á anime-myndir. Svo verð ég líka að nefna hljóðfærabúðirnar á Íslandi, þær eru allar frábærar.



**VERKEFNI**
Við í hljómsveitinni Lokbrá erum að taka upp plötu í Geimsteini hjá honum Rúnari Júlíussyni. Það verkefni er það skemmtilegasta sem ég geri þessa dagana.



## HRÓSIÐ

*...fær Stéphane Aubergy víninnflytjandi fyrir að mótmæla vínverði á Íslandi með verðlækkun.*



**LÁRÉTT**
**2** hvetja **6** skammstöfun **8** persónufornafn **9** stormur **11** til dæmis **12** sósa **14** hroki **16** guð **17** snúningshraði **18** tímabils **20** ekki heldur **21** köttur.

**LÓÐRÉTT**
**1** kvenklæðnaður **3** í röð **4** bætiefni **5** á móti **7** svikari **10** belja **13** starfsgrein **15** pappír **16** rönd **19** tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2** örva, **6** al, **8** sín, **9** rok, **11** td, **12** ídýfa, **14** dramb, **16** ra, **17** gír, **18** árs, **20** né, **21** kisi. **LÓÐRÉTT: 1** sarí, **3** rs, **4** vítamín, **5** and, **7** loddari, **10** kýr, **13** fag, **15** bréf, **16** rák, **19** ss.

## SVÖR VIÐ VEISTU SVARIÐ

1. Ehud Olmert
2. Kríurnar
3. Salaskóli

ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á
vísir VEFTV
HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!



**ÞOLINMÓÐ Í BIÐRÖÐ** Fólk lét nepjuna ekki á sig fá þegar það beið eftir að komast í áheyrnarprufu fyrir kvikmyndina Astrópía sem tekin verður upp í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## ASTRÓPÍA: KVIKMYNDADRAUMURINN LIFIR GÓÐU LÍFI

# 300 manns mættu í prufu

Á sunnudaginn fóru fram áheyrnarprufur í leikjaverslunninni Nexus fyrir kvikmyndina Astrópía sem tekin verður upp í sumar. Gunnar Björn Guðmundsson leikstýrir þar sinni fyrstu leiknu mynd í fullri lengd eftir handriti Ottós Geirs Borg og Jóhannesar Ævars Grímssonar en kvikmyndafélagið Kisi framleiðir. Þátttakan fór fram úr öllum björtustu vonum aðstandenda en talið er að tæplega þrjú hundruð manns hafi látið sig sjá sig. Fólk á öllum aldri stóð þolinmótt í biðröð og var stemningin mjög góð. Þess voru dæmi að einhverjir hefðu beðið í tvo og hálfan tíma eftir að komast að en framlengja þurfti prufunum um þrjá tíma til að allir fengju sitt tækifæri.

Ekki voru bara hámenntaðir atvinnumenn meðal þeirra sem sóttu um heldur voru þarna þaulvanir áhugaleikarar og fólk sem vildi bara láta kvikmyndadrauminn rætast en hann lifir augljóslega góðu lífi meðal fjölmargra Íslendinga.

„Við erum himinlifandi með þetta," sagði Gunnar Björn þegar Fréttablaðið hafði tali af honum. „Við erum að vinna úr þessu núna og boða í næstu prufur," bætir Gunnar við en hann var að sjálfsögðu viðstaddur auk handritshöfundanna og framleiðendanna. „Við teljum okkur vera komna með kandídata í öll hlutverkin og nú er bara að sjá hvernig næstu prufur koma út," sagði hann.

Stærsta hlutverkið er án nokkurs vafa Astrópían sjálf og sagði Gunnar að þó nokkrar kæmu til greina. „Við höldum að sú rétta hafi fundist á sunnudaginn en ætlum að leita af okkur allan grun í þessari viku," útskýrir Gunnar en vildi ekkert gefa upp hverjar kæmu til greina. „Við lofuðum mörgum textahlutverkum og það er augljóst að margir hafa tekið okkur trúanlega," segir Gunnar en alls var tuttugu hlutverkum deilt út á sunnudaginn. „Þeir sem ekki eru kallaðir í aðra prufu fyrir stærstu hlutverkin eru ekki dottnir út því þeir eiga enn möguleika á að komast að," segir Gunnar.

Astrópía segir frá ofdekraðri stúlku sem neyðist til að standa á eigin fótum eftir að kærastanum hennar er hent í steininn fyrir brask. Hún fær vinnu í leikjaverslun og þá taka hlutirnir óvænta stefnu. freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Silvía Nótt** birtist fyrir skömmu á japönsku MTV sjónvarpsstöðinni þar sem hún fór gjörsamlega á kostum. Kynnarnir byrjuðu á að kynna hana frá sama landi og **Björk** en þegar sjónvarpsdívan birtist bað hún þá vinsamlegast ekki um að nefna nafn hennar. „Hún á bágt og það eru allir að gera grín að henni á Íslandi," sagði Silvía. „Ég er miklu frægari heldur en hún," bætti hún við. Silvía ræddi um þátttöku sína í Eurovision og taldi nánast formsatriði að vinna hana. „Ég er stærsta stjarnan í álfunni," sagði hún en ef marka má spár veðbanka virðist Silvía ekki ætla að ríða feitum hesti frá Grikklandi því henni er spáð einu af neðstu sætunum hjá veðbanka Sky-sjónvarpsstöðvarinnar. Reyndar voru Íslendingar ofarlega á lista í fyrra þegar **Selma** söng If I Had Your Love en allir muna hvernig það fór og því spurning hvort fall sé fararheill.




**Velgengni Rúnars Rúnarsson** og stuttmyndar hans, Síðasti bærinn, heldur áfram en hún vann nýverið til aðalverðlauna á nýrri alþjóðlegri kvikmyndahátíð í München. Sigurinn er enn ein rósin í hnappagat Rúnars en hún var sem kunnugt er tilnefnd til Óskarsverðlauna. Rúnar stundar nám af kappi í danska kvikmyndaháskólanum og er að leggja drög að nýrri stuttmynd sem væntanlega verður tekin upp í sumar auk þess sem hann skrifar handrit að kvikmynd í fullri lengd.



**Í grein** sem birtist á þessum sama stað um helgina var því haldið fram að uppselt væri á töfrasýningar **Curtis Adams** sem fram fara í Austurbæ. Það er ekki rétt því enn eru til miðar á fjórðu sýninguna. Fólk sem hefur áhuga á rokki, töfrum og brjáluðum töfrabrögðum ætti að hafa hraðann á en miðarnir hafa gjörsamlega verið rifnir út. - fgg






Ertu „alltaf á leiðinni" í jóga ?

Vantar þig orku, einbeitingu, gleði og ró

KUNDALINI JÓGA

Orkugefandi - markvisst - umbreytandi

Þriðjudagar og fimmtudagar kl 18.35 - 19.50

Laugardagar kl 10-11.15 - Kripalujóga

Kennari Auður Bjarnadóttir

nánari upplýsingar á www.lotusjogasetur.is
og í síma 846 1970

Lótus jógasetur • Borgartúni 20


# Hilmir Snær verður mörgæs

Á fimmtudaginn kemur kvikmyndin Ferðalag mörgæsanna út á mynddiski á vegum kvikmyndadreifingarinnar Græna ljóssins. Þessi franska heimildarmynd hefur slegið í gegn um allan heim en hún segir sögu mörgæsa sem þurfa að standa af sér harðan vetur á Suðurskautslandinu. Myndin var sýnd í Háskólabíói og vakti óskipta athygli kvikmyndahúsagesta enda konfekt fyrir bæði auga og eyru en hún hlaut Óskarsverðlaun sem besta heimildarmyndin á þessu ári.

Franskt tal prýddi myndina á meðan hún var sýnd á hvíta tjaldinu en á mynddiskútgáfunni hefur verið lagt út í íslenska talsetningu og þar mun Hilmir Snær Guðnason lýsa aðstæðunum frá sjónarhóli mörgæsanna. Fetar hann þar með í fótspor Óskarsverðlaunahafans Morgans Freeman sem talaði inn á ensku útgáfuna en Hilmir ætti að þekkja dýralífsmyndir nokkuð vel enda hefur faðir hans Guðni Kolbeinsson verið þýðandi og þulur í ófáum náttúrulífsmyndum á RÚV.



**HILMIR SNÆR** Fetar í fótspor Morgans Freeman og föður síns, Guðna Kolbeinssonar, með því að tala inn á frönsku náttúrulífsmyndina Ferðalag mörgæsanna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Mynddiskurinn er stútfullur af aukaefni og má meðal annars sjá tvær heimildarmyndir eftir leikstjórann Luc Jaquet; Mörgæsir og menn og Háannatími á suðurheimskautinu. -fgg

# LAGERÚTSALA Skeifunni 7

## Vegna lagerflutninga bjóðum við 30-70% afslátt af völdum vörum.

Aðeins þriðjudag 4. apríl til miðvikudags 12. apríl. Virka daga frá kl. 13-18, laugardag frá kl. 11-16

### Í bústaðinn !

Crown heilsudýna með botni í hvítu eða brúnu leðurlook og Square Alu löppum.

**Verðdæmi 160x200 cm kr. 69.900,-**



### Teppasett

Teppi - pífa - púði og tvö koddaver
Verðdæmi Queen
Frá kr. 12.900,-





### Amerískir hægindastólar

Leður og tauefni.
Verð frá kr. 45.900,-



### Apple náttborð

Eik, vengi og ljóst beyki
Verð frá 19.900
Allt að 40% afsláttur.

### Gaflar

**Í miklu úrvali.**
**15-50% afsláttur**



### Stillanleg rúm!

Aeroflex stillanleg rúm með Tempur heilsudýnu á verði sem ekki hefur sést áður.





### 4Motion stillanleg rúm!

Hönnun í takt við tímann á stórlækkuðu verði.



### Spring Air

Verðdæmi - Never Turn:
Queen rúm 153x203 cm
99.000,- án gafls.

www.design.is © 2005




# ekki missa af þessu!!

## Aðeins þriðjudag 4. apríl til miðvikudags 12. apríl.

Virka daga frá kl. 13-18, laugardag frá kl. 11-16

**Betra BAK**

*Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is*
*Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16*

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









## BAKÞANKAR


ÞÓRHILDAR ELÍNAR ELÍNARDÓTTUR


# *Óværa*

Einn indælan morgun var enginn að flýta sér og leikskólabarnið svaf. Sem er óvenjulegt, yfirleitt erum við vakin í bítið við ýmsar kröfugerðir sem hin þriggja ára harðstýra finnur upp af miklu hugmyndaflugi. Litlu síðar vaknaði hún með blíðu brosi og mótmælti hvorki morgunverði né fatavali.

**ÞEGAR** ég greiddi gegnum lokkana hennar ljósu var í hársverðinum dálítið svart kusk. Ég mundaði greiðuna til að fjarlægja það en sá þá í sjónhendingu kuskið hreyfast. Þetta var furðulegur staður fyrir flugu. Flugu?

**ÞAÐ** tók mig nokkrar sekúndur að átta mig á ísköldum raunveruleikanum. Með stáltaugarnar spenntar seildist ég eftir flísatöng án þess að taka augun af kvikindinu sem iðaði í hári dóttur minnar. Þótt ég hefði ekki nokkurn tímann séð lús nema í martröðum mínum var ekki um að villast.

**TITRANDI** röddu skipaði ég fjölskyldunni að vera sallaróleg og brunaði sjálf í apótekið þar sem ég brotnaði veinandi saman fram á búðarborðið. Fékk áfallahjálp og lúsasjampó með þeim varnaðarorðum að lúsin væri kannski ónæm fyrir því. Það var mjög uppörvandi byrjun. Á leiðbeiningunum stóð að ekki mætti nota efnið á börn yngri en tveggja ára og konur með barn á brjósti ættu að þvo hárið með varúð. Þar sem ég er einmitt með pínulitla barnið mitt á brjósti var þessi lesning aukasjokk. Hvað ef hvítvoðungurinn hefði nú smitast af óværunni og hvernig í ósköpunum þvær maður sér um hárið með varúð?

**EFTIR** að hafa hringt í mömmu, systur mínar þrjár, leikskólastjórann og yfirlækninn á Barnaspítala Hringsins var ég orðin nógu hugrökk til að leita fleiri lúsa. Hver einasti haus á heimilinu var þaulkembdur frá austri til vesturs og til að gera langa sögu stutta varð lúsaleitin mitt aðalstarf næstu þrjár vikurnar. Allan tímann voru sængurnar okkar úti á svölum en önnur textílvara heimilisins í frystikistunni. Aðeins leikskólastúlkan reyndist hafa smitast svo samtals varð uppskeran þessi eina lúsamamma plús þrjú pínulítil lúsabörn og fjögur stykki nit.

**ÞAÐ** er fyrir ofan minn skilning að fyrst tekist hefur að útrýma svartadauða, kljúfa atóm og smíða geimskutlur skuli ekki vera hægt að bólusetja fyrir lús og málið er dautt.







